Erfiður tími að baki

Birgitta Jónsdóttir deilir sárri reynslu. Hvað gerðist bak við tjöldin hjá Pírötum? ➤ 28



Eigum ekki að líta á þetta sem fórn

Tinna Hallgrímsdóttir segir tækifæri búa í breytingum til varnar umhverfinu. ➤ 32



Skýrar línur í rekstri

Gagnagreining í rauntíma með Power BI

wise

FRÉTTABLAÐIÐ

219. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 6. NÓVEMBER 2021

Aldrei verið hamingjusamari

Söngvaranum Valdimar fannst hann fastur og var sannfærður um að ef hann gerði ekki ákveðnar breytingar yrði hann varla mikið lengur hér. Nú, nokkrum árum síðar, er Valdimar ástfanginn, nýbakaður faðir í glænýrri hljómsveit. ➤ 24

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Aftur grímuskylda

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Frá og með deginum í dag er aftur grímuskylda á Íslandi. Skylt er að vera með grímu innandyra þar sem ekki er hægt að tryggja eins metra nálægðarmörk milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum, einnig á viðburðum þar sem gestir sitja í bókuðum sætum.

Nálægðarmörk og grímuskylda á ekki við um börn fædd 2006 eða síðar. Starfsfólki sem veitir einstaklingsbundna þjónustu sem krefst nándar, til dæmis hárgreiðslu, er ekki skylt að bera grímu, grímuskylda er á viðskiptavinum.



Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Miðvikudaginn 10. nóvember taka gildi hertar sóttvarnareglur hérlendis sem fela meðal annars í sér 500 manna samkomutakmarkanir og styttri opnunartíma veitinga- og skemmtistaða, sem hafa þá heimild til að hafa opið til klukkan ellefu á kvöldin. ■

Vitnaleiðslum um WOW air hafnað

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL Þrír lykilstarfsmenn hjá flugfélaginu Play þurfa ekki að mæta í vitnaleiðslur fyrir dómi, eins og félag Michele Ballarin hafði krafðist. Vildi lögmaður Ballarin leiða þremenningana til vitnis vegna meints hvarfs flugrekstrarhandbóka úr þrotabúi WOW. Taldi hann þeim hafa verið stolið.

Dómarinn í Héraðsdómi Reykjaness segir í úrskurði að ekki sé skýrt í beiðni lögmanns Ballarin að hverjum dómsmál sem hann kynni að höfða, myndi beinast. Fyrir dómi hafi lögmaðurinn fullyrt að það væri af og frá að það yrðu þremenningarnir heldur yrði það vinnuveitandi þeirra, Fly Play.

„Allt að einu verður í ljósi þess sem fyrir liggur um málsatvik að telja að varnaraðilar [þremenningarnir] séu í þeirri aðstöðu að ekki sé loku fyrir það skotið, þrátt fyrir tilvitnaða yfirlýsingu, að þeir geti orðið aðilar að væntanlegu dómsmáli," segir dómarinn. ■

Stærsta Covid-bylgjan til þessa



Núverandi bylgja Covid-19 er sú stærsta til þessa á Íslandi. Þetta kom fram hjá Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni á upplýsingafundi almannavarna í gær. Á fundinum varaði Þórólfur við því að neyðarástand kunni að skapast á sjúkrahúsum landsins nema gripið verði til ráðstafana til að ná smitunum niður. Benti hann í því samhengi á stöðuna í Evrópuríkjum á borð við Rúmeníu. Landspítalinn var færður á hættustig í gær vegna fjölda smita. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Viðar í Eflingu líka í fjölmiðlafrí

bth@frettabladid.is


STÉTTARFÉLÖG Viðar Þorsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Eflingu, segist kominn í fjölmiðlafrí.

Viðar slæst í hópinn með Sólveigu Önnu Jónsdóttur, fyrrverandi formanninn Eflingar, sem hefur ekki veitt fjölmiðlum viðtöl eftir að hún sagði af sér í vikunni. Viðar sagði starfi sínu lausu degi síðar.

RÚV hefur greint frá bréfum frá starfsfólki Eflingar þar sem mest óánægja er sögð með stjórnunarhætti Viðars. Er nefnt sem dæmi að hann hafi sagt upp starfsmanni, rúmföstum í öndunarerfiðleikum vegna Covid.

Þegar leitað var viðbragða Viðars kvaðst hann kominn í fjölmiðlafrí.

Sólveig Anna hefur eingöngu tjáð sig opinberlega á Facebook eftir að hún sagði af sér. ■



Kynbundið ofbeldi gæti verið orsök heimilisleysis

Samkvæmt nýrri greinargerð eftir Kristínu I. Pálsdóttur hafa margar konur sem dvelja í neyðarskýlum misst trú á réttarkerfinu og leita því ekki réttar síns í gegnum dómskerfið. Endurmeta verði þjónustuna í samræmi við nýja þekkingu og áherslur.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Mikilvægt er að hafa í huga að konur sem lenda í heimilisleysi eru fjórum sinnum líklegri en aðrar konur til að hafa upplifað ofbeldi í nánum samböndum og að heimilisleysi er oft bein afleiðing af því," segir í greinargerð um heimilislausar konur og ofbeldi.

Greinargerðin er unnin af Kristínu I. Pálsdóttur, framkvæmdastjóra Rótarinnar, félags um velferð og lífsgæði kvenna.

Í greinargerðinni sem kynnt var á fundi ofbeldisvarnarnefndar segir að konur sem leita í Konukot, neyðarskýli fyrir húsnæðislausar konur, hafi flestar átt erfiða ævi, orðið fyrir áföllum í lífinu og að margar þeirra eigi einnig við geðræn vandamál að stríða.

Þá segir að bakland kvennanna sé lélegt og að flestar þeirra neyti áfengis og /eða vímuefna. Heimilisleysi kvenna sé mannréttindabrot og rétturinn til fullnægjandi húsnæðis sé viðurkennd mannréttindi.

„Ofbeldi í nánum samböndum er það mannréttindabrot sem konur verða oftast fyrir og algengasta ástæðan fyrir heimilisleysi kvenna," segir í greinargerðinni.

„Í fáum hópum kvenna er að finna hærra hlutfall þolenda kynbundinnar áreitni, ofbeldis og þess valdaleysis sem hlýst af mismunun kynjanna, en á meðal kvenna með vímuefnavanda," segir áfram í greinargerðinni. Vankantar séu á



Engir karlar fá að koma inn í Konukot. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Halldóra R. Guðmundsdóttir, forstöðukona Konukots

ofbeldis- og kynferðisbrotakærum sem venjulega kærist sjálfkrafa í heimilisofbeldismálum. Gestir neyðarskýla og þau sem séu heimilislaus njóti ekki þeirra réttinda, jafnvel þó að maki þeirra sé gerandi.

„Konurnar þurfa því að kæra sjálfar og taka þá áhættu sem því fylgir. Þær konur sem dvelja í neyðarskýli hafa oft misst trú á „kerfinu" og sjá það ekki sem farveg fyrir réttlæti sér til handa og því er það mjög sjaldgæft að konur í þessari stöðu leiti réttar síns í gegnum dómskerfið."

Halldóra R. Guðmundsdóttir, forstöðukona Konukots, segist þekkja vel hversu óalgengt það sé að konurnar í Konukoti leiti réttar síns. Engir karlar fái að koma inn í

Konur sem leita í Konukot, neyðarskýli fyrir húsnæðislausar konur, hafa flestar átt erfiða ævi og orðið fyrir áföllum í lífinu.

Konukot svo að þar hafi „heimilisofbeldismál" ekki komið upp, það hafi þó gerst á lóðinni.

Í greinargerðinni segir að endurmeta þurfi þjónustu við þann hóp sem sæki Konukot og önnur úrræði fyrir heimilislausa í samræmi við nýjustu þekkingu og áherslur um mannréttindi og skaðaminnkun.

„Við vitum að hjúkrunarheimili er á dagskrá fyrir þennan hóp, en að okkar mati vantar einnig öryggisneyðarskýli, sem dómsmálaráðuneyti kæmi að rekstrinum á, og kvennaathvarf fyrir konur með vímuefnavanda." ■

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG



Húsasmiðju appið

GET IT ON Google Play

Available on the App Store

Náðu í Húsasmiðjuappið hér

Stóra

SERÍU HELGIN

laugardag og sunnudag

20%

afsláttur af öllum jólaseríum og jólaljósum

Skoðaðu jólaljósin í vefverslun



Aðgerðaáætlunin er unnin af ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kynntu aðgerðir gegn ofbeldi

birnadrofn@frettabladid.is

REYKJAVÍK Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi var lögð fram á síðasta fundi ofbeldisvarnanefndar þar sem samþykkt var að kynna áætlunina á vefnum Betri Reykjavík og kalla eftir ábendingum. Frestur til að skila inn umsögnum eða ábendingum er til og með 19. nóvember næstkomandi.

Aðgerðaáætlunin er unnin af ofbeldisvarnanefndinni og samkvæmt upplýsingum á vef borgarinnar er hún sett fram til að fá „yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi."

Þá er henni einnig ætlað að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru séu framkvæmd.

Í drögum að áætluninni eru tilgreindar 32 aðgerðir sem snúa meðal annars að barnavernd, vændi og mansali og samstarfi til eflingar öryggis á skemmtistöðum. ■

Fleiri smærri launagreiðendur

birnadrofn@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR Launagreiðendum sem skráðir eru í viðskiptahagkerfið hér á landi fjölgaði um 501 frá því í september 2019 þar til í september á þessu ári. Nú eru skráðir launagreiðendur 15.477 talsins.

Launagreiðendum með í það minnsta fimmtíu launþega fækkaði um nítján talsins á umræddu tímabili, en á sama tíma fjölgaði launagreiðendum með færri en tíu launþega um 524. Í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð fjölgaði launagreiðendum um 200, eða tæp sjö prósent.

Launagreiðendum í ferðaþjónustu fjölgaði um 15,6 prósent á milli ára og voru í september á þessu ári 534 talsins. ■

Hundrað milljónir horfa á úrslitaleik í Reykjavík

kristinnpall@frettabladid.is

RAFÍÞRÓTTIR Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasamtakanna, áætlar að rúmlega hundrað milljónir manna fylgist með úrslitaleiknum í World Championship í tölvuleiknum League of Legends, sem fer fram í Laugardalshöll um helgina. Með því lýkur dvöl rafíþróttaliða sem hafa undanfarinn mánuð verið á Íslandi og keppt í stærsta móti ársins í einum vinsælasta tölvuleik heims. Í úrslitaleiknum mætast kínverska liðið EDward Gaming og DAMWON Gaming frá Suður-Kóreu og verður sýnt frá leiknum á nítján mismunandi tungumálum víðs vegar um heiminn.

Ólafur segir að síðustu ár hafi yfirleitt rúmlega hundrað milljónir manna fylgst með úrslitaleiknum og sé því hægt að búast við sambærilegum áhorfendafjölda í ár. Þá sé von á athöfn í borgum í Kína og Suður-Kóreu í tengslum við úrslitaleikinn þar sem fólk komi saman til að fylgjast með úrslitaleiknum. ■



Á keppnisstað í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ráðherrar sammála um að mikill skortur á íbúðum sé alvarlegur vandi

Reykjavík þurfi að brjóta nýtt land en þétta líka áfram byggð. Opnun Mannvirkjaskrár til bóta.

bth@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Fréttablaðið greindi frá því í gær að fasteignasalar á höfuðborgarsvæðinu hefðu aldrei séð eins fáar íbúðir til sölu. Þær eru sjöfalt færri en um mitt ár í fyrra, hlaupa á örfáum hundruðum.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, telur að íbúðaskorturinn sé eitt dæmi um að þörf sé á sameiningu málaflokka húsnæðismála undir einn hatt.

„Ja, klárlega skortir yfirsýn," segir Sigurður Ingi. „Það skortir samtal milli skipulags og bygginga. Ein leið til þess gæti verið að koma yfirstjórn á einn stað."

Mannvirkjaskrá sem var opnuð í gær, rafrænn gagnagrunnur, er dæmi um mikilvæga úrbót, að sögn Sigurðar Inga. Í nýju gáttinni verði meðal annars hægt að fylgjast með einstökum eignum, sveitarfélögum, eftirliti og byggingartíma. Óheppilegt sé að einn málaflokkur, húsnæðismál, hafi dreifst á tvö til fjögur ráðuneyti.

„Þetta er vandamál og afleiðingarnar geta orðið alvarlegar eins og við sjáum núna í íbúðamálunum," segir Sigurður Ingi. „En það má ekki gleyma að í kringum höfuðborgina er mikil uppbygging."

Fasteignaverð þýtur upp á sama tíma og lítið er að hafa fyrir þá sem leita að húsnæði til kaups. Sigurður Ingi er ekki eini ráðherrann sem hefur áhyggjur af stöðunni.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, var viðstaddur opnun Mannvirkjaskrár. „Sú uppbygging sem þarf að fara fram á suðvesturhorninu er gríðarleg," segir hann.



Frá opnun Mannvirkjaskrár í gær. Í skránni verður hægt að skoða fjölda íbúða í byggingu eftir byggingarstigi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það skortir samtal milli skipulags og bygginga. Ein leið til þess gæti verið að koma yfirstjórn á einn stað.



Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra



Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Skortur á íbúðum hafi vegna verðhækkana og húsnæðiseklu aukið byggð í nálægum sveitarfélögum á suðvesturhorninu. Borgin þurfi að vinna að tveimur leiðum samtímis.

„Það er bæði hægt að þétta byggð og skipuleggja ný svæði," segir Ásmundur Einar. „Önnur sveitarfélög í kringum Reykjavík hafa brotið land og það þarf líka að gera það í Reykjavík."

Sigurður Hannesson hjá Samtökum iðnaðarins segir að hraða þurfi skipulagsmálum hjá sveitarfélögum, gefa út fleiri leyfi og koma fleiri verkefnum af stað.

„Auðvitað stendur það atvinnulífi fyrir þrifum ef allir hafa ekki þak yfir höfuðið," segir Sigurður.

Bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Kjartan Már Kjartansson, segir að allt húsnæði seljist nú í Reykjanesbæ um leið og það komi á markað. Sama á við um mörg sveitarfélög víða um land þótt suðvesturhornið sé heitast.

Ein ástæða húsnæðiseklunnar er, að sögn Kjartans, sú að margir innflytjendur hafi áður búið í ósamþykktu og óviðunandi húsnæði. Nú séu þeir vonandi flestir komnir í betra skjól.


Kjartan segir það sína skoðun að sveitarfélögum beri skylda til að útvega þeim sem vilji búa innan þeirra nægt húsnæði. ■



NÝR TOYOTA YARIS CROSS HYBRID

STÓRCROSSLEGUR

KOMDU OG REYNSLUAKTU



Yaris Cross Hybrid verð frá: 5.080.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

7 3-4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Í Víðistaðakirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tíu milljónir til að bjarga verki Baltasars

kristinnpall@frettabladid.is

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum í vikunni að veita Víðistaðakirkju fjárstyrk upp á tíu milljónir króna til þess að ráðast í nauðsynlegt viðhald á þaki og gluggum kirkjunnar. Vegna ástandsins liggur hið víðfræga freskuverk eftir Baltasar Samper undir skemmdum.

Sama mál kom upp fyrir fimm árum síðan þegar Hafnafjarðarbær samþykkti að veita 2,5 milljónir króna, tífalt meira en áður hafði verið samþykkt, til viðgerða vegna þakleka.

Frá vígslu Víðistaðakirkju hafa freskumyndirnar verið stórt kennileiti kirkjunnar eftir því sem kemur fram á heimasíðu hennar. ■

Matvöruverð hækkar enn á ný

kristinnpall@frettabladid.is

VERÐLAGSMÁL Verð á matvörum á heimsvísu hækkaði þriðja mánuðinn í röð og hefur ekki verið hærra síðan í júlí árið 2011. Alls var hækkunin tæplega þrjú prósent og kemur helst niður á tekjulægri heimilum.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Í skýrslunni kemur fram að heimsmarkaðsverð á mat, orku og öðrum nauðsynjavörum hafi hækkað það sem af er ári vegna áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins. Það komi meðal annars niður á matvælaiðnaðinum með hækkandi orkuverði og minni uppskeru. Meðal þess sem hækkaði í verði var morgunkorn, hveiti, maís, hrísgrjón og grænmetisolía sem hækkaði um 9,6 prósent, mest allra matvæla. Á sama tíma lækkaði verðið á kjötvörum í októbermánuði, og sykri. ■

Ásmundur Einar verst svara um eigin framtíð

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Félags- og barnamálaráðherra segir erfitt að mynda nýja ríkisstjórn fyrr en niðurstaða er fengin um alþingiskosningarnar í Norðvesturkjördæmi.

„Formenn flokkanna hafa haldið utan um þessar stjórnarmyndunarviðræður og þeir hafa haldið þessu nálægt sér, sem er gott upp á traust þeirra á millum. Samt hafa þeir líka að einhverju leyti upplýst okkur," segir Ásmundur Einar Daðason.

„Ég bíð eins og aðrir spenntur eftir að sjá hvað kemur út úr viðræðunum. Ég treysti mínum formanni vel til að leiða þau mál til lykta."

Ásmundur Einar vann kosningasigur fyrir Framsóknarflokkinn í Reykjavík og hefur skorað hátt í vinsældamælingum. Verður hann áfram ráðherra?

„Við skulum sjá til. Ef ný ríkisstjórn verður til í næstu viku kemur það í ljós."



Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra


En telur hann hægt að mynda ríkisstjórn á meðan staðan í Norðvesturkjördæmi er óljós?

„Nei, ég held að það sé mikilvægt að fá úr því skorið hverjir eru raunverulegir þingmenn og það er beðið eftir því. Á meðan sinnum við okkar störfum en vonandi kemur svo að því í næstu viku að við sjáum næstu skref í þessu," segir ráðherrann. ■

Erfiðasta fjárhagsáætlanagerð sem fólk hafi farið í gegnum

Eftir lélegt ár hjá sveitarfélögum árið 2020 versnaði staðan til muna árið 2021 og stefnir í enn þá verra ár 2022. Fjárhagsáætlanagerð er í fullum gangi en slík plögg hafa verið hálf marklaus í faraldrinum. Kjarasamningagerð og samningar við ríkið eru fram undan.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Dýrar rekstrareiningar eins og hjúkrunarheimili hafa verið bitbein undanfarin misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

STJÓRNSÝSLA Fjárhagsáætlanagerð er í gangi og sveitarfélögin sjá áfram fram á erfiða tíma. Einkum vegna launahækkana sem og dýrra málaflokka á borð við málefni fatlaðs fólks og rekstur hjúkrunarheimila. Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2020 urðu marklaus plögg eftir að faraldurinn skall á og fjárhagsáætlanagerðin fyrir þetta ár reyndist afar strembin.

„Það er fyrirsjáanlegur halli hjá sveitarfélögunum á næsta ári miðað við þær vísbendingar sem við höfum. Hljóðið er býsna þungt í mönnum og okkur er sagt að þetta sé erfiðasta fjárhagsáætlanagerð sem fólk hafi farið í gegnum," segir Sigurður Snævarr, hagfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þegar eru komnar fram áætlanir í Reykjavík og Garðabæ, en sambandið hefur heyrt í sveitarstjórnarfólki víða um land vegna þessa.

Sigurður segir árið 2021 eitt af slökustu árunum síðan 2002, þegar nýtt fyrirkomulag reikningshalds var tekið upp. En það hafi verið skárra en búast mætti við, aðallega vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að örva efnahagslífið.

Halli var 2,4 prósent af tekjum árið 2020 og 5,8 árið 2021. Árið 2019 var skuldahlutfall af tekjum 80,5 prósent, 84,9 prósent ári seinna, en 102,6 prósent í ár. Enda hafa sveitarfélögin almennt frekar tekið lán en að skerða þjónustuna eða fresta framkvæmdum.

> Þetta er að reynast sveitarfélögunum gríðarlega dýrt.



Sigurður Snævarr, hagfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sigurður segir launahækkanir hafi litað þróunina og étið upp þá tekjuaukningu sem orðið hafi. „Í Lífskjarasamningunum var mikil áhersla lögð á að hækka lægstu launin. Settar voru á krónutöluhækkanir í stað hlutfallslegra hækkana. Þetta er að reynast sveitarfélögunum gríðarlega dýrt," segir hann.

Þetta eigi einkum við næsta ár, en hækkunin fyrstu sex mánuði 2022 miðað við 2021 verður 16,2 prósent hjá sveitarfélögum, miðað við 12,1 hjá ríkinu og 7,2 á almennum markaði. Lífskjarasamningarnir renna út um þarnæstu áramót og sveitarfélagasamningar flestir í mars 2023. Stóra verkefnið núna eru samningar við kennara, sem eru lausir um áramót og eru „stór biti fyrir sveitarfélögin", að sögn Sigurðar.

Kjaramál eru þó ekki einu stóru áskoranirnar sem sveitarfélögin standa frammi fyrir. Dýrar rekstrareiningar eins og málefni fatlaðs fólks og hjúkrunarheimili hafa verið bitbein undanfarin misseri. Samningaviðræður um daggjöld hjúkrunarheimila eru að hefjast og nefnd um kostnað málefna fatlaðra á að skila niðurstöðum öðrum hvorum megin við áramót.

Sigurður segir stjórnvöld hafa sæmilegan skilning á þeirri stöðu sem sveitarfélögin eru í. Það sem reyni á sé viljinn til lagfæringar í einstökum málaflokkum. ■

Mikilvægt neyðarkall til þín!

Tökum vel á móti sjálfboðaliðum næstu daga, svörum neyðarkallinu og stuðlum þannig að eigin öryggi.



AIWAYS

FORSÝNUM NÝJAN 100% RAFKNÚINN LÚXUS JEPPLING,

LAUGARDAGINN 6. NÓVEMBER FRÁ KL. 12-16

AIWAYS U5 ER Á FRÁBÆRU VERÐI,

FRÁ KR. 5.190.000





SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN
OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN 100% RAFKNÚINN AiWAYS U5.
LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI!

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf





Farið yfir hámarksrefsingu

Lögmaður segir að farið hafi verið fram úr hámarksfangelsisrefsingu þegar maður var dæmdur til langrar fangelsisvistar fyrir ítrekaðan akstur eftir sviptingu ökuréttar.

arib@frettabladid.is



Lausleg talning sýnir að Kristján hafi sautján sinnum verið refsað fyrir umferðarlagabrot á tuttugu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

DÓMSMÁL Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður segir að farið hafi verið fram úr hámarksrefsingu þegar Kristján Már Guðnason var dæmdur í fangelsi fyrir að aka sviptur ökuréttindum.

Líkt og sagði frá í blaðinu í gær var Kristján Már dæmdur í 15 mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að aka sviptur ökuréttindum. Hann varði sig sjálfur. Brotin áttu sér stað áður en dómur féll í Landsrétti fyrir sams konar umferðarlagabrot, þar sem Kristján var líka dæmdur í 15 mánaða óskilorðsbundið fangelsi.

Gunnar Ingi segir að Kristjáni hafi verið dæmdur hegningarauki í hinum nýja dómi héraðsdóms. Vart sé hægt að lesa dóminn öðruvísi en að 15 mánuðirnir í héraðsdómi bætist sem hegningarauki við það 15 mánaða fangelsi sem Kristján var dæmdur í í Landsrétti fyrir þremur vikum.

„Í dómi Héraðsdóms Suðurlands er vísað í þann dóm og bent á að þau brot sem hann er sakfelldur fyrir séu framin fyrir dóm Landsréttar og því eigi að dæma honum hegningarauka. Hegningarauki er sérstakt ákvæði í almennum hegningarlögum sem segir að ef verið er að dæma mann í öðru máli, sem er framið fyrir uppkvaðningu annars dóms, eigi að dæma honum refsingu eins og málin hefðu verið dæmd saman, þá er bætt við refsinguna," segir Gunnar Ingi.

„Ég er ekki viss um að, ef þessi mál hefðu verið dæmd saman í fyrra málinu, hann hefði fengið tveggja og hálfs árs óskilorðsbundið fangelsi fyrir sviptingarakstur. Hámarksfangelsi við sviptingarakstri er samkvæmt umferðarlögum tvö ár. Það er ekki hægt að sjá annað en að farið hafi verið fram úr hámarksfangelsisrefsingu fyrir brot af þessu tagi."

> Það er útilokað fyrir almenna borgara að vita hvaða refsingu þeir gætu átt von á samkvæmt dómvenju.



Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður

Gunnar Ingi segir þetta einnig varhugavert þar sem dæmt sé samkvæmt dómvenjum. „Dómvenja er ógagnsætt fyrirkomulag, það er útilokað fyrir almenna borgara að vita hvaða refsingu þeir gætu átt von á samkvæmt dómvenju. Það er hægt að fletta upp almennum hegningarlögum, en ekki dómvenjum."

Kristján hyggst áfrýja dómnum, nú með hjálp lögfræðings.

„Ef hann vill ekki sitja 30 mánuði í fangelsi þá hlýtur hann að vilja fá álit Landsréttar á því hvort hann hefði fengið 30 mánaða óskilorðsbundið fangelsi ef það hefði verið dæmt fyrir öll þessi brot í einu lagi og hvort það sé innan marka laga," segir Gunnar Ingi. ■



Ásinn gerði útslagið í æsispennandi spiladrætti um lóðir í Grindavík

benediktboas@frettabladid.is

GRINDAVÍK „Það var alveg spenna í loftinu þegar lóðin var tilkynnt og fólk fór að standa upp til að draga spil," segir Atli Geir Júlíusson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur, en 27 umsóknir bárust um sjö lausar lóðir sem bærinn úthlutaði í Víðigerði.

Vegna fjöldans var dregið um hæsta spilið og fékk sá lóðina sem dró það hæsta. Ásinn var hæstur.

„Eignarhaldsfélagið Normi dró níu, Grindin dró fimmu, Einherjar ehf. drógu drottningu, HK verk ehf. dró ás og H.H. Smíði ehf. dró sexu," segir í fundargerðinni, sem lýsir útdrættinum eins og um íþróttakappleik sé að ræða. Enda voru spilin sem notuð voru til að draga um lóðirnar fornfrægur stokkur, gefinn út 2002 af íþróttahetjum bæjarins.

„Þetta eru merkilegar myndir af merkilegum íþróttahetjum. Helgi Jónas Guðfinnsson, Ólafur Örn Bjarnason, Scott Ramsey og Páll Axel Vilbergsson, svo nokkrir séu nefndir," segir Atli.

Þegar verktakar höfðu dregið spil sýndu þeir byggingarfulltrúa og lögfræðingi sviðsins spilið áður en haldið var aftur til sætis. „Einhvern veginn verðum við að útdeilda lóðunum," segir Atli. „Sumir voru að draga kóng og héldu að lóðin væri kominn í hús en svo dró sá næsti ás. Þetta var alveg smá spenna." Það gerðist í úthlutun um Víðigerði 29-31 þar sem Guðmundur Ragnar Ragnarsson dró drottningu, Grindin dró kóng en Eignarhaldsfélagið Normi dró ás.



Spilin sem notuð voru við lóðaúthlutun í Grindavík og verða líklegalega notuð við úthlutun í desember.



Atli Geir Júlíusson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur

Atli segir að áhuginn á lóðunum hafi ekkert endilega komið sér á óvart, enda Grindavík mikil paradís fyrir börn og fullorðna. Stefnt er að úthlutun í desember á 77 lóðum í svokölluðu Hlíðahverfi og býst Atli alveg við álíka stuði og stemningu við þann útdrátt – þar sem aftur verður notast við spilin góðu.

„Það verður vonandi úthlutað í desember og þetta gefur góð fyrirheit. Ég er mjög spenntur að fara að úthluta fleiri lóðum. Þetta var mjög skemmtilegt enda fjölmennt og góðmennt," segir Atli Geir Júlíusson.■

© Inter IKEA Systems B.V. 2021



Nýtt
VÄSTKUSTROS
sængurverasett
B150×L200cm
4.990,-



OSYNLIG
ilmkerti í krukku
Ø7m **995,-/stk.**



Nýtt
VALLASÅN handklæði
B70×L140cm **1.290,-**



5.990,-
KLUBBSPORRE heilsukoddi



VÅRELD rúmteppi
B150×L250cm **4.990,-**



Nýtt
KYRRE
kollur
1.990,-

Gefðu þér afslappaða aðventu

Langar þig að klára jólagjafakaupin snemma í ár? Taktu af skarið og veldu hlýlegar gjafir sem flestir kunna að meta eins og fallegt sængurverasett, ilmandi kerti eða notalegan baðslopp fyrir dekurdaga. Hjá okkur finnur þú frábært úrval af gjafavörum fyrir nautnaseggin, fagurkerann og ástríðukokkinn – allt á einum stað!



RASTÄLVEN sloppur
5.790,-



BILD veggspjöld
B50×L70cm
1.990,-/3 í setti





ENKELSPÅRIG
vatnsflaska
695,-

Nýtt
995,-
HALVVARM matarílát
með loki og skilrúmi



TONSÄTTA
blómavasi
2.990,-



Nýtt **GURLI**
púðaver
595,-

Nýtt
1.690,-
GRADVIS blómavasi

Nýtt
3.290,-
SAMMETSBLAD sængurverasett B150×L200cm



Nýtt **ARTISTISK**
skurðarbretti **4.990,-**



Nýtt
BEHJÄRTAD ilmkerti
í krukku Ø10cm **895,-**



HANDSKALAD
skraut, hönd
1.690,-

Nýtt **STORTIMJAN**
púðaver **1.290,-**



Nýtt
FÄRGKLAR
borðbúnaður
8.990,-/24 í setti



ERTAPPAD
diskur **1.690,-**



Nýtt
SYMFONISK myndarammi
með WiFi-hátalara **29.950,-**

Gjafakort í IKEA er frábær gjöf handa vinum og vandamönnum.
Nánar á IKEA.is



Verslun opin 11-20 alla daga
Skoðaðu alla afgreiðslutíma á IKEA.is

Yfirlýsingar Guðjóns ekki Kristjáni að kenna

Settur ríkislögmaður telur drátt á því að Guðjón Skarphéðinsson dró framburð sinn í Geirfinnsmáli til baka mögulega hafa átt þátt í að sakborningar voru sakfelldir í málunum.

adalheidur@frettabladid.is

GEIRFINNSMÁL Aðalmeðferð í þremur bótamálum vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála fór fram í Landsrétti fyrir helgi. Í þeim gera Guðjón Skarphéðinsson og dánarbú Kristjáns Viðars Júlíussonar og Tryggva Rúnars Leifssonar kröfur um samtals 4,6 milljarða á hendur ríkinu. Þeir hafa áður fengið greiddar samtals um 500 milljónir í bætur.

Málflutningur hverfðist að mestu um hvort eigin sök bótakrefjenda væri fyrir hendi og hvort hún ætti að hafa áhrif á bótarétt þeirra sem sýknaðir voru í Hæstarétti 2018.

Andri Árnason, settur ríkislögmaður, lagði áherslu á að sögusagnir eða sögur um hvarf Geirfinns hefðu komið fram mjög fljótlega við skýrslutökur af sakborningum. Því hefði hin langa eingangrunarvist og önnur meðferð á sakborningunum ekki áhrif á bótagrundvöllinn.

„Þessi skýrslugjöf í málinu hafði veruleg áhrif á framvinduna og það hefur, samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar, bein áhrif á bótafjárhæðina," sagði hann. Stefnendur hefðu sjálfir með skýrslum sínum stuðlað að röngum dómum.



Janúar 1980, Guðmundar- og Geirfinnsmál tekin fyrir í Hæstarétti. Einn sakborninga stígur út úr lögreglubíl.

> Það var ekki umbjóðandi minn sem leiddi lögregluna á villigötur, það var lögreglan sem leiddi hann á villligötur.



Ragnar Aðalsteinsson lögmaður

Dómkröfur á hendur ríkinu:

Guðjón Skarphéðinsson	1.305.780.170 kr.
Dánarbú Tryggva Rúnars Leifssonar	1.644.672.833 kr.
Dánarbú Kristjáns Viðars Júlíussonar	1.654.854.720 kr.

Þá gat hann þess að Guðjón Skarphéðinsson hefði ekki dregið framburð sinn til baka í málinu fyrr en 13 árum eftir að dómur var kveðinn upp árið 1980. Með því hefði hann ef til vill átt þátt í því að sakborningarnir voru ekki sýknaðir í upphafi.

Þessu mótmæltu lögmenn stefnenda. „Það var ekki umbjóðandi minn sem leiddi lögregluna á villigötur, það var lögreglan sem leiddi hann á villligötur," sagði Ragnar Aðalsteinsson, fyrir hönd Guðjóns Skarphéðinssonar.

Halldór Kristján Þorsteinsson, sem flutti mál dánarbús Kristjáns Viðars Júlíussonar, sem prófmál, leitaðist við að setja í samhengi hugmyndir setts ríkislögmanns um eigin sök Kristjáns Viðars; að hann hefði átt sök á því með einhverjum sögum í upphafi að Guðjón hefði verið dreginn inn í málið. Guðjón hefði hins vegar borið ábyrgð á því að allir hefðu ekki verið sýknaðir, af því hann dró ekki framburði sína til baka fyrr en löngu síðar.

„Þegar maður metur þetta svona er eins og um sameiginlega eigin sök sakborninga í þessu máli sé að ræða, þar sem hlutur hvers sakbornings í sakfellingu annars á að hafa leitt til þess að hver um sig hafi sýnt eigin sök, sem á að hafa valdið rangri sakfellingu. Þetta stenst að sjálfsögðu ekki skoðun," sagði Halldór og gat þess að jafnvel þótt yfirlýsignar Guðjóns hefðu haft áhrif á niðurstöðu dómsins 1980, hefði það ekki verið Kristjáni Viðari að kenna og ætti ekki að hafa áhrif á bætur til hans.

Þá var einnig að nokkru tekist á um hvort kröfurnar væru fyrndar. Lögmenn bótakrefjenda vilja miða við það tímamark þegar sýknudómur var kveðinn upp, en að mati ríkislögmanns hefðu stefnendur getað sótt bótamál mun fyrr og án tillits til sýknudóms, þar sem ill meðferð væri alltaf ólögmæt, óháð sekt eða sýknu. Stefnendur lögðu hins vegar áherslu á að hin ólögmæta málsmeðferð frá öndverðu hefði valdið því að rangur dómur var kveðinn upp í málinu.

Dóms í málinu er að vænta í næsta mánuði. ■





lyngen Gore-Tex skel dömu/herra kr. 71.990



lyngen down850 dúnúlpa dömu/herra kr. 63.990



lyngen alpha90 millilag dömu/herra kr. 19.990



lyngen flex1 buxur dömu/herra kr. 37.990



lyngen 35L fjallaskíðapoki kr. 30.990



lyngen Gore-Tex Infinium hanskar kr. 13.990

PELOTON

Klettagarðar 23 • www.peloton.is

Recharge yourself

Velkomin um borð!

MG MARVEL R PERFORMANCE
Frumsýning í dag frá 12–16

Fágaður
Greindur
Vel tengdur

Velkomin í rými sem getur orðið þitt eigið. Þar sem hönnunin tekur mið af framtíðinni og tilveran er kraftmikil og traust. Við bjóðum þér MG Pilot með öryggi í fremstu röð, áreiðanleika og 370 km* WLTP drægni. Við færum þér hugmyndaheim hönnunar sem snýr tæknihliðinni inn og mannlegu hliðinni út. Velkomin í 100% rafknúinn akstur án útblásturs. Velkomin í heim frelsis og ævintýra.

MG MARVEL R PERFORMANCE
100% rafdrifinn, fjórhjóladrifinn, 7 ára ábyrgð!
Verð frá: 6.999.000 kr.

mgmotor.is

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægni rafbíla. ENNEMM / SÍA / NM×××××

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Portúgalar lögleiða líknardráp í annað sinn

thorgrimur@frettabladid.is



Portúgalska þingið kaus um nýtt frumvarp til að heimila líknardráp í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

PORTÚGAL Portúgalska þingið samþykkti í gær frumvarp að lögum sem eiga að heimila líknardráp í landinu. Þetta er í annað skiptið á árinu sem frumvarp þess efnis hefur verið samþykkt á þinginu. Þingið lögleiddi líknardráp upphaflega í janúar síðastliðnum, en stjórnlagadómstóll Portúgals komst að þeirri niðurstöðu að lögin samrýmdust ekki stjórnarskrá. Í nýrri útgáfu laganna er tekið fram að heimilt sé að beita líknardrápi ef um er að ræða alvarleg meiðsli sem valda því að sjúklingur þarfnist aðstoðarmanns eða vélar til að takast á við dagleg verkefni og ekki sé von um bót eða bata.

Lögin bíða enn undirskriftar Marcelo Rebelo de Sousa forseta, sem vitað er að hefur verið tregur til að staðfesta lögin og gæti aftur vísað þeim til stjórnlagadómstóls. Áætlað er að þing verði rofið á næstunni og efnt til nýrra kosninga í janúar eftir að vinstriflokkar felldu fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Flokkarnir hafa sætt gagnrýni fyrir að samþykkja líknardrápsfrumvarpið, en ekki fjárlögin. ■



Konur hlaupa um með ósýnilegan bakpoka á sér

Formaður jafnréttisnefndar Evrópuþingsins, Evelyn Regner, er hér á landi til að afla upplýsinga um kynjajafnrétti á Íslandi og aðgerðir Íslendinga. Hún segir að leiðin að jafnrétti sé löng og erfið en að það megi ekki gefast upp.

lovisa@frettabladid.is



Evelyn segir að vörumerki Íslands séu jafnrétti og náttúra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JAFNRÉTTI Formaður jafnréttisnefndar Evrópuþingsins, Evelyn Regner, segir að það sé hægt að læra margt af Íslendingum þegar kemur að jafnrétti kynjanna en að það verði að gæta að bleikþvotti hér á landi og að jafnrétti þýði ekki einungis kynjajafnrétti.

Evelyn er hér á landi til að afla upplýsinga um aðgerðir Íslendinga til að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði, en nefnd hennar fjallar nú um nýja tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um launagagnsæi.

Er launajafnrétti draumur eða markmið sem við munum ná?

„Auðvitað munum við ná því en það verður að taka það fram að það er erfið vinna. Það er ekkert sjálfsagt og allir þeir áfangar sem við höfum þegar náð, sem konur hafa í fortíðinni barist fyrir, er ekki eitthvað sem sjálfgefið er að haldi sér. Það þarf að viðhalda því alla daga og það þarf að þróa það áfram og það er það sem við erum að gera núna," segir Evelyn.

Hún segir að í drögunum að tilskipun framkvæmdastjórnarinnar sé fjallað um mikilvægi þess að safna gögnum og tölum, en ítrekar að það sé ekki markmiðið sjálft, markmiðið er launajafnrétti, en gögnin eru leið að markmiðinu.

Evelyn segir að það sem þau séu alltaf að læra meira um sé um raunverulegt virði vinnunnar, bæði launaðrar vinnu og ólaunaðrar vinnu.

„Ólaunuð vinna er ástæðan fyrir því að konur hlaupa um með ósýnilegan bakpoka á bakinu í gegnum lífið. Það er erfitt að komast áfram þannig," segir Evelyn.

Hún segir að málið sé þó flókið að því leyti að lög og bindandi aðgerðir,



Evelyn Regner, formaður jafnréttisnefndar Evrópuþingsins

þó nauðsynlegar, séu ekki nóg, því ef það á að nást jafnrétti í þessum skilningi verði allir að vera sammála um það og stefna þangað og að aðgerðirnar verði að vera einfaldar og tímasettar.

Af hverju ertu á Íslandi? Erum við góð fyrirmynd?

„Kynjajafnrétti og Ísland eru samofin. Þetta er vörumerki Íslands, félagslega og stjórnmálalega. Það er náttúran og eldfjöll og svo kynjajafnrétti. Það er svo gott að geta komið hingað og lært af fólki hér," segir Evelyn, en í heimsókn sinni hefur hún hitt ráðherra, alþingismenn, fólk frá einkareknum fyrirtækjum og verkalýðsforystu auk þess sem hún hefur hitt forsvarsfólk félagasamtaka. Þá hitti Evelyn Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta.

„Það sem við höfum lært er að kynjajafnrétti er vörumerkið, en að við verðum að verða meðvituð um „bleikþvott" [e. pink washing]. Það er frábært að segja að kynjajafnrétti sé vörumerki Íslands, en það á að vera eitthvað meira en stimpill sem fyrirtæki og stofnanir státa sig af. Fólkið á að búa við það og það á að innleiða það," segir Evelyn og bætir við:

„Íslandi gengur kannski betur en öðrum, en það er ekki sanngjarnt að launamunur kynjanna sé 14 prósent. Það er engin ástæða til þess," segir Evelyn og að í þessu samhengi sé mikilvægt að hugsa um virði vinnu og hvernig störf eru skilgreind og launuð eftir verkefnum.

„Það er fólk sem vinnur við það að losa rusl. Þau sem gera það inni, hreingerningakonur, þéna miklu minna en þeir sem losa rusl úti, sorphirðumenn. En hver er munurinn? Er það hitastigið?" segir Evelyn og spyr hvaða breytur skipti máli og hvort þær þurfi ekki að vera í endalausri endurskoðun.

„Hávaði skiptir máli þegar störf eru metin og það sem við komumst að er að hávaði á vinnustöðum þar sem er hugsað um börn, í leikskólum og hjá dagforeldrum, var metinn á sama hátt og á venjulegum vinnustað. Er það viðeigandi? Nei, en það þýðir að það þarf að bera saman aftur og aftur, og vinna okkar er að komast að því hvaða breytur á að nota," segir Evelyn. Þetta þurfi að gera reglulega. ■





TIL AFGREIÐSLU STRAX!

BMW X3 Plug-in Hybrid

X-Line verð: 9.890.000 kr.

Nýr og endurhannaður BMW X3 Plug-in Hybrid færir þér einstaka og umhverfisvænni akstursánægju sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

#joyelectrified by i

4 ÁRA ÁBYRGÐ

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Notalegur Nóvember
með nokkrum góðum tilboðum

RICHMOND
Borðstofuborð með fiskibeinsamynstri. Olíuborin eik. 95x220x76 cm.
129.990 kr.
Nú 103.992 kr.

20%



BONNY
3ja sæta sófi með appelsínugulu áklæði. 216 x 80 cm. 179.990 kr.
Nú 143.992 kr.

25%



VISION
Hornsófi 2,5x2,5 sæta. Kentucky grátt bonded leður. 288 x 288 x 84 cm. 499.990 kr.
Nú 374.992 kr.



STANLEY
3ja sæta sófi. Leður með rustik áferð. 218 x 84 x 77 cm.429.990 kr.
Nú 365.491 kr.

Hægindastóll. Leður með rustik áferð. 110 x 84 x 77 cm. 264.990 kr.
Nú 225.242 kr.



20%



ECLIPSE
Borðstofuborð. Grár askur. Ø120 x 75 cm. 139.990 kr.
Nú 111.992 kr.



SINGLE
Eldhúsborð. Svartur gegnheill viður með hvítri borðplötu. 80 x 120/220 cm. 69.990 kr.
Nú 59.492 kr.



20%

RIVERDALE
Borðstofuborð. Colorado. Ø140 x 78 cm. 239.990 kr.
Nú 191.992 kr.

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



HOLMEGAARD

Jólaflaska 2021. 9.990 kr.
Jólakrúsir 2021. 2 stk. í pk. 6.690 kr.



1. Lene Bjerre Minna jólatré antique svart eða gyllt. H 41 cm. 11.990 kr.
   Lene Bjerre Minna jólatré antique svart eða gyllt. H 52 cm. 13.990 kr.
2. Lene Bjerre Cavia kertastjaki svartur, gylltur eða silfurlitaður. 3.290 kr.
3. Lene Bjerre elgur antík gylltur 26×30 cm. 12.990 kr.
4. Lene Bjerre tindáti beige. H22 cm. 4.290 kr./stk.
5. Lene Bjerre Laquer kerti. Ýmsir litir. 4 í pk. H 25 cm. 4.490 kr.
6. Moomin Snow Moonlight. Vetrarskál 2021 4.790 kr.
7. Moomin Snow Moonlight. Vetrarkrús 2021 3.290 kr.



20%

PARIS

Hægindastóll. Ýmsir litir.
73 x 82 x 88 cm. 59.990 kr.
Nú 47.992 kr.



25%

ASTRO

Hægindastóll. Dökkgrátt sléttflauel.
76 x 74 x 84,5 cm. 64.990 kr.
Nú 48.742 kr.

20%

MEDUSA

Borðstofustóll. Boucle grár. 59.990 kr.
Nú 47.992 kr.





30%

UMBRIA

Tungusófi með hægri tungu. Grátt áklæði.
245 x 163 x 78 cm. 219.990 kr.
Nú 153.993 kr.

25%



LUTON

Eldhússtóll. Orange áklæði. 17.990 kr.
Nú 13.492 kr.



BROOKE

Borðstofustóll. Preson Camel sléttflauel. 21.990 kr.
Nú 17.592 kr.



Þú finnur bæklingana
husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Skortur á trausti



Elín Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Gríðarlegum fjárhæðum hefur verið varið af hálfu stórfyrirtækja og stjórnvalda ýmissa landa sem tengjast olíuviðskiptum til að tala loftslagsvísindi niður og draga þau í efa. Þetta minnir mjög á herferðir tóbaksframleiðenda á sínum tíma til að afvegaleiða fólk og telja því trú um að reykingar væru ekki hættulegar heilsu manna.

Steininn tók úr árið 2009, rétt fyrir COP15 loftslagsráðstefnu SÞ í Kaupmannahöfn, með svokölluðu Climategate. Brotist var inn í tölvupóstkerfi þekktra vísindamanna í háskólanum í Austur-Anglíu. Þaðan var stolið gögnum og þau birt opinberlega í röngu samhengi, þannig að skilja mátti að vísindamennirnir efuðust sjálfir um heilindi eigin rannsókna. Climategate hafði þau áhrif, að margra mati, að COP15 skilaði litlum árangri og enn var slegið á frest að horfast í augu við loftslagsvandann.

Í haust hlutu þrír loftslagsvísindamenn Nóbelsverðlaun í eðlisfræði; enn ein viðurkenning þess að loftslagsbreytingar af mannavöldum byggja á traustum vísindalegum grunni. Einnig liggur fyrir COP26 svört vísindaskýrsla, svokölluð IPCC skýrsla, samin af fremstu vísindamönnum um allan heim, um hvert stefnir.

Það má fara allt aftur á 19. öld til þess að finna þess stað í vísindum að tengsl séu milli aukins magns CO2 í andrúmsloftinu og hlýnunar á Jörðinni. Við höfum vitað þetta í meira en 100 ár! Það hefur hins vegar komið mörgum á óvart hve vandinn er farinn að vaxa hratt; með þurrkum, gróðureldum, fellibyljum og flóðum um allan heim. Íbúar á Norður- og Austurlandi glímdu einmitt við afleiðingar loftslagsvárinnar vegna skriðufalla nýlega.

Nú þegar ekki er lengur rifist um vísindin virðist hins vegar skorta traust, bæði milli leiðtoga stórþjóða sem og ríkra þjóða og fátækra. Til merkis um samstöðuleysið mæta hvorki Pútín Rússlandsforseti né Xi Jinping forseti Kína á COP26, leiðtogar ríkja sem bera ábyrgð á um þriðjungi af allri losun gróðurhúsalofttegunda

Glasgow-ráðstefnan hefur verið kölluð mikilvægasta ráðstefna mannkyns. Þar verði þjóðarleiðtogar að horfast í augu við vandann í eitt skipti fyrir öll og gera eitthvað róttækt ef ekki á illa að fara. Væntingar eru miklar um allan heim – ekki síst meðal ungs fólks sem mun innan fárra ára sitja uppi með ábyrgðina og afleiðingar þess ef ekki verður gripið í taumana á meðan enn er mögulegt að hefta þróunina. En því miður bendir flest til þess að COP26 standi ekki undir þeim væntingum; sem þýðir með öðrum orðum að núverandi heimsleiðtogar eru ekki að axla þá ábyrgð sem þeim ber skylda til. ■

> Nú þegar ekki er lengur rifist um vísindin virðist hins vegar skorta traust, bæði milli leiðtoga stórþjóða sem og ríkra þjóða og fátækra.



Gunnar



Mín skoðun

Bla, bla, bla



Sif Sigmarsdóttir

Joe Biden sofnaði undir ræðum á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í vikunni. Athygli forseta Bandaríkjanna er þó ekki sú eina sem sljóvgast þegar COP26 ber á góma. Aðstoðarritstjóri breska dagblaðsins The Times viðurkenndi að umfjöllun blaðsins um ráðstefnuna, sem nú fer fram í Glasgow, væri langt frá því að teljast til mest lesnu frétta þess.

Frétt sama blaðs um málefni sem er loftslaginu með öllu óviðkomandi, vakti hins vegar töluverða athygli í vikunni. Dómsmál sem miðaldra, atvinnulaus lögfræðingur höfðaði gegn foreldrum sínum var tekið fyrir við áfrýjunardómstól Englands. Hinn 41 árs Faiz Siddiqui krafðist þess að foreldrar hans yrðu skyldaðir til að greiða honum framfærslustyrk út ævina. Foreldrar Faiz hafa staðið undir útgjöldum hans síðustu tvo áratugi og leyft honum að búa leigulaust í íbúð sem þau eiga í London. En þegar þau lækkuðu mánaðarlegt fjárframlag sitt til sonarins höfðaði hann mál á hendur þeim. Faiz sagði það móður hans og föður að kenna að hann hefði ánetjast gjöfum þeirra og lækkunin væri mannréttindabrot.

> Við heimtum meira, lesum fréttir um allt annað en yfirvofandi endalok og fljótum sofandi, eins og Joe Biden, að feigðarósi – í eigin skólpi.

Í eigin skólpi

„Dómsdags-klukkuna vantar eina mínútu í miðnætti," sagði Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, við upphaf COP26. Ekki skortir fögur fyrirheit á ráðstefnunni. Bandaríkin ætla að leiða minnkun á metan-losun. Fjármálaráðherra Breta vill að London verði fyrsta kolefnishlutlausa fjármálamiðstöð heims. Fyrrverandi seðlabankastjóri fullyrðir að hópur einkafyrirtækja hyggist verja 130.000 milljörðum Bandaríkjadala til að ná fram kolefnishlutleysi.

Ekki trúðu allir því að orðum myndu fylgja gjörðir. Fyrir utan ráðstefnuhöllina stóð baráttukonan Greta Thunberg. Hún sakaði þjóðarleiðtoga um krónískt aðgerðaleysi og sagði COP26 aðeins vera meira af „bla, bla, bla". En er slík svartsýni á rökum reist?

Kolefnisspor olíufyrirtækisins Shell er jafnstórt kolefnisspori Rússlands. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins sagði í viðtali við Breska ríkisútvarpið að Shell hygðist fjárfesta í endurnýjanlegri orku og vera orðið kolefnishlutlaust árið 2050. Fáir hafa þó trú á að fyrirtækið muni ná markmiðinu. Shell ráðgerir opnun nýrra olíusvæða og áætlar að fjárfesta fjórum sinnum meira í olíu- og gasvinnslu á næsta ári en í endurnýjanlegri orku. Framkvæmdastjórinn gaf lítið fyrir gagnrýni og sagði að svo lengi sem eftirspurn væri eftir jarðefnaeldsneyti myndi Shell eða einhver annar verða við henni.

Það eru þó ekki aðeins þeir sem lúta lögmálum um framboð og eftirspurn sem eru fastir í viðjum vanans. Boris Johnson er mikið í mun að COP26 verði fjöður í hatt hans. Stuttu fyrir ráðstefnuna kaus þingflokkur hans þó með því að fyrirtækjum yrði leyft að losa óhreinsað skólp beint í sjó og ár. Því næst lækkaði ríkisstjórn hans álögur á innanlandsflug um 50 prósent. Eftir viðdvöl sína á COP26 flaug Boris með einkaflugvél til London til að ná í kvöldverðarboð með félögum sínum.

Dómari við áfrýjunardómstól Englands vísaði máli Faiz Siddiqui frá. Hann sagði „langþjáðum" foreldrum hans ekki bera lagaleg skylda til að láta undan „frekju" sonarins. Lesendur The Times fóru háðskum orðum um Faiz í athugasemdakerfi blaðsins. Þeim væri þó hollt að líta sér nær.

Faiz er við. Við erum Faiz. Rétt eins og Faiz Siddiqui ánetjaðist gjafmildi foreldra sinna höfum við ánetjast gjöfum jarðar. Þótt „langþjáð" móðir náttúra kikni undan „frekju" mannkynsins stöndum við óforskömmuð frammi fyrir hinum hinsta dómi. Við heimtum meira, lesum fréttir um allt annað en yfirvofandi endalok og fljótum sofandi, eins og Joe Biden, að feigðarósi – í eigin skólpi. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

NÝR

RENAULT ARKANA

Náttúrulegur Hybrid

ENNEMM / SÍA / NM007608

SPORTLEGUR OG RÚMGÓÐUR

Hvar sem þú vilt vera og hvað sem þú vilt gera þá flytur Renault Arkana þig alla leið. Hann er náttúrulegt sambland margra eiginleika, alveg eins og þú. Einstök hönnun með rennilegum útlínum, góðri veghæð og fallegu innanrými gerir hann bæði ómótstæðilega sportlegan og frábæran fjölskyldubíl. Komdu og skoðaðu Arkana!

RENAULT ARKANA

E-Tech, Hybrid

Bensín, rafmagn, sjálfskiptur

Verð frá: **5.690.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsókna 50 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og 6 leyfi á Akureyri.

Þau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Samgöngustofu, www.samgongustofa.is.

Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember nk.

Samgöngustofa
Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is



Agla María Albertsdóttir reynir skot gegn franska stórliðinu PSG. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hugsað út í hvert smáatriði í Meistaradeildinni

0

sæti eru eftir í hópferðina til Parísar 16. desember á útileikinn gegn PSG.

1.412

mættu á heimaleikinn gegn PSG sem var áhorfendamet á Kópavogsvelli.

30,5%

var Blikaliðið með boltann gegn PSG og Real Madrid.

Á morgun heldur Breiðablik út til Úkraínu í Meistaradeildarævintýri gegn Kharkiv. Stuðningur við liðið hefur verið magnaður það sem af er.

benediktboas@frettabladid.is

„Maður var ekkert endilega að velta því fyrir sér fyrir nokkrum árum að leiða sitt félag út á völl Real Madrid. Ég get alveg viðurkennt að ég er bæði stolt af sjálfri mér og liðinu að vera komin á þennan stað," segir Ásta Eir Árnadóttir, fyrirliði Breiðabliks, en liðið heldur utan á morgun til Úkraínu að spila í Meistaradeild Evrópu.

„Allt í kringum Meistaradeildina er risastórt og hvert smáatriði er útpælt. Þó við séum að njóta leikjanna við þessi stóru lið ætlum við ekki að fara í gegnum þennan riðil án sigurs," segir hún ákveðin.

Blikar hafa fengið magnaðan stuðning í Meistaradeildinni. Uppselt var gegn PSG og áhorfendamet sett á Kópavogsvelli. Uppselt er í hópferð til Parísar á útileikinn og búið er að bæta við hólfum í leiknum gegn Kharkiv, sem leikinn verður 18. nóvember.

„Þegar við höfum verið að spila finnst mér allir vera með okkur í liði. Maður finnur það alveg og vonandi heldur það áfram," segir Ásta. ■

60

milljónir króna fékk félagið fyrir að komast í riðlakeppnina.

600

stúlkur æfa fótbolta hjá Breiðabliki.

7

hornspyrnur hefur liðið fengið í fyrstu leikjunum.

8.

desember mætir stórlið Real Madrid í Kópavog.



Hvað finnst þér mikilvægast í heimi? Markmiðin, fjölskyldan, starfið? Hvert sem þú stefnir þá hefur IONIQ 5 kraftinn til að hjálpa þér að ná takmarkinu. Þú dregur 481 km. Ofurhleðslan bætir 100 km við á aðeins 5 mínútum. Eltu draumana þína örugglega hvert sem er með 2. stigs akstursaðstoð. IONIQ 5 getur allt þetta og miklu meira.

Opið í dag frá 12–16

Hyundai IONIQ 5. Verð frá: 5.990.000 kr.

www.hyundai.is

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

7 ÁRA ÁBYRGÐ
FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

8 ÁRA RAFHLÖÐU
ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM007243



BJORK@FRETTABLADID.IS

Opnum augu og eyru

Tinna Hallgrímsdóttir er nafn sem þú, lesandi góður, ættir að leggja á minnið. Hinn 27 ára formaður félags ungra umhverfissinna hefur sannarlega látið að sér kveða undanfarið og ef við erum heppin er hún rétt að byrja. Félagið sem nú telur um 1.200 meðlimi hefur vakið mikla athygli undanfarið og ekki síst í aðdraganda nýliðinna alþingiskosninga, þar sem félagið lét hanna kvarða til að meta umhverfis- og loftslagsmál í stefnu allra stjórnmálaflokka.

Tinna segir í viðtali hér í blaðinu að hennar tilfinning sé að yngri kynslóðin sé ekki hrædd við breytingar þær sem nauðsynlegar séu til að sporna við hlýnun jarðar. Það er frekar eldra fólkið sem fast er í viðjum vanans. Sem finnst það vera að fórna miklu með því að stíga skref í átt að umhverfisvænni lífsstíl. En hverjir þurfa svo að eiga við afleiðingarnar? Jú, einmitt yngri og komandi kynslóðir! Því ættum við sem eldri erum og vanafastari að skammast okkar til að opna augun og eyrun. ■

> Það er frekar eldra fólkið sem fast er í viðjum vanans.

Við mælum með

Jólum í skókassa
Verkefnið Jól í skókassa er í fullum gangi þar sem innpakkaðir skókassar með leikföngum, skóladóti, fötum, snyrtivörum og nammi frá íslenskum fjölskyldum eru sendir til að gleðja börn í Úkraínu. Tekið er við kössum á Holtavegi 28 til og með 13. nóvember. Allar nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Jóla í skókassa og á kfum.is/skokassar.





Njálu á hundavaði
Dúettinn Hundur í óskilum ræðst í sýningu sinni á Nýja sviði Borgarleikhússins á einn hornstein íslenskrar menningar – sjálfa Njálu. Félagarnir fara sjálfir með öll hlutverk og glæða söguna fersku lífi og húmor. Það þarf djúpan skilning á verkinu til að gera svo beitt grín sem engum dylst að þeir Hjörleifur og Eiríkur búi yfir. Þeir sem aldrei hafa lesið Njálu ættu að skilja söguna og dýpt hennar og hinir sem þekkja vel læra klárlega eitthvað nýtt. ■



Örn Árnason getur loksins haldið upp á sextugsafmæli sitt með sýningu, tveimur árum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sjitt – ég er sextíu plús

Í kvöld verður frumsýnd í Þjóðleikhúskjallaranum sýningin Sjitt, ég er 60+, þar sem Örn Árnason á sviðið ásamt pínóleikaranum Jónasi Þóri Þórssyni og veltir fyrir sér hækkandi aldri.

bjork@frettabladid.is

Einn okkar allra ástsælasti leikari, Örn Árnason, varð sextugur rétt fyrir Covid, bjó til sýningu um tímamótin, en viti menn, síðan hafa liðið tveir afmælisdagar til viðbótar.

„Sýningin hét Sjitt, ég er sextugur en hún átti að fara á svið fyrir Covid og síðan þá hef ég átt tvö afmæli og þess vegna heitir hún „Sjitt, ég er 60+“," útskýrir hann.

„Einhverra hluta vegna hef ég aldrei leitt hugann að því að maður gæti staðið í þeim sporum að eiga bara fimm ár eftir í eftirlaunaaldur," segir hann hvumsa. „Fyrir mér er gamalt fólk alltaf 12-15 árum eldra en ég er!"

Gamall hljómar svo gamalt
Örn segist í sýningunni velta fyrir sér orðinu „gamall", en til séu alls konar skemmtilegri orð yfir það að aldurinn færist yfir.

„Gamall hljómar eitthvað svo ... gamalt!" segir hann í léttum tón.

Örn lofar því að söngurinn verði ekki langt undan, en eins og oft áður verður Jónas Þórir honum til halds og trausts í þeim efnum. Í sýningunni horfist Örn í augu við sjálfan sig og ferilinn og er bæði á persónulegu og léttu nótunum.

„Það verða alls konar endurlit sem enginn hefur heyrt, en engar lygasögur," segir hann og hlær. „Bara heiðarlegur og sannur eins og menn eiga að vera. Og fagna því að geta alltaf verið: Á besta aldri," segir hann að lokum. ■



Í vikulokin



Ólafur Arnarson

Verður Gunnar Smári næsti formaður Eflingar?

Sólveig Anna Jónsdóttir, sem hrökklaðist úr formennsku hjá Eflingu um síðustu helgi, hefur rekið róttækari verkalýðsbaráttu en sést hefur í áratugi. Rétt eins og flokksbróðir hennar, Gunnar Smári Egilsson, hafnar hún málamiðlunum og rekur í reynd ekki verkalýðs- eða réttindabaráttu heldur stéttastríð ættað frá næstliðinni öld.

Sólveig Anna hefur unnið markvisst gegn atvinnulífinu og raunar stillt atvinnulífinu og launþegum upp sem fullkomnum andstæðum með andstæða hagsmuni á öllum sviðum, sem er sannarlega breyting frá þeirri þróun sem hér hafði átt sér stað allt frá Þjóðarsáttinni 1990. Með tilkomu Sólveigar Önnu virtist sem átök á vinnumarkaði væru óumflýjanleg. Orðræðan var skýr: atvinnurekendur væru arðræningjar sem kúguðu starfsfólk og ekkert nema barátta og samstaða launþega gæti brotið kúgunina á bak aftur. Var þetta mjög í takt við málflutning Sósíalistaflokks Gunnars Smára fyrir þingkosningarnar í september. Á tímabili virtust bæði Gunnar Smári og Sólveig Anna hafa góðan byr í segl sín.

En ekki er allt sem sýnist. Sósíalistaflokkurinn náði ekki á þing og ekki ríkir friður um Sólveigu Önnu. Hún virðist sek um sömu kúgun og ógnarstjórn og hún sakar atvinnurekendur um. Allt sprakk innan frá vegna þess að starfsfólki hennar ofbauð hroki og yfirgangur.

> Ekki er allt sem sýnist.

Vonandi lærir verkalýðshreyfingin af óförum Sólveigar Önnu og fer með skynsamlegar kröfur inn í kjarasamninga á næsta ári. Ekki eru forsendur til annars eftir miklar launahækkanir á liðnum misserum.

Ætli næsti kjörni formaður Eflingar verði svo Gunnar Smári Egilsson, sem var lykilmaður á bak við kjör Sólveigar Önnu 2018 og hefur stundum verið talinn skuggastjórnandi þar? ■

VERÐLAUNAHÖFUNDAR!

ALLIR FUGLAR FLJÚGA Í LJÓSIÐ
eftir Auði Jónsdóttur


4.
Metsölulisti Eymundsson
Innbundin skáldverk


„ÓTRÚLEGA FLINK!“

„Auður er ótrúlega flink í að draga upp fulla mynd af hverri og einni persónu fyrir sig.“

Sunna Dís Másdóttir, Kiljunni
(um Stóra skjálfta)







KOLBEINSEY
eftir Bergsvein Birgisson



„ÁHRIFAMIKIL, SKEMMTILEG OG DJÚP!“

★★★★★

„Einstaklega áhrifamikil, skemmtileg og djúp bók um lífið.“

Bok365

KEMUR ÚT SAMTÍMIS Á ÍSLANDI OG Í NOREGI

www.bjartur-verold.is

bjartur | VERÖLD



Audi Q4 e-tron 35
Verð frá **6.590.000 kr.**

HUGSAÐU FRAM Á VIÐ!

Rafmagnaður fræðsludagur HEKLU

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu höfum við ákveðið að fresta fræðsludegi HEKLU. Farðu vel með þig og kíktu í heimsókn á **www.hekla.is** en þar finnur þú fjölbreytt fræðsluefni um alla rafmagnsbílana okkar. **Sjáumst hress - þegar aðstæður leyfa!**



Volkswagen ID.3 Verð frá **4.890.000 kr.**



Audi e-tron 50 Verð frá **9.190.000 kr.**

www.hekla.is | **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 | Fylgdu okkur! @HEKLA



Volkswagen ID.4 GTX
Verð frá **7.150.000 kr.**

Skoda Enyaq iV 60
Verð frá **5.790.000 kr.**



8 ÁRA ÁBYRGÐ
Á RAFHLÖÐUM

QR kóðarnir hér að neðan færa þig beint inn á fræðsluefni fyrir rafbíla HEKLU.

Audi Volkswagen Skoda

24/7

Sýningarsalur HEKLU er opin allan sólarhringinn

Á vefnum getur þú skoðað úrval bíla, séð hverjir eru til hjá okkur og hverjir eru væntanlegir til landsins. Þú getur líka auðveldlega sent inn fyrirspurn, tekið frá og pantað þér bíl. Einnig er að finna mikið úrval aukahluta fyrir bílstjóra, farþega og bílinn sjálfan, allt frá bílstólum og toppbogum til felgna og kaffibolla.

www.hekla.is/vefverslun

Sá ástina fyrst í jarðarför

Undanfarin ár hefur lífið legið upp á við hjá Valdimari Guðmundssyni söngvara. Hann sleit sig úr viðjum slæms ávana, kynntist ástinni og eignaðist fjölskyldu. Þar að auki hefur hann haft nóg að gera í tónlistinni og hefur slegið í gegn í nýju hlaðvarpi.



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur
@frettabladid.is



Valdimar fann ástina á Tinder þegar hann var eiginlega búinn að gefast upp á forritinu, en áður höfðu þau þó hist við mun sorglegri aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Söngvarinn Valdimar Guðmundsson hefur í nógu að snúast þessa dagana en líf tónlistarfólks er hægt og bítandi að komast í fyrra horf. Jólatónleikar eru fram undan, nýtt band, fleiri verkefni með hljómsveitinni Valdimar og nýtt hlaðvarp. Hann segir faraldurinn ekki hafa bitið sig jafn fast atvinnulega séð og margt annað listafólk, því að hann hefur fengist við kennslu í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Þá hefur hann einnig í nógu að snúast sem nýbakaður faðir.

„Mér er búið að ganga merkilega vel þrátt fyrir að giggin hafi þurrkast upp í langan tíma. Ég hef haldið mér virkum," segir hann.

Sonur Valdimars og unnustu hans, Önnu Bjarkar Sigurjónsdóttur hjúkrunarfræðings, er nú þriggja mánaða gamall. Mun hann fá nafn sitt á morgun, 7. nóvember.

„Þetta er enn þá svo nýtt að ég á eftir að finna betur fyrir breytingunum. En ég finn strax að forgangsröðunin er orðin önnur en áður," segir Valdimar um hið nýja hlutverk. Nú þegar hið hefðbundna líf tónlistarmannsins er að hefjast á ný, það er tónleikar á kvöldin og túrar um landið, sér hann fram á að það verði öðruvísi en áður. „Ætli maður verði ekki fljótur að drífa sig heim eftir hvert gigg," segir hann.

Kynntust á Tinder

Valdimar og Anna kynntust á Tinder, eins og mörg pör þessi misserin, en þau höfðu reyndar sést einu sinni áður við fremur óhefðbundnar aðstæður.

„Ég var eiginlega alveg búinn að gefast upp á Tinder. Það var ekkert að gerast," segir hann um þennan tíma. „Síðan allt í einu poppaði upp þessi dama og ég ákvað að byrja að spjalla við hana. Þá kom í ljós að hún hafði fengið mig til þess að syngja í jarðarför afa hennar hálfu ári fyrr. Ég minntist þess þá vel að hafa séð hana þá, orðið heillaður og langað til að kynnast henni betur. Ætli örlögin hafi ekki raðað þessu svona upp?"

Valdimar segir barneignina hvorki hafa verið fyrir fram ákveðna né slys. Þau höfðu rætt þetta mikið og barneignin mátti gerast. Fæðingin gekk einnig vel.

„Ég var orðinn svolítið stressaður eftir að hafa heyrt hryllingssögur af tveggja sólarhringa fæðingum. Þegar Anna sagði að við þyrftum að fara niður á fæðingardeild fór ég í annan heim og byrjaði að þramma um íbúðina til þess að reyna að muna eftir öllu sem við þurftum að taka með okkur. En svo tók þetta ekki nema tvo klukkutíma," segir hann. „Þetta var mikill hasar í stuttan tíma. Ég reyndi að vera til staðar og aðallega að vera ekki fyrir."

Aðspurður um hvort hann ætli að reyna að fá soninn til að fá áhuga á tónlist, eins og faðir hans gerði, segir Valdimar svo vera. Strákurinn verði þó að fá að finna sinn eigin farveg í lífinu. „Hann verður að minnsta kosti að halda með Keflavík og Manchester United," segir Valdimar ákveðinn.

Bitinn af strúti

Í mars síðastliðnum byrjuðu Valdimar og gítarleikarinn Örn Eldjárn með hlaðvarpið Listamenn í Hljóðkirkjunni. Fara þeir þar yfir sína topp 10 lista yfir sósur, bíla, tölvuleiki, gítarsóló, kokteila, krydd og allt sem þeim dettur í hug að raða. Meira að segja sjálfum boðorðunum. Hefur hlaðvarpið vakið athygli, einkum vegna þess hversu opnir og sjálfshæðnir stjórnendurnir eru.

„Við Örn höfum þekkst síðan í Listaháskólanum þegar við vorum að læra tónsmíði," segir Valdimar en þeir hafa spilað mikið saman, einkum í hljómsveitinni Valdimar sem Örn gekk inn í. „Á ferðalögum okkar drepum við oft tímann með því að gera topp 10 lista og okkur datt í hug að einhverjum gæti þótt gaman að heyra þetta."

Valdimar segir það ekki hafa verið meðvitað að vera svo opnir, meðal annars um vandræðaleg augnablik í sínu lífi. Þannig tali þeir vanalega sín á milli og eru ekkert að fela hvernig þeir eru. Rifjar Valdimar eina slíka sögu upp.

„Eitt sinn, þegar ég var um sextán ára gamall, var ég að spila körfubolta með vini mínum og fékk boltann fast beint framan á löngutöng. Fremsta kjúkan brotnaði og nöglin vísaði beint upp í loftið. Ég þurfti að fara beint til læknis sem dró nöglina út," segir Valdimar.

„Nokkrum vikum seinna fórum við fjölskyldan út til Spánar. Þá var ég nýbúinn að losna við umbúðirnar af puttanum en enn þá aumur. Við fórum í safarí ferð þar sem voru strútar og leiðsögumaðurinn sýndi okkur hvernig við gætum gefið þeim brauð úr lófanum."

Var Valdimar eitthvað smeykur við þetta en móðir hans eggjaði hann til þess að mata strútinn fyrir myndatöku.

„Ég lét til leiðast og auðvitað beit strúturinn í brotna puttann," segir hann. „Þetta var bæði svo sárt og mér brá svo mikið að ég fór að hágráta, orðinn hálffullorðinn. Í hópnum okkar var líka stelpa á mínum aldri sem gerði þetta atvik allt helmingi verra og vandræðalegra."

Sveif í gegnum skólann

Valdimar segist hafa verið hlédrægur og feiminn sem strákur í Keflavík. Sonur kennaranna Sveindísar Valdimarsdóttur og Guðmundar Hermannssonar, sem nú eru skilin. Guðmundur var áður fyrr í hljómsveitum og hefur einnig troðið upp með skemmtara. Eina eldri systur á Valdimar, Sylvíu að nafni. Á grunnskólaárunum var Valdimar ekki mjög virkur í félagslífinu en átti nokkra góða vini.

„Ég var ekki óhamingjusamur sem barn og mér var ekki strítt í skólanum, að minnsta kosti ekki alvarlega. Ég hafði mikinn áhuga á tónlist og æfði körfubolta," segir hann. »

OUTLET

50% AFSLÁTTUR

ICEWEAR · ICELAND ·

ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA

HINRIK Dúnúlpa
Nú kr. **24.995.-**
~~Kr. 49.990.-~~



HELENA Dúnúlpa
Nú kr. **24.995.-**
~~Kr. 49.990.-~~



FOLDA Parkaúlpa
Nú kr. **18.995.-**
~~Kr. 37.990.-~~





GUNNUR Fóðraður jakki
Nú kr. **7.995.-**
~~Kr. 15.990.-~~



EYJA Softshell jakki
Nú kr. **9.495.-**
~~Kr. 19.990.-~~

FANNAR Parkaúlpa
Nú kr. **18.995.-**
~~Kr. 37.990.-~~



FROST Parkaúlpa
Nú kr. **7.495.-**
~~Kr. 14.990.-~~
BARNA





KRÍA Hybrid jakki
Nú kr. **7.995.-**
~~Kr. 15.990.-~~



ERIK Dúnjakki
Nú kr. **7.995.-**
~~Kr. 15.990.-~~



EMMA Dúnjakki
Nú kr. **7.995.-**
~~Kr. 15.990.-~~



BRÁ Dúnjakki
Nú kr. **11.495.-**
~~Kr. 22.990.-~~



KJALAR Hybrid jakki
Nú kr. **7.995.-**
~~Kr. 15.990.-~~



LENA/LEVÍ
Mjúk og hlý flíspeysa
Nú kr. **4.495.-**
~~Kr. 8.990.-~~



LOGAN Hettupeysa
Nú kr. **4.995.-**
~~Kr. 6.990.-~~

Velkomin í miðborgina

Næg bílastæði í bílastæðahúsi gegnt ICEWEAR

ICEWEAR MAGASÍN

LAUGAVEGUR 91

icewear.is



Valdimar byrjaði sjö ára að læra á básúnu og var í lúðrasveit skólans. Hann æfði sig einnig í söng heima og vinir hans hvöttu hann til þess að koma fram. „Ég þorði ekki að syngja opinberlega fyrr en ég var um tvítugt," segir Valdimar en þá söng hann Bubbalagið Svartan afgan ásamt félaga sínum í söngkeppni Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum.

Í grunnskóla var Valdimar ágætisnemandi en í framhaldsskóla fór hann að slugsa. „Ég skreið í gegnum þetta með um tuttugu fimmur. Maður gerði ekkert alla önnina en lærði svo fyrir lokapróf og vonaði það besta. Ég var lengur en flestir að klára þetta en það tókst á endanum," segir hann.

Á þessum árum glæddist félagslífið hins vegar. „Þegar ég byrjaði að drekka varð ég félagslyndari og fór að mæta í partíin. Vinahópurinn stækkaði töluvert á þessum árum," segir hann.

Valdimar var og er hávaxinn og æfði körfubolta vel fram á framhaldsskólaárin. Sjálfur segist hann hafa verið sæmileg skytta en ekki hafa átt neinn séns í meistaraflokkinn, enda Keflavík með sterkustu körfuknattleiksliðum landsins.

„Ég vissi ekkert hvað ég vildi verða og var óttalega stefnulaus. Ég á heldur ekkert sérstaklega margar minningar frá þessum árum. Ætli ég hafi ekki verið hálfgerð gufa sem sveif einhvern veginn í gegnum lífið," segir hann og hlær. „Ætli ég hafi ekki verið að bíða eftir að neistinn fyndi mig?"

Nýtt band á ensku

Eftir að hafa hætt í ensku í Háskóla Íslands kláraði Valdimar tónsmíðarnar í Listaháskólanum. Neistinn var loksins kominn og birtist einkum í hljómsveitinni Valdimar sem hann stofnaði með félögum sínum frá Keflavík árið 2009. Ári seinna kom fyrsta platan, Undraland, út og þrjár hafa bæst við síðan.

„Við pössum mjög vel saman og hlutverkin eru mjög skýr innan bandsins. Það sem getur gert hljómsveitarstarf flókið eru stór egó en enginn okkar er þannig gerður. Við erum góðir vinir og óttalegir lúðar," segir Valdimar um hljómsveitarstarfið.

Hljómsveitin hefur komið fram erlendis, einkum á tónleikahátíðum í Mið-Evrópu, en Valdimar segir stefnuna aldrei hafa verið að „meika´ða" erlendis í því bandi heldur fremur miða á heimamarkað.

Nýlega stofnaði hann hljómsveitina LÓN með Ásgeiri Aðalsteinssyni úr hljómsveitinni Valdimar og gítarleikaranum Ómari Guðjónssyni. Sú hljómsveit hefur þegar gefið út tvö lög á ensku, sem opni betur á þann möguleika að ná eyrum erlendis.

„Við ákváðum að prófa og sjá hvort þetta nær einhverju flugi," segir Valdimar. Sjálfum hugnist honum vel að spila erlendis. „Að spila erlendis er eins og að byrja upp á nýtt. Enginn kann textana eða þekkir lögin, flestir sem koma eru fólk sem kemur alveg kalt af götunni og vill heyra eitthvað alveg nýtt. Þess vegna kemur gamla spennan til baka frá þeim tíma þegar maður var að byrja í þessu."

Aðspurður um hvað sé það besta við það að vera í hljómsveit segir Valdimar það vera lagasmíðarnar og upptökurnar. Að finna eitthvað nýtt og spennandi verða til sem hugsanlega geti hitt í mark. Að koma fram á tónleikum sé heldur ekkert slor. Eða einfaldlega að hanga og fíflast með hinum hljómsveitarmeðlimunum, sem séu einhverjir bestu vinir hans. Með hverju árinu verði þetta þó ávallt flóknara, því að aldurinn færist yfir og ábyrgðin líka.

„Það er ekkert auðvelt að samræma dagskrá hjá sex fullorðnum einstaklingum," segir Valdimar. „Eins og Singapore Sling sungu: Life is killing my rock and roll."

Lykillinn að halda sér virkum

Þrátt fyrir að hafa fundið sig í tónlistinni, útskrifast úr Listaháskólanum og gefið út plötur með vinsælli rokkhljómsveit, voru enn þá vandamál sem hrjáðu hann. Ofþyngd sem hann sá fram á að stefndi í að verða mjög hættuleg og framtaksleysi sem birtist í hálfgerðri einangrun. Um þessi vandamál opnaði hann sig í mjög persónulegri færslu á samfélagsmiðlum árið 2015. Síðan þá hefur hann verið mjög meðvitaður um þessi vandamál og stefnt í áttina frá þeim.

> Ég lét til leiðast og auðvitað beit strúturinn í brotna puttann.

„Ég var ekki beint óhamingjusamur, dapur eða sokkinn í þunglyndi. Heldur var ég orðinn svo þreyttur á þessu," segir Valdimar, aðspurður um hvernig honum leið á þessum tíma. „Mér fannst ég vera fastur og þetta væri ástand sem ég þyrfti að breyta."

Á þessum tíma bjó Valdimar einn og fór sjaldnast út á meðal fólks. Hann var fastur í vondum venjum og þyngdist nokkuð hratt. „Mér fannst ég þurfa að gera eitthvað því annars yrði ég sennilega ekki mikið lengur hér. Þessi barátta er vitaskuld ekki búin og verður það sennilega aldrei. Mesta lykilatriðið er að halda sér virkum," segir hann. „Á þessum tíma gat ég verið heima hjá mér og hangið í tölvunni vikum saman, þangað til að eitthvað kom upp sem ég varð að gera."

Lýsir hann þessu sem móti sem hann hafi þurft að brjóta til þess að komast út úr.

„Þetta deyfir mann. Það var ekki fyrr en ég var farinn að vinna í því að brjótast út úr þessu og hrista upp í lífi mínu, sem það komu upp tilfinningar sem höfðu legið í dvala," segir hann og nefnir til dæmis kvíða. „Þegar maður hefur ekki lengur þennan óheilbrigða ávana hefur maður heldur ekki þá huggun sem hann veitir."

Sex árum síðar hefur ýmislegt gerst í lífi Valdimars og langflest af því til batnaðar. Valdimar jánkar því þegar hann er spurður hvort hann sé hamingjusamur í dag. „Það fylgir því ótrúlegur kraftur að eignast kærustu og barn. Það er heldur betur bensín á tankinn," segir hann. „Ég held mér virkum og jákvæðum og mér finnst ég vera kominn út úr þessum vítahring sem ég var í. Ég verð að vera á tánum því að ég veit aldrei hvenær ég gæti fallið aftur í hann. En ég hef ábyggilega aldrei verið hamingjusamari en undanfarið ár."

Nóg að gera

Valdimar segist sjá fram á það að starfa við tónlist fram á gamals aldur og sér ekki fram á að hætta í hljómsveitarstússi neitt á næstunni. Endrum og eins koma þó stundir þar sem hann veltir því fyrir sér að hætta og fara að gera eitthvað allt annað. Það yrði þó alltaf eitthvað tengt list og sköpun.

„Mér finnst ég heppinn að fá að starfa við það sem ég elska," segir hann, en jafnframt að hann eigi erfitt með að sjá hvernig ferillinn gæti átt eftir að þróast. „Kannski verð ég að spila á pöbbunum á kvöldin eða að ég mun eyða mestum tímanum með barnabörnunum og henda í eina og eina tónleika. Ég sé að minnsta kosti ekki fram á að slíta mig alveg frá tónlistinni."

Hvað sem því líður er nóg að gera núna og í nánustu framtíð. Hljómsveitin Valdimar var að klára tónleikaferðalag um landið. Hljómsveitin LÓN er komin langleiðina með að klára upptökur á sinni fyrstu hljómplötu og þá mun Valdimar halda jólatónleika þann 16. desember.

Áður en faraldurinn skall á hafði hljómsveitin Valdimar skipulagt tíu ára útgáfuafmælistónleika. „Við stefnum á að halda þá í Eldborg í apríl, ef það kemur ekki enn eitt veiruafbrigðið, og þetta verða þá í raun og veru tólf ára afmælistónleikar," segir Valdimar kíminn. „Við byrjuðum að vinna nýtt efni á Stöðvarfirði fyrir skemmstu. Ætli fimmta platan fari ekki að líta dagsins ljós." ■

Valdimar og Anna ásamt syni sínum sem fær nafn á morgun, sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Gefðu enox® útivist og heilsu í jólagjöf

Umhverfisvænt - 250W
25 km hraði - Drægni 70 km



Mest seldu rafhjólin
í Húsasmiðjunni, á ótrúlegu verði

169.900 kr

3903103, 3903104

Rafmagnshjól ENOX EBX34 - EBX37

Enox Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36v rafhlaða undir bögglabera, Bafang mótor að framan, hleðslutími 3-6 klst., Tektro V bremsur. Stillanlegt framstýri, ljós að framan og aftan, bögglaberi, bretti, bjalla, keðjuhlíf, dempari að framan, áfastur lás fylgir með.

Fást í Húsasmiðjunni um allt land og á husa.is

enox® enjoy life
ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Eyddi árum í að hugsa: Hvað gerði ég rangt?

Birgitta Jónsdóttir, fyrrverandi þingmaður og stofnandi Pírata, lifir undir fátæktarmörkum. Hún leggur spilin á borðið í uppgjöri við erfiða reynslu. Tilbúin að takast á við nýja framtíð.



Birgitta segist fyrst nú hafa fengið áfallahjálp, en saga hennar er mörkuð mannshvörfum og miklum áskorunum. Hún segist ótrúlega þakklát fyrir að Píeta samtökin séu til. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Sól skín á glugga Mokka þegar við mælum okkur mót. En við hefjum sögu í húminu.

Það kom fram í Lífðu núna árið 2019 að þú lifðir við kröpp kjör. Lifirðu undir fátæktarmörkum?

„Já, eins og er. Ég er að klára síðasta mánuðinn minn hjá VIRK og fæ um 220.000 krónur í styrk á mánuði. Ég seldi íbúðina og fékk milligjöf sem ég hef notað til að brúa bilið. Ég er samt ekki að svelta.“

Þurftirðu að selja íbúðina vegna fjárhagserfiðleika?

„Já. Það er allt í lagi, ég hef aldrei gefið mikið fyrir efnisleg gæði og hef aldrei átt mikla peninga en ég hef eignast mikinn tíma upp á síðkastið sem ég hef reynt að nota vel.“

Löng og ströng áfallasaga

Áfallasaga Birgittu er löng. Mannshvörf, sjálfsvíg og veikindi hafa varðað lífsbrautina eins og hún hefur áður rætt á opinberum vettvangi.

„Þessi tími undanfarið var ekki fyrsti stóri lærdómurinn, mér hefur alla tíð verið gefið ótrúlega ríkt líf af reynslu og ég hef reynt að taka þá reynslu með mér inn í opinber störf. Ég er þannig manneskja að ég get ekki barist bara fyrir mér. Ég verð líka að berjast fyrir öðrum.“

Vinsælasti flokkur landsins

Birgitta lenti í kulnun eða „burnout“ eins og hún kallar það en áður hafði hún unnið þrotlaust árum saman og sigrarnir voru margir. Hún settist á þing árið 2009 með stofnun Borgarahreyfingarinnar. Árið 2012 tilkynnti hún um stofnun Pírata. Píratar fengu í fyrstu þingkosningum 5,1 prósent en urðu skömmu síðar vinsælasta stjórnmálahreyfing landsins. Í apríl 2015 mældust Píratar í skoðanakönnun MMR með 32 prósenta fylgi. Birgitta var mjög áberandi á þessum tíma, bæði innan sem utan landsteinanna. Margir þökkuðu fylgismælingarnar og jákvætt viðmót fjölmargra landsmanna gagnvart Pírötum ekki síst frammistöðu hennar.

„Auðvitað er alveg ljóst að þessi flokkur hefði aldrei komist inn á þing ef ég hefði ekki leitt hann,“ segir Birgitta.

Sjálfstæðismenn fóru á taugum

„En í dag hefur grunnurinn gleymst,“ bætir hún við og minnir á að aðaltilgangurinn með stofnun flokksins hafi verið tillaga um að styrkja fjórða valdið, fjölmiðla, svo þeir gætu flutt viðkvæmar fréttir af málum sem valdhafar vilja ekki að séu fluttar.

„Það var meginmarkmiðið með stofnun Pírata. Svo lendum við í því að þessi flokkur verður rosa vinsæll. Í heilt ár mældumst við stærsti flokkurinn í skoðanakönnun, það var í fyrsta skipti sem Sjálfstæðisflokkurinn upplifði raunverulega ógn og þetta fór rosalega í taugarnar á þeim, þeir urðu mjög hræddir,“ segir hún, hnykkir hárinu til og hlær.

Tilkynnt að tíminn væri liðinn

Hvað gerðist í aðdraganda þeirrar ákvörðunar að þú ákvaðst að segja skilið við stjórnmálin?

„Þegar til óvæntu kosninganna 2017 kom, reyndi ég mjög mikið að fá Katrínu [Jakobsdóttur] og fleiri til að skipa bráðabirgðastjórn og klára fjárlögin.“ Hún heldur áfram: „En það voru þarna Halldór Auðar og fleiri sem höfðu verið í borgarstjórn. Þeir sögðu að ég hefði verið á þingi tvö kjörtímabil, þeir tóku með kjörtímabilið sem ég hafði setið fyrir annan flokk. Þeir sögðu að í stefnu Pírata segði að ég gæti ekki farið oftar fram.“

Var þér tilkynnt þetta með samtali?

„Nei, þetta var bara sett fram á Pírataspjallinu á Facebook að ég gæti ekki haldið áfram. Ég hefði auðvitað getað tekið þennan slag en komst að þeirri niðurstöðu að ég gæti ekki haldið áfram þingmennsku þar sem eitthvert x hlutfall af flokknum vildi ekki hafa mig áfram.“

Ætlaði að starfa með grasrótinni

Hvernig upplifun var það fyrir stofnanda flokksins að vera ýtt út?

„Ég var tilbúin að stíga til hliðar, ég var búin að vera í 400 prósenta vinnu árum saman og hafði náð meiri árangri í alþjóðastarfi en kannski allir aðrir þingmenn nema kannski Ólafur Ragnar Grímsson. Ég hugsaði: Ókei, ég vinn bara áfram í grasrótinni og hjálpa til við kosningabaráttuna.

> Ég hætti að geta farið út úr húsi. Ég lokaði mig inni og leið eins og að allir sæju einhverja ofbeldismanneskju í mér.

En það hafði skapast einhver valdabarátta og ég er engin valdabaráttutýpa,“ bætir hún við. Það hafi farið illa í suma Pírata þegar erlendir fjölmiðlar höfðu þrástagast á að hún væri leiðtogi Pírata og forsætisráðherraefni þótt hún hefði sagt þessum fjölmiðlum að flokkurinn væri með flatan strúktúr.

„Þau fóru fram á þegar ég var í stjórnarmyndunarviðræðum með óreyndu fólki í þingflokknum að ég skrifaði þessum fjölmiðlum og segði þeim að ég væri ekki leiðtogi. Það var alls konar svona skrýtin dýnamík sem ég upplifði sem hreinan tittlingaskít. Við höfðum fengið svo sterkt umboð, margir áttuðu sig ekki á hvað ég þurfti að hafa mikið fyrir því að fá stjórnarmyndunarumboðið, það þurfti að sannfæra Benedikt [Jóhannesson í Viðreisn] og fleiri.“

Heiðurssætið fauk eftir hálftíma

„Ég eyddi tveimur árum í að hugsa: Hvað gerði ég rangt?

En það varð allavega ljóst að ég passaði ekki lengur inn í þennan hóp,“ segir Birgitta.

Þú sagðir að þú hefðir ætlað að vinna í grasrótinni. Hvað gerist svo?

„Ég dreg mig út úr kosningabaráttunni en svo fara að gerast alls konar skrýtnir hlutir. Alexandra Briem hringir í mig og býður mér heiðurssæti á lista sem ég þigg. Svo hringir hún hálftíma seinna aftur og segir þá að hún hafi ekki mátt bjóða mér sætið, allt í einu átti Elísabet Jökuls að fá heiðurssætið og ég hvergi á lista.“

Höfnun? Áfall?

„Mikil höfnun og ég varð ringluð, því enginn sagði upphátt við mig: Við viljum ekki hafa þig með. En mér var ekki falið neitt hlutverk í kosningabaráttunni þannig að ég fór að hugsa að það væri sennilega best að ég myndi draga mig alveg út. Ég triggeraði greinilega fólk.“

Vænd um ofbeldi

Veistu af hverju þetta fór svona?

„Nei, ég veit ekki enn af hverju. Það eru margir sem hafa reynt að fá svör frá Helga Hrafni um af hverju hann vændi mig um að vera ofbeldismanneskja. Ég var vænd um að vera ofbeldismanneskja og það fékk mikið á mig því ég er búddisti og stunda prógramm sem gengur út á að maður gangist við misgjörðum ef þær verða.“

Hvað áttu við?

„Þetta sem Þórhildur Sunna dró fram á þessum fundi og ég hafði beðist afsökunar á, ég tek ákveðið spor strax. Síðan bað ég hana líka afsökunar fyrir framan þingflokkinn.“

Las í óleyfi trúnaðargögn

Til hvers ertu að vísa?

„Á lokadögum þingsins var verið að klára mjög hratt alls konar mál og meðal annars ríkisborgaramál. Það er oft þannig að þeir sem sækja um ríkisborgararétt setja sig í samband við þingmenn, þeir hafa kannski lent í einhverju svona rugli, ekið of hratt, fengið einn punkt eða vita ekki eitthvað og biðja um skilning. Þessi hafði átt íslenska dóttur og alltaf lent á milli einhvern veginn. Ég var eitthvað að hugsa og reyna að hjálpa honum en sá að nafnið hans var komið en svo var eins og að það væri eitthvert annað nafn og ég hélt að það væri einhver misskilningur og þá stóð á borðinu taskan hennar Þórhildar með skjölunum um hverjir þetta voru. Ég kíkti á það af því að atkvæðagreiðsla var að byrja og hún var föst á fundi. Ég átti auðvitað ekki að gera þetta, þetta voru trúnaðargögn.“

Birgitta segist hafa reynt að bæta fyrir brot sitt.

„Ég baðst afsökunar, bæði Þórhildi Sunnu og þingflokkinn og reyndi að bæta fyrir en hún upplifði að ég hefði brotið á henni og ég gengst við því. En þetta er eina málið þar sem ég veit til að ég hafi gert eitthvað af mér.“

Flati strúktúrinn ekki gallalaus

Það virðist reyna á Birgittu að rifja þetta upp. Við súpum á kaffinu í vaxandi kliði en nokkrum spurningum er kannski enn ósvarað.

Nú voru Píratar stofnaðir með flatan strúktúr að leiðarljósi …

„… já, að minni tillögu.“

Upplifðirðu á þessum tíma að kannski hefði verið betra þrátt fyrir allt að hafa fastara skipulag?

„Já, í retróspekt held ég að fólk sé ekki tilbúið fyrir flatan strúktúr.“

Myndirðu orða það þannig að hinum flata strúktúr hefði tekist að fremja ákveðið valdarán á þessum tíma?

„Nei, alls ekki. Minn tími var

FJALLA KOFINN



SKÍÐADAGAR
20-50%
AFSLÁTTUR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAGINN!

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

SKÍÐI SKÍÐASKÓR
SKÍÐABINDINGAR
FJALLASKÍÐASKÓR SKÍÐAPOKAR
FJALLASKÍÐABINDINGAR **SNJÓBRETTI**
SKÍÐAHJÁLMAR
SKÍÐAHANSKAR **FJALLASKÍÐI**
SNJÓFLÓÐABAKPOKAR SKÍÐASOKKAR
SKÍÐAGLERAUGU **GÖNGUSKÍÐI**
GÖNGUSKÍÐASKÓR SKÍÐABAKPOKAR
GÖNGUSKÍÐASTAFIR **SKÍÐASTAFIR**
SKÍÐAFATNAÐUR

SKÍÐAPAKKAR MEÐ
30% AFSLÆTTI

Völkl · Black Diamond · SKÍÐI - FJALLASKÍÐI · DALBELLO · SCARPA · SKÍÐASKÓR - FJALLASKÍÐASKÓR · KOMPERDELL · SKÍÐASTAFIR
MARKER · FRITSCHI · SKÍÐABINDINGAR - FJALLASKÍÐABINDINGAR · Black Diamond · PIEPS · SNJÓFLÓÐABÚNAÐUR (ÝLIR, SKÓFLA, STÖNG, BAKPOKAR, O.FL.)
SMITH · SKÍÐAHJÁLMAR – SKÍÐAGLERAUGU · Julbo · FJALLASKÍÐAHJÁLMAR - FJALLASKÍÐAGLERAUGU · DAKINE · SKÍÐATÖSKUR - SKÍÐAVETTLINGAR
TOKO · ÁBURÐUR O.FL. FYRIR SKÍÐIN · KÄSTLE · SPORTEV · GÖNGUSKÍÐI · ALFA · alpina · GÖNGUSKÍÐASKÓR · ROTTEFELLA · GÖNGUSKÍÐABINDINGAR

Hallarmúli 2 I s: 510 9505 I fjallakofinn.is

búinn. Ég er komin á þann stað að ég hef hreinsað út þau neikvæðu áhrif sem þetta hafði á mig. Ég upplifi mig hlutlausa í dag gagnvart því sem gerðist og máttur fyrirgefningarinnar er gríðarlega mikill.“

Vinsældirnar verstar

En þú misstir heilsuna.

„Já, en ég var veik fyrir af því að ég hafði lagt of mikið á mig.“

Hrakaði heilsunni hjá þér strax eftir þessu miklu átök?

„Það voru átök miklu fyrr, átök allan tímann. Ég var alltaf að svara fyrir fólk sem ég þekkti ekki og það versta sem kom fyrir þennan flokk var að verða svona vinsæll, því þá færðu alls konar fólk inn í grasrótina sem er ekki í neinum tengslum við grunninn, hvaðan við sprettum. Það fara að skapast alls konar kjaftasögur og svo fer fólk að setja á mig valdatitil. Ég var vænd um valdboð sem var aldrei til staðar.“

Óvild af hálfu elítunnar

Leiddu þessi uppsöfnuðu átök til veikindanna?

„Ég var bara búin að klára öll batteríin.“

Hún bætir við: „Ég á fullt af vinum innan Pírata og reyndi alltaf að halda eðlilegum samskiptum. En svo bættist við að ég var beðin um að koma í trúnaðarráð og leysa úr erfiðum málum. Þá kom í ljós hve rosaleg óvild var farin að ríkja í minn garð hjá elítunni í flokknum.“

Elítunni?

„Já, fólki með völd gagnvart óbreyttum. Það hefði verið langheiðarlegast ef Helgi Hrafn hefði bara hringt í mig og sagt: Við viljum ekki hafa þig með.“



Birgitta horfir bjartsýn til framtíðar eftir að hafa klárað öll batteríin. Hún segir mikla vinnu að baki. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Lokaði sig inni

Eins og áður kom fram hefur Birgitta fengið aðstoð hjá VIRK. Hún einangraði sjálfa sig um tíma. Konan sem hafði verið daglega í fréttum um árabil hreinlega hvarf af sjónarsviðinu.

„Ég hætti að geta farið út úr húsi. Ég lokaði mig inni og leið eins og að allir sæju einhverja ofbeldismanneskju í mér. Ég hef alltaf haft lítið sjálfsmat, ég hef alltaf átt erfitt með að taka við hinu jákvæða ef fólk segir eitthvað gott um mig, ég hlusta frekar á það neikvæða sem sagt er um mig og verð hissa ef einhver segir eitthvað fallegt um mig.“

Birgitta rifjar í þessu samhengi upp áföll fyrri tíma, sjálfsvíg í fjölskyldunni og fleira alvarlegt sem

> Ég er aftur komin á þann stað að vita hvað kveikir í mér.

fæstir þurfa að upplifa.

„Ég hef aldrei fengið áfallahjálp, ekki fyrr en nú. Ég er ótrúlega þakklát fyrir að Píeta samtökin séu til og þetta mál með Pírata er í raun ekki stórt í samhenginu. Ég brann út af því að ég fór óvarlega með mína orku, ég vann of mikið, kunni ekki að segja nei og ég tek fulla ábyrgð á því.“

Hvað lokaðirðu þig lengi inni?

„Ég veit það ekki alveg. En ég var bara glöð þegar Covid kom,“ svarar hún og brosir. „Ég bara vissi ekkert hvernig ég ætti að vera innan um annað fólk í dálítinn tíma. Þegar maður fær svona stimpil á sig, að vera ofbeldismanneskja, þá tekur það á. Þú verður að athuga að Helgi Hrafn hafði fengið þann titil að vera vinsælasti þingmaður Íslands og fólk fékk áfall, að hann skyldi hafa ráðist svona á mig.“

Verstu álögin að vera þekktur

Heldurðu að það sé erfiðara fyrir svo opinbera og þjóðþekkta persónu sem þig að missa heilsuna og leita aðstoðar en lítt þekkta einstaklinga úr hópi almennings?

„Ég gleymi því alltaf að einhver viti hver ég er,“ svarar hún, kannski bæði í gríni og alvöru.

„En ef ég ætti óvin og vildi setja á hann slæm álög myndi ég óska honum þess að verða heimsþekktur,“ bætir hún við.

Krefst meira hugrekkis fyrir hina þekktu að leita sér hjálpar?

„Nei, ekki finnst mér það, en ég þori ekki að sækja um vinnu, ég er svo hrædd við höfnun. Það er líka svo erfitt þegar það kemur fram í fjölmiðlum að Birgitta sótti um vinnu en fékk ekki. Þess vegna bý ég til mínar eigin hugmyndir og reyni að framkvæma þær.“

Kona fjölmarga hatta

Ljóðskáldið Birgitta, listamaðurinn Birgitta, móðirin sem berst fyrir hag barna sem hafa glímt við áskoranir og fallið niður um sprungur á kerfinu, einn áhrifamesti stjórnmálamaður síðari tíma sem stofnaði tvo flokka og kveikti nýja von í hjörtum margra, allt þetta er Birgitta. Það er auðvelt að skilja að slíkir samfélagsbrimbrjótar geti kiknað undan álagi.

„Allir fá sinn öldudal og ég er viss um að við getum öll komist upp úr þeim dal en við þurfum að gera það sjálf og þá ekki síst með því að biðja um aðstoð frá öðrum.“

Er það lykillærdómur?

„Það skiptir mjög miklu máli að við komust á þann stað að sjá hvað við getum lært af áföllum. Hvernig við getum tekið ábyrgð á eigin líðan.“

Stigin út úr hellinum

Birgitta segist svo heppin að hafa unnið mikið með fólki erlendis sem sér hana eins og hún er. „Það sér hæfileika mína, þekkingu og reynslu. Ég hef fengið tækifæri til að vinna með frábæru fólki, miðla áfram reynslu, þekkingu og styrk í alls konar málum. Ein ástæða þess að ég hef verið algjörlega ósýnileg síðustu ár er að ég hef passað mig á hverju ég deili vegna þess að ég hef ekki viljað athygli fjölmiðla um skeið. En ég er aðgengileg manneskja þegar ég kem út úr helli mínum.“

Þú ert að stíga fram á ný?

„Já, og það er svo skemmtilegt að ég átti vinkonu þegar ég var 14 ára, við vorum samlokur. Svo skildi leiðir. Ég fór á Núp og svo hittumst við aftur núna og náðum rosalega vel saman. Við vorum báðar að vinna úr burnouti, og náðum að efla styrkleika hvor annarrar. Hún er mikið náttúrubarn, fer mikið í sund eins og ég er búin að uppgötva að hjálpar mér líka og það að vinna með henni hjálpaði mér rosalega. Bæði það og sjálfsvinna með öðru fólki sem er á öðrum stað í lífinu og nota bene, það kostar ekkert að taka þátt í svona endurhæfingu. Ég er aftur komin á þann stað að vita hvað kveikir í mér.“

Langar að verða þingfréttaritari

Og hvað er það sem kveikir helst í þér núna?

„Ég fór að hugsa að mér hefur alltaf þótt vænt um stofnunina Alþingi, þótt vænt um hugmyndina um Alþingi eins og mér þykir vænt um hugmyndina um nýja stjórnarskrá. Ég fór að hugsa hvað það væri skrýtið að það væri bara einn þingfréttaritari hér á landi, sem gerir líka einhverja matreiðsluþætti og hefur tengsl við embættismannakerfið. Það var enginn niðri í þinghúsi nema þegar hálftími hálfvitanna stóð yfir [umræður um störf þingsins] eins og fyrrverandi samflokksmaður minn kallaði það. Það vantar óháðan þingfréttaritara þannig að ég er núna að fara að ganga í alla flokkana svo ég fái bréf frá þeim. Mig langar að vera rosa mikið niðri í þinghúsi, langar að tala við alla þessa nýju þingmenn, vera líka með visst aðhald. Það er ekki bara það sem gerist innan ráðuneytanna sem skiptir máli.“

Ertu komin svo langt að sjá fyrir þér vettvang til að miðla störfum þingfréttaritara?

„Ég er að byrja að ræða við ritstjóra og er að fá lánaða dómgreind. Það væri best að gera þetta í samstarfi við fjölmiðil, ég á ennþá gamlan blaðamannapassa en veit ekki hvort hann er gildur ennþá.“

Heimildarmynd í bígerð

Fleira er á döfinni. Heimildarmynd um Birgittu.

„Það er verið að klára heimildarmynd um mig sem hefur verið rosalega lengi í vinnslu. Hún er núna komin niður í fjóra tíma, og það hafa alls konar sérfræðingar komið að henni. Konan sem er að gera þessa mynd fékk Óskarsverðlaun. Hún ætti að koma út á næsta ári.“

Verður myndin um allt þitt líf?

„Nei, bara verkin mín. Ég er með fullt fang af tengingum erlendis frá, mikla þekkingu, heilan fjársjóð. Mig langar að gefa þjóðinni þetta en passa hvergi inn. Ég er sjálfmenntuð og núna er ég algjörlega sátt við það.

Ég vil vera öðruvísi.“ ■

HMS

Stofnframlög

Fjölgum íbúðum fyrir tekju- og eignalága

Opið fyrir umsóknir um stofnframlög

Auglýst er eftir umsóknum í seinni úthlutun fyrir árið 2021 um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

Umsóknarfrestur lengdur til 22. nóvember 2021

Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu HMS.

Til þess að hægt sé að meta umsókn þurfa öll gögn skv. 14. gr.

reglugerðar nr. 183/2020 að skila sér innan umsóknarfrests.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, www.hms.is.

Borgartúni 21, 105 Rvk - Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki **hms.is**

Forpöntun 2022 kynningarverð

TIL 15. DESEMBER

GRJÓTHARÐIR GARÐBEKKIR



VIÐHALDSFRÍIR BEKKIR ÚR GRANÍT





Tilboð:

130 cm breiðir ca 140 kg.
Grár, svartur eða paradiso
Hægt að grafa letur eða logo í bak eða sessu gegn aukagjaldi.
Forsöluverð 230.000 (~~295.000~~)

Afhending í byrjun maí.
Frír flutningur um allt land.
Staðfestingargjald 100.000

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

s: 466 2800 / 899 9370
sala@minnismerki.is
steinsmidjaakureyrar.is

Unga fólkið er ekki hrætt við að taka skrefið



Björk Eiðsdóttir
björk
@frettabladid.is

Tinna Hallgrímsdóttir hefur vakið mikla athygli sem ötull formaður félags Ungra umhverfissinna og hefur undanfarna viku fært landanum fréttir af loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow.

En hver er þessi skelegga kona sem brennur fyrir bættri framtíð og ver mestöllum tíma sínum í að leita leiða að henni? Tinna er fædd árið 1994 og er því 27 ára gömul. Hún er í grunninn Kópavogsbúi sem kláraði stúdentspróf af eðlisfræðibraut í Menntaskólanum í Reykjavík og þaðan lá leiðin í Háskóla Íslands. Þar lagði hún stund á iðnaðarverkfræði og ákvað svo að bæta við meistaraprófi í umhverfis- og auðlindafræði sem hún vinnur enn að ásamt viðbótardiplóma í hagnýtum jafnréttisfræðum.

Tinna segist alltaf hafa tengt mikið við umhverfismál en sá áhugi hafi aukist á menntaskólaárunum. „Ég byrjaði þá að reyna að minnka akstur, borða minna af dýraafurðum og kaupa mér sjaldnar föt. Ég reyndi jafnframt að hafa áhrif á fólkið í kringum mig, en þarna var þetta þó mjög einstaklingsmiðað."

Hoppaði beint inn í málefnið

Hún segist þó fljótt hafa fundið að það dygði ekki til og hana langaði að hafa meiri áhrif. „Þá byrjaði ég í Ungum umhverfissinnum," segir hún en félagið var stofnað árið 2013.

„Ég þekkti engan þar heldur var ég einfaldlega að fylgja öllu sem hét eitthvað „umhverfis" á samfélagsmiðlum og rakst einhvers staðar á félagið og auglýstan aðalfund. Ég bjó í Frakklandi á þeim tíma og hafði verið virk í femínisma en var ekki farin að beita mér í umhverfismálum. Þarna hoppa ég beint inn í það málefni og hef ekki stoppað síðan," segir Tinna sem sendi félaginu framboðsmyndband frá Frakklandi og var kjörin í stjórn.

„Nú hef ég verið í félaginu í fjögur ár en finn í ár að við erum að stækka mikið. Það var ekki síst verkefnið Sólin í kringum síðustu alþingiskosningar sem kom okkur á radarinn hjá mikið stærri hópi." Tinna á þá við kvarða sem félagið réðst í að hanna til að meta umhverfis- og loftslagsmál í stefnu allra stjórnmálaflokka í aðdraganda kosninganna. Kvarðinn, sem var hannaður af teymi ungra fræðikvenna í samstarfi við stjórn félagsins, vakti mikla athygli og umtal.

„Við höfum fengið að langmestu leyti mjög góð viðbrögð, bæði frá almenningi og stjórnmálafólki sem þakkaði margt fyrir þá dýrmætu rannsóknarvinnu sem við unnum um góða umhverfisstefnu, og afhentum þeim. Auðvitað var fólk missátt við þá einkunn sem flokkur þeirra hlaut en það hefði nú mátt reikna það út fyrir fram enda var kvarðinn opinber og stigagjöfin gagnsæ."

Pikkar ekki í fólk

Aðspurð um viðbrögðin þegar hún fyrir rúmum áratug fór að taka fyrstu skref að umhverfisvænni lífsstíl svarar Tinna: „Þau voru þá aðallega varðandi mataræðið," en Tinna er í dag grænkeri eða vegan sem þýðir að hún neytir engra dýraafurða. „Það gerðist þó ekki á einni nóttu. Þegar ég var 16 ára hætti ég að borða kjúkling, svo aðeins seinna svínakjöt og þar fram eftir götunum. Ég er ekki að pikka sjálf í fólk – það er mikið frekar öfugt. Þegar fólk veit að ég er virk í umhverfismálum vill það oft koma fram með einhverjar játningar, segir mér að það sé enn að keyra bíl, borða kjöt og svo framvegis. Mitt svar er að þetta er ekki mitt persónulega mál, heldur varða umhverfismálin framtíð okkar allra," segir Tinna.



Tinna segir það skipta miklu að umhverfisvæna valið sé auðveldasta valið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Það er mjög hættulegt ef við festumst öll í einstaklingsmiðaðri hugsun þegar orkan á að fara í samstöðu um að þrýsta í kerfislægar breytingar. Ég á ekki sjálf að þurfa að eyða tíma, orku og peningum í að vera umhverfisvæn. Það á bara að vera auðveldasta valið, alltaf. Það á bæði að vera auðvelt að taka umhverfisvænu ákvörðunina, og erfitt að taka þá óumhverfisvænu," segir hún ákveðin. „Þannig ætti þetta að vera hannað svo ég sem neytandi ætti að geta tekið rétta ákvörðun án þess að hugsa út í það. Það hafa ekki öll tíma til að vera að pæla mikið í þessum málum."

Er rafmagnsbíll fórn?

Tinna rifjar upp erindi Andra Snæs Magnasonar á seinasta upplýsingafundi Loftslagsverkfallsins, sem hún stóð fyrir, nýverið. „Við erum oft að líkja umhverfismálum við Covid. Þegar hann spurði fólk hverju það hefði fórnað síðastliðna 18 mánuði vegna Covid voru svörin alls konar. En svo erum við að tala um mun stærri áskorun til mun lengri tíma: Stærstu áskorun sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir og hann spurði hverju fólk hefði fórnað eða breytt í þeim efnum og það var voðalega lítið. Fólk svaraði kannski að það hefði keypt sér rafmagnsbíl, en er það fórn?"

Tinna segist finna það vel á yngra fólkinu og þá fremur en þeim sem eldri eru, hversu áríðandi þær breytingar sem ráðast þarf í séu og á hversu stórum skala þær þurfi að vera.

„Þetta er ekki lítið vandamál. Þetta er Covid-skala vandamál og við verðum að bregðast við á þann hátt. Í Covid voru það yfirvöld sem settu á hömlur og það sama þarf að gerast í loftslagsmálum þó við þurfum einnig að taka persónulega ábyrgð."

U-beygja nauðsynleg

Tinna segist vona að þær breytingar sem henni fannst sjáanlegar á stefnum flokka eftir að kvarðinn var gefinn út, raungerist. „Man verður að vera bjartsýn, sérstaklega í þessum málaflokki, ég get ekki annað. En það þarf U-beygju í umhverfismálunum. Það er aðeins undanfarin ár sem við erum farin að beygja aðeins af leið en erum enn langt frá því að snúa skipinu við."

Tinna segir ákveðna hugarfarsbreytingu mikilvæga þegar kemur að breytingum.

„Við verðum að átta okkur á því að þó við lítum á eitthvað sem fórn í upphafi mun það orsaka betra líf fyrir okkur öll. Til dæmis þegar við hættum að miða allt við einkabílinn og einblínum á almenningssamgöngur, endum við með betri byggðamynstur, frelsi og nálægð við alla þjónustu. Ef vel tekst til aukum við aðgengi fleiri hópa að samfélaginu með tilliti til fötlunar, aldurs og tekna og svo má ekki gleyma jákvæðum lýðheilsuáhrifum. Það er margt sem helst í hendur."

> Fyrst mannkyn gat haft svona mikil neikvæð áhrif – þýðir það að við getum haft jafn mikil jákvæð.

Ekkert frelsi í málmkassa

Það er langt síðan Tinna sagði skilið við einkabílinn og saknar hans ekki.

„Það er ekkert frelsi að setjast inn í málmkassann sinn, festast í umferð, leita að bílastæði og borga fyrir það. Það vantar að fólk sé tilbúið að stökkva í þessar breytingar og ég sé mun á kynslóðum í þeim efnum, unga fólkið sér fram yfir breytingaferlið og inn í framtíðarsamfélagið sem við viljum. Þau eru því ekki hrædd við að taka skrefið."

Þó að Tinna reyni að vera bjartsýn segir hún ljóst að þær aðgerðir sem við höfum nú þegar ráðist í séu ekki nægilegar til að við náum settum markmiðum. „Við erum með svo mikið forskot á að ná virkilega góðum árangri í loftslagsmálum en mælumst þó með eina mestu losun Evrópuríkja miðað við höfðatölu. Það er auðvitað fáránlegt og við viljum ekki trúa þessu og erum enn föst í hugsuninni að Ísland sé best í heimi. Við vorum það þegar við tækluðum orkuskiptin í húshitun og rafmagni en við megum ekki bara stoppa þar."

Það er rifa á glugganum

Loftslagskvíði er nýyrði en orðið felur í sér kvíða, áhyggjur og óvissu vegna loftslagsbreytinga. Aðspurð segist Tinna ekki fara varhluta af þeirri tilfinningu, annað væri í raun skrítið miðað við vitneskjuna sem hún sankar að sér daglega.

„Í nýjustu skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar kemur fram að það séu helmings líkur á að við náum 1,5 gráða hlýnun á fyrri hluta fjórða áratugar þessarar aldar. Mér féllust hendur þegar ég las þetta," viðurkennir Tinna en bætir við að skýrslurnar séu oftast ekki að segja neitt nýtt heldur einfaldlega með meiri vísindalegri vissu. „Það eru þessar óafturkræfu breytingar sem ég hræðist mest. Ef við náum ekki að takmarka hlýnun við 1,5 gráður eru miklar líkur á að við förum yfir ákveðna þröskulda og þá erum við búin að missa algjörlega stjórn á hlýnuninni."

Tinna bendir þó á að vísindin segi að enn sé von. „Það er rifa á glugganum núna en ef við ráðumst ekki í breytingar núna getum við haldið áfram að losa í svona sjö ár en verðum svo að hætta að losa alfarið. Markmiðið er því að reyna að beygja losunarkúrfuna niður eins hratt og hægt er og ná um sex til sjö prósenta samdrætti í losun árlega á hnattræna vísu. Það er ekki óraunhæf krafa og vel mögulegt. Fyrst mannkyn gat haft svona mikil neikvæð áhrif – þýðir það að við getum haft jafn mikil jákvæð," segir Tinna og það er ekki úr vegi að spyrja hvort hugurinn stefni í pólitík.

„Já, ég hef áhuga á að fara í pólitík, en veit ekki alveg hvenær. Mig langar að finna þann stað þar sem ég hef alvöru áhrif," segir hún. ■

Umhverfisvænt val Tinnu

- Labbar allt eða notar almenningssamgöngur.
- Er vegan.
- Kaupir nær eingöngu notuð föt fyrir utan kannski nærföt, sundföt eða einstaka vandaða vöru með notagildi í huga.
- Bætir ekki aukahlutum inn á heimilið og kaupir húsgögn notuð.
- Takmarkar flug og reynir að samtvinna ferðir.
- Kolefnisjafnar flugferðir sínar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 6. nóvember 2021





Kal Penn með nýju bókina sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kal Penn kom út úr skápnum

oddurfreyr@frettabladid.is

Leikarinn Kal Penn, sem er líklega frægastur fyrir hlutverk sitt í Harold & Kumar-kvikmyndunum, sagði frá því nýlega í viðtali við People-tímaritið að hann væri samkynhneigður og trúlofaður maka sínum til ellefu ára. Hann opnaði sig um ástarlífið vegna útgáfu sjálfsævisögu sinnar, You Can't Be Serious.

Penn segist alltaf hafa verið opinn varðandi kynhneigð sína við fólk sem hann á í samskiptum við og hann sé spenntur fyrir því að segja lesendum frá sambandi sínu, en að hans nánustu séu ekki hrifin af sviðsljósinu.

Uppgötvaði kynhneigðina seint

Í bókinni segir Penn meðal annars frá fyrsta stefnumóti hans og unnustans, sem heitir Josh. Hann skildi ekkert í því að Josh vildi horfa á bíla keyra í hringi í NASCAR-kappakstrinum og var viss um að þetta myndi ekki ganga, en tveimur mánuðum síðar voru þeir svo allt í einu farnir að horfa á NASCAR á hverjum sunnudegi.

Penn sagði líka að hann hefði uppgötvað kynhneigð sína frekar seint og að fólk áttaði sig á henni á ólíkum tímaskeiðum lífsins.

Hann segist þakklátur fyrir að hafa fengið mikinn stuðning frá sínum nánustu og bætti við í gríni að þegar þú sért búinn að segja indverskum foreldrum að þú ætlir að gerast leikari, séu öll samtöl eftir það auðveld. ■





Katrín Garðarsdóttir, aðstoðarverslunarstjóri hjá Hrafnhildi, segir gefandi að hjálpa viðskiptavinum að finna réttu jólagjöfina fyrir makann. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jólagjöfin fæst hjá Hrafnhildi

Hjá Hrafnhildi er hægt að ganga að því vísu að finna ótal margt freistandi og fallegt í mjúka pakkann til heittelskaðra kvenna, mæðra, dætra, systra eða vinkvenna. Þar er nostrað við hvern jólapakka og þaulvanar afgreiðsludömur hjálpa til við að velja réttu gjöfina. 2



Geggjaðir upp-reimaðir skór Nero Giardini.



Skvísulegir hælaskór frá Nero Giardini eru gjöf sem gleður.



Leðurhanskar eru glæsileg jóla-gjöf sem kemur sér vel í vetur.



Hlýjar yfirhafnir og ullarkápur eru kærkomin jólagjöf.



Glæsilegir skór og töskur hitta alltaf í mark sem jólagjöf.



Verslunin hjá Hrafnhildi er komin í jólabúning. Þar má finna endalaust úrval af fallegum jólagjöfum við allra hæfi. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**



Þýsku náttfötin frá Ringella, Féraud og Rösch hafa undanfarin ár verið afar vinsæl í jólapakkana. Þau eru vönduð og á hagstæðu verði.

„Hvort sem það er fyrir systur, dóttur, móður eða betri helming-inn, þá aðstoðum við þig við að finna hina fullkomnu gjöf sem hittir beint í mark," segir Katrín Garðarsdóttir, aðstoðarverslunar-stjóri hjá Hrafnhildi.

Nú er verslunin hjá Hrafnhildi á Engjateigi komin í jólabúning og hvarvetna má sjá fallega gjafavöru í jólapakkana.

„Leðurhanskar eru alltaf vin-sælir til gjafa, sem og silkislæður, ullartreflar, hlýjar peysur, skart og önnur smávara," upplýsir Katrín.

Hún bendir jafnframt á að verslunin sé komin með öfluga vefverslun, hjahrafnhildi.is.

„Þar getur fólk pantað jóla-gjafirnar í rólegheitunum heima og látið okkur um að pakka þeim inn og merkja, og senda jafnvel beint til viðtakenda," segir Katrín um vefverslunina.

Náttföt vinsælasta jólagjöfin

Undanfarin ár hafa þýsk náttföt frá Ringella, Féraud og Rösch slegið í gegn hjá Hrafnhildi.

„Þýsku náttfötin eru vönduð og á hagstæðu verði," segir Katrín um náttfötin, sem flest eru úr nátt-úruefnum, svo sem viskós, bómull og módal. Náttkjólarnir kosta frá 9.980 krónum og náttfötin frá 12.980 krónum.

„Margir af okkar viðskiptavin-um kaupa sér ný náttföt á hverri aðventu, sem gjöf frá mér til mín, enda fátt betra en að skríða upp í brakandi ferskt rúm í nýjum nátt-fötum á aðfangadag," segir Katrín.

„Eins má gera ráð fyrir að heimagallar verði vinsælir í ár og hefur úrvalið sjaldan verið eins gott og fyrir þessi jól. Heimgall-arnir eru Covid-áhrif sem nú koma fram í tískunni því öll okkar helstu vörumerki eru með heima-galla á boðstólum fyrir veturinn. Á toppnum trónir fallegt, svart merínó-ullarsett frá Stenströms."

> **Flestir þekkja vel hversu mikill höfuðverkur getur verið að finna réttu jólagjöfina fyrir makann. Áhyggj-urnar eru þó ástæðu-lausar því við hjá Hrafn-hildi erum þaulvanar í að aðstoða fólk við að kaupa gjöf fyrir betri helminginn.**
>
> Katrín Garðarsdóttir

Fyrir betri helminginn

Katrín segir flesta þekkja vel hversu mikill höfuðverkur getur verið að finna réttu jólagjöfina fyrir makann.

„Öll viljum við standa okkur og gera vel, og þetta getur verið örlít-ið stress á aðventunni. Áhyggj-urnar eru þó ástæðulausar því við hjá Hrafnhildi erum þaulvanar í að aðstoða fólk við að kaupa gjöf fyrir betri helminginn."

Algengt sé að hlý yfirhöfn eða falleg silkiskyrta verði fyrir valinu.

„Við höfum einnig tekið eftir því að eiginmennirnir eru farnir að koma til okkar að skoða Sten-ströms-vörur fyrir konurnar sínar, enda hafa þeir margir hverjir góða reynslu af skyrtum og peysum frá Stenströms. Ullar-ponsjó og silki-skyrtur frá Stenströms hafa verið vinsælar jólagjafir en það nýjasta í vetur eru síð, stönguð dúnvesti og dúnúlpur. Þeir sem treysta sér alls ekki til að velja geta andað léttar, því gjafakortin okkar eru einnig vinsæl gjöf. Þau gilda allan ársins hring og renna ekki út," segir Katrín.

Gjafainnpökkun

Öllum gjöfum sem keyptar eru hjá Hrafnhildi er pakkað inn í fallegar gjafaöskjur.

„Nostrað er við hvern einasta pakka, enda skiptir heildarupplif-unin máli," segir Katrín. ■

Hjá Hrafnhildi er á Engjateig 5 í Reykjavík. Sími 581 2141. Skoðið vefverslunina hjahrafnhildi.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið rit-stjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.


Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

PROBI® FAMILY

eru bragðgóðar tuggutöflur fyrir
alla fjölskylduna - frá 3 ára aldri.



PROBI® FAMILY inniheldur:

Sérvalda samsetningu af
einkaleyfavörðum mjólkursýrugerlum
sem hafa jákvæð áhrif á ónæmiskerfið
auk fólasín, D- og B12- vítamín.

PROBI® vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og stórmörkuðum.

Pendúll og Blik – tvær hliðar á sama tímabili



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria
@frettabladid.is

Hljómsveitin Árstíðir gefur út tvær nýjar plötur, Pendúl nú í nóvember og Blik næsta vor. Tónlistin á plötunum tveimur var öll samin á Covid-tímum síðustu tvö ár. Bandið skipa þeir Ragnar Ólafsson, Daníel Auðunsson og Gunnar Már Jakobsson.



Frá vinstri: Gunnar Már, Daníel, Sakaris Emil Joensen, pródúsent bandsins, og Ragnar eru hér staddir í hljóðveri á Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Árstíðir var stofnuð árið 2008 í fjármálakreppunni sem er flestum enn fersk í minni. „Við erum í raun fyrsta alvöru kreppubandið enda var bandið stofnað í sama mánuði og bankarnir hrundu. Kjarninn í bandinu erum við þrír stofnendur hljómsveitarinnar, ég, Daníel og Gunnar. Á tímabili vorum við flestir sex samtals í bandinu og meðal annars sellóleikari og fiðluleikari. Strengjahljóðfæri eru enn stór hluti af okkar hljóm og eru jafnan selló- og fiðluleikari með okkur á sviði," segir Ragnar.

Ólíkar áttir sem sameinast í einlægum röddduðum söng

Meðlimirnir þrír koma úr mismunandi áttum en eru allir lagahöfundar í hljómsveitinni. Upphaflega einblíndi hljómsveitin á órafmagnaða tónlist. „Við spiluðum allir á gítar og lékum okkur að því að radda söng. Núna spila ég á píanó á tónleikum. Sjálfur kem ég úr rokkáttinni úr böndum á borð við Ask the Slave. Þá hef ég komið fram með Sólstöfum og Sign. Gunnar er með raddaðan söng í blóðinu og tók þátt í uppsetningu á söngleik í menntaskóla. Hann spilar á baríton gítar, millistig klassísks gítars og bassa, sem gefur bandinu sérstakan hljóm. Daníel er svo gítarleikari af lífi og sál. Við tveir sameinumst í sameiginlegri aðdáun á poppböndum sem nýta raddaðan söng eins og Simon & Garfunkel og Bítlunum. Þetta er frjótt samstarf og hefur líklega aldrei verið frjórra en núna eftir þennan blessaða faraldur," segir Ragnar.

Hvað er það sem veitir ykkur innblástur?

„Það er klárlega eyjan okkar sem fyllir okkur innblæstri. Á fyrstu plötunni okkar sáum við að öll lögin okkar fjölluðu sjálfkrafa um árstíðirnar á Íslandi, veðrið, birtuna, myrkrið og fleira. Þannig kom nafnið á sveitinni."

Íslenski sálmurinn sem kom hljómsveitinni á kortið

Árstíðir fékk gífurlega athygli víða um heim þegar myndband af þeim að syngja íslenskan sálm á lestarstöð fór eins og eldur í sinu á YouTube. „Frá því 2011 höfum við aðallega einbeitt okkur að því að spila og túra erlendis og er stærsti aðdáendahópurinn okkar frá Þýskalandi. Árið 2013, þegar við vorum á tónleikaferðalagi í Þýskalandi, enduðum við á að syngja sálminn Heyr himna smiður á lestarstöð í Wuppertal. Myndbandið af þessum gjörningi okkar fór út um allan heim og í kjölfarið opnuðust margar dyr fyrir okkur í tónlistarbransanum." Síðan þá hefur þetta aldagamla íslenska lag ferðast víða og birst í ýmsum sjónvarpsseríum og fleiru. „Það er heiður fyrir okkur að kynna íslenska menningu fyrir heiminum á þennan hátt, þó svo lagið hafi lítið með okkar tónlist að gera, annað en að vera raddaður flutningur."



Strákarnir í stúdíóinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ragnar viðurkennir að þeir séu allir komnir með smá leiða á sálminum enda hefur himnasmiðurinn fylgt þeim lengi. „Það er þó þannig að ef við erum í fallegum kirkjum með góðan hljómburð, þá skiptir ekki lengur máli hversu oft maður er búinn að syngja Heyr himna smiður, hann á alltaf við."

Opna hjörtun upp á gátt

„Raddaður söngurinn sameinar okkur þrjá og við hikum aldrei við að sýna brothættu hliðina á okkur sjálfum. Líklega er það ástæða þess að annað hvort elskar fólk okkur eða þolir okkur ekki. Það er óvanalegt í popptónlistarheiminum að sjá þrjá stráka syngja svona vært og opna hjörtu sín upp á gátt.

Við höfum aldrei reynt að vera kúl á sviðinu. Tilfinningin ræður í tónlistinni og tengir okkur við aðdáendur okkar. Við erum engir kórdrengir, eiginlega langt frá því, en við getum vel sungið eins og kórdrengir. Maður myndi halda að hljómsveit þar sem þrír drengir opna hjarta sitt í röddduðum söng, myndi helst höfða til kvenna, en tölfræðin segir okkur að fleiri karlar hlusta á okkur en konur. Meðalaðdáandi Árstíða er enda 34 ára karlmaður sem býr í Dortmund eða San Diego," segir Ragnar og hlær. Hann bætir þó við að aðdáendahópurinn sé mjög fjölbreyttur og í Rússlandi sé hópurinn almennt yngri.

Vetur og sumar fæddust í faraldri

Hljómsveitin sat ekki auðum höndum í faraldrinum heldur samdi um 30 lög sem hún gefur út á tveimur plötum, Pendúl og Bliki. „Undanfarin ár höfum við verið duglegir að gefa út plötur og koma fram erlendis. Þegar faraldurinn skall á stöðvaðist allt og okkar helsta tekjulind hvarf. Á vissan hátt vorum við að semja okkur frá ástandinu. Við skilgreindum okkur sem fjölskyldu, enda unnið saman í rúmlega þrettán ár og orðnir eins og hálfgerðir bræður. Hljómsveitin og fjölskyldur okkar var faraldurskúlan okkar.

Við höfum setið á tónlistinni eins og ormar á gulli og núna þegar lítur út fyrir það ætli að létta á ástandinu, ætlum við að gefa efnið út og kveðja faraldurinn með stæl. Efnið sem við sömdum er af ýmsum toga, sumt er á íslensku, annað á ensku. Þetta skiptist líka þannig að íslensku lögin eru þyngri og dramatískari og ensku lögin bjartari og léttari. Því lá beint við að skipta efninu upp í tvær plötur: Pendúll inniheldur íslensk lög sem passa við vetrarmyrkrið og kemur út í nóvember. Blik kemur svo út í maí sem á vel við. Þetta eru eins og bróðir og systir."

Skynjun tímans og brenglun var þeim sérlega hugleikin

Næstu mánuðir fara í að klára að vinna Blik og halda áfram að þróa konseptið á bak við plöturnar. „Við byrjuðum á því að þróa konseptveröldina með aðdáendum okkar í samstarfi við hinn kynngimagnaða fjöllistamann Pieter Hoekstra. Heildarhugmyndin er um það hvernig fólk skynjar tíma. Þegar við vorum að semja í faraldrinum voru allir dagar svo lengi að líða. Samt leið tímabilið ótrúlega hratt. Upplifun okkar á tímanum brenglaðist og það fannst okkur áhugavert að vinna með. Við báðum aðdáendur okkar að deila með okkur tímahugleiðingum sínum. Þá höfum við soðið okkar eigin pælingar og aðdáenda okkar niður í veigamikið konsept sem birtist í umslagaverkunum sem fylgja plötunum tveimur. Pendúll vísar svo auðvitað í tíma, sem og nafnið Blik, samanber augnablik. Svo hafa báðir titlarnir auðvitað mun fleiri skírskotanir."

Markmið söfnunarinnar náðist á einungis fjórum dögum

„Okkar tekjur koma mestmegnis úr því að túra en það var auðvitað ekki möguleiki í faraldrinum. Við stofnuðum því til hópsöfnunar fyrir mánuði síðan til að koma plötunum tveimur út. Það kom okkur skemmtilega á óvart að ná markmiðinu á fjórum dögum. Í dag erum við búnir að skjóta langt yfir markið sem við settum okkur og höfum því sett okkur aukamarkmið. Að taka upp enn aðra plötu með röddduðum lögum á borð við Heyr himna smið og fleiru. Okkur hefur lengi langað til að gera þetta og aðdáendur okkar hafa beðið um þetta lengi. Núna höfum við tækifæri til þess.

Svona hópsöfnun er mjög góð leið til að fjármagna plötuútgáfu, sérstaklega í kjölfar samkomutakmarkana. Tónlistarmenn eru orðnir sligaðir eftir faraldursástandið, enda er erfitt fyrir móralinn og egóið að fá ekki að spila fyrir lifandi áhorfendur. Með þessu fáum við smá búst og vitum að við eigum enn þá erindi við hlustendur okkar.

Svo er planið að fara í tveggja vikna tónleikaferðalag um Evrópu í desember að fylgja Pendúl eftir. Þetta verður okkar fyrsta tónleikaferðalag síðan 2019, en vissulega spiluðum við á nokkrum erlendum festivölum í sumar." Hópsöfnuninni lauk 1. nóvember en það verður enn hægt að kaupa plöturnar sjálfar í forsölu á vefsíðunni. Svo spilum við í Fríkirkjunni 30. desember eins og hefð er fyrir hjá okkur," segir Ragnar að lokum. ■

> Meðalaðdáandi Árstíða er enda 34 ára karlmaður sem býr í Dortmund eða San Diego.
>
> Ragnar Ólafsson



FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Viltu móta framtíðina með okkur?

FRAMKVÆMDASTJÓRI EIGNA- OG AÐSTÖÐUSTÝRINGAR

Við leitum að öflugum og framsýnum stjórnanda til að byggja upp nýtt stefnumarkandi svið sem hefur það hlutverk að stýra og þróa eignasafn FSRE með hliðsjón af þörfum ríkisins, bæta gæði aðstöðu og lækka kostnað við rekstur eignasafnsins.

Meðal lykiláherslna á næstu misserum verður innleiðing langtímaáætlana um nýtingu og þróun eignasafnsins sem og þróun og innleiðing viðmiða í ólíkum eignaflokkum á grundvelli verndargildis eigna og þróunar samfélagsstærða.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stefnumörkun, fjármögnun og þróun eignasafns FSRE í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið
- Ábyrgð á stýringu eignasafns, frumgreining og mat á fjárfestingakostum, hagkvæmniútreikningar og ákvörðun leigugjalds
- Ábyrgð og umsjón með kaupum og sölu fasteigna FSRE og öflun ytri leigusamninga
- Þróun og innleiðing framkvæmda- og fjárfestingaáætlunar ríkisins í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið
- Samskipti við ráðuneyti, stofnanir og aðra hagsmunaaðila vegna stefnumörkunar
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri, mannauðsmálum og nýsköpun sviðsins sem og stafrænni þróun þess
- Áætlanagerð, stefnumótun og þátttaka í framkvæmdastjórn FSRE

FRAMKVÆMDASTJÓRI LEIGUÞJÓNUSTU

Við leitum að öflugum og lausnamiðuðum stjórnanda til að byggja upp nýtt svið Leiguþjónustu sem hefur það hlutverk að leigja út, viðhalda og reka viðeigandi aðstöðu fyrir ríkisaðila með hagkvæmni, sjálfbærni og ánægju og þarfir notenda að leiðarljósi.

Meðal lykiláherslna á næstu misserum verða þróun þjónustuleiða og lausna sem styðja við aukna skilvirkni í opinberri þjónustu um leið og leitast verður við að hámarka nýtingu eigna.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á og eftirfylgni með þjónustuupplifun viðskiptavina
- Samskipti við ráðuneyti, stofnanir og aðra hagsmunaaðila í tengslum við leigusamninga og þarfir þeirra fyrir aðstöðu á hverjum tíma
- Ábyrgð á gerð og eftirfylgni áætlana vegna viðhalds og rekstrar aðstöðu
- Þróun og veiting notendaráðgjafar um nýtingu og bætta aðstöðu
- Þróun aðstöðutengdrar þjónustu í húsnæði ríkisaðila s.s. vegna búnaðar, stoðþjónustu og stafrænna innviða
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri, mannauðsmálum og nýsköpun sviðsins og stafrænni þróun þess
- Áætlanagerð, stefnumótun og þátttaka í framkvæmdastjórn FSRE

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

Framkvæmdasýslan og Ríkiseignir sameinuðu nýverið krafta sína undir heitinu Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir (FSRE). Sameinuð stofnun þróar og rekur aðstöðu á vegum ráðuneyta, stofnana og annarra ríkisaðila og gegnir með því mikilvægu hlutverki í þjónustu við borgarana.

Eignasafn FSRE samanstendur af 530 þúsund m² húsnæðis í 380 eignum auk um 300 jarða og landsvæða.

Um þessar mundir vinnum við að um 130 þróunarverkefnum sem snerta flest svið mannlífsins; s.s. heilbrigðis- og velferðarmál, menningu, menntun, löggæslu, dómskerfi, náttúru og friðlýst svæði.

Framundan eru spennandi tímar í þróun sameinaðrar stofnunar. Við leitum því að jákvæðu og drífandi fólki sem hefur brennandi áhuga á að taka þátt í vegferðinni með okkur.

www.fsre.is

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 22. NÓVEMBER

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran, thelma@intellecta.is, og Helga Birna Jónsdóttir, helga@intellecta.is, í síma 511 1225

intellecta

Verkefnastjóri

Hefur þú ástríðu fyrir umhverfismálum og sjálfbærni hafsins og áhuga á að vinna í þverfaglegu og alþjóðlegu sjávarútvegsteymi MSC?

Marine Stewardship Council (MSC) leitar að metnaðarfullum einstaklingi í stöðu verkefnastjóra í Norður-Atlantshafsteymi félagsins með aðsetur á Íslandi. Vinna viðkomandi mun aðallega vera fyrir aðila á Íslandi, Færeyjum, Grænlandi en einnig að hluta fyrir norska aðila. Að auki felur starfið í sér viðamikil samskipti við aðrar skrifstofur MSC víða um heim. Verkefnin eru m.a. að vinna að framgangi MSC í samstarfi við hagsmunaaðila ásamt því að byggja upp og viðhalda þverfaglegum samböndum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Vinna að framgangi MSC á Norður-Atlantshafssvæðinu
- Kynna virði MSC vottunar fyrir nýjum hagsmunaaðilum ásamt því að aðstoða og styðja við núverandi aðila
- Skipuleggja fundi MSC ásamt öðrum viðburðum á vegum stofnunarinnar
- Þróa og útbúa kynningarefni MSC fyrir hagsmunaaðila á Norður-Atlantshafssvæðinu
- Hafa umsjón með rafrænum fréttabréfum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða í sjávarútvegsfræði, umhverfis- og auðlindafræði eða sambærilegt nám tengt náttúruauðlindum, sjálfbærni eða umhverfisstjórnun. Meistaragráða er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni, metnaður og drifkraftur
- Skipulagshæfni og geta til að vinna bæði sjálfstætt og í teymi
- Þekking á sjálfbærni og umhverfisvottunum er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Reynsla af kynningum og framsetningu efnis
- Reynsla af því að starfa með hagsmunaaðilum tengdum sjávarútvegi
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli. Kunnátta í norsku eða öðru Norðurlandatungumáli er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með **17. nóvember 2021**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi sem nýtist í starfi. Starfsferilskrá og kynningarbréfi þarf að skila inn á **ensku**. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni. Við hvetjum alla áhugasama aðila, óháð kyni, að sækja um.

Ítarlegri upplýsingar um starfið og MSC má finna á www.intellecta.is.
Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Hafnarfjörður

Mannauðsstjóri

Hafnarfjarðarbær leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi í starf mannauðsstjóra.

Mannauðsstjóri leiðir daglegan rekstur ásamt uppbyggingu og þróun mannauðsmála í samstarfi við stjórnendur. Mannauðsstjóri stýrir teymi mannauðsráðgjafa og hefur yfirumsjón með mannauðsstefnu sveitarfélagsins. Starfið tilheyrir stjórnsýslusviði og er næsti yfirmaður sviðsstjóri stjórnsýslu. Um fullt starf er að ræða.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þróun og eftirfylgni mannauðsstefnu og þeim hluta mannréttinda- og jafnréttisstefnu sem snýr að starfsfólki
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk í mannauðsmálum
- Stýring verkefna innan mannauðsteymis
- Ábyrgð á mannauðsferlum, þróun þeirra, samræmingu, innleiðingu, þjálfun og umbótum
- Fræðsla og starfsþróun fyrir stjórnendur og starfsfólk
- Ýmiskonar upplýsingamiðlun til starfsfólks
- Framkvæmd og eftirfylgni vinnustaðagreininga
- Umsjón og ábyrgð á jafnlaunavottun og jafnlaunastaðli

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistarapróf eða sambærilegt nám skilyrði
- Starfsreynsla á sviði stjórnunar og mannauðsmála
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og á sviði vinnuréttar er æskileg
- Þekking og reynsla af úrvinnslu tölfræðilegra gagna um mannauðsmál er kostur
- Leiðtogahæfni og reynsla af breytingastjórnun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni
- Mjög góð íslenskukunnátta í ræðu og riti og góð enskukunnátta

Hafnarfjarðarbær er þriðji stærsti bær landsins. Framsækið sveitarfélag sem byggir á fjölskylduvænu umhverfi, fyrirmyndarþjónustu og öflugu atvinnulífi. Hjá Hafnarfjarðarbæ starfa liðlega 2.000 manns. Áhersla er lögð á að hjá bænum starfi fólk sem getur veitt bestu þjónustu sem völ er á af þekkingu, ábyrgð og metnaði. Nánari upplýsingar um Hafnarfjarðarbæ má finna á **www.hafnarfjordur.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **22. nóvember 2021.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við BHM. Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar um að jafna hlutfall kynja í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

The Danish Embassy is looking for a new staff member

Position: Housekeeper
Type of employment: Part time employment
Starting date: Soon as possible
Location: Danish Embassy in Reykjavik, Hverfisgata 29

Deadline for application: 14. November 2021

The Danish Embassy in Reykjavik is looking for a new housekeeper in the Residence of the Ambassador interested in being part of the positive and dynamic Embassy team.

As housekeeper, you are coordinating the everyday representation in the Residence of the Ambassador. The housekeeper is responsible for the household in general and smooth operations like cleaning, washing and ironing as well as preparing occasional meals.

The housekeeper is responsible for setting tables for dinner and lunch events and further service operations before and after occasional receptions.

We are looking for the right person with a positive and flexible mind-set and with a keen interest in making a difference. Danish language skills is not a requirement but a good level of English is. Drivers' license is also a requirement. Working hours are 20 per week.

Place of work is the Danish Embassy Residence, Hverfisgata 29, 101 Reykjavik. The 20 hours are flexible. From time to time the job will further require evening or weekend shifts in connection with receptions and dinner events.

Payments for occasional extra hours will be separate and according to Icelandic terms and tariffs.

Terms of employment
Salary and employment conditions will be in accordance with qualifications and follow official Icelandic terms and tariffs and the conditions as locally employed at the Danish Embassy.

Salary and contract
Starting as soon as possible. The employment requires security clearance.

Application
You apply for the position by sending an email to rekamb@um.dk marked 'Housekeeper' with a brief resume and description of previous employment. The Embassy should receive your application no later than Sunday 14th November.

The Danish Ministry of Foreign Affairs wants to promote equality and diversity. Therefore, all qualified and interested regardless of age, gender, religion and ethnicity are encouraged to apply for the position.

Contact
If you have any questions, you are welcome to contact Deputy Head of Mission, Adam Grønholm: +354 888 4116 / adagro@um.dk

Danish Embassy • Hverfisgata 29 • 101 Reykjavik • Iceland

TANNLÆKNARÝMI TIL LEIGU Í VESTURBÆNUM

Tannlæknarými með stól og tækjum er laust til leigu. Á stofunni starfa þrír tannlæknar og pláss er fyrir þann fjórða. Fín aðstaða og góð staðsetning. Hagstæð leigukjör í boði.

Allar upplýsingar veitir Garðar í síma 863-0152 eða hbakki@simnet.is



INNRÉTTINGAR

Hönnun & söluráðgjöf

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og hugvit mikils metin og danskt handverk eftirsótt um allan heim. HTH hefur verið í Ormsson síðustu áratugi.

Við leitum eftir duglegum og skapandi einstaklingi sem hefur metnað fyrir því að starfa í skemmtilegu vinnuumhverfi með góðu samstarfsfólki.

Starfssvið:
Hönnun og teikning innréttinga
Þjónusta og sala til einstaklinga og verktaka
Tilboðsgerð og eftirfylgni með sölu

Menntun og hæfniskröfur:
Innanhússarkitektúr eða sambærileg menntun
Góð tölvukunnátta og reynsla af sölumennsku æskileg
Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðhorf
Frumkvæði, áræðanleiki og sjálfstæði í starfi
Skipulögð og öguð vinnubrögð

Um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að senda ferilskrá ásamt mynd og kynningarbréfi á póstfangið atvinna@ormsson.is. Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember.

ORMSSON

FJÖLSKYLDUSVIÐ GARÐABÆJAR
AUGLÝSIR EFTIR FÉLAGSRÁÐGJAFA

Fjölskyldusvið Garðabæjar óskar eftir að ráða öflugan og lausnamiðaðan félagsráðgjafa í fjölbreytt verkefni í almennri félagsþjónustu.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Starfsréttindi í félagsráðgjöf en til greina kemur að skoða umsækjendur með aðra háskólamenntun sem nýtist þjónustunni
- Jákvætt og lausnamiðað viðhorf og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki gagnvart notendum þjónustunnar og samstarfsfólki
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslenskri tungu er skilyrði
- Þekking og reynsla á meðferð fjölskyldumála er kostur
- Þekking og reynsla af almennri félagsþjónustu og virkniráðgjöf er kostur
- Reynsla af þverfaglegri teymisvinnu er kostur
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Annast meðferð mála einstaklinga og fjölskyldna innan félagsþjónustu, þ.m.t. félagslega ráðgjöf, virkniráðgjöf, fjárhagsaðstoð og félagslegt leiguhúsnæði
- Félagsleg ráðgjöf fyrir flóttafólk
- Samskipti við aðrar stofnanir við vinnslu einstaklingsmála
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu s.s. leikskólum, grunnskólum og öðrum þjónustustofnunum vegna málefna barna og fjölskyldna þeirra
- Þátttaka í stefnumótun, mótun verkferla, starfsáætlana og endurskoðun á reglum í málaflokknum
- Önnur verkefni sem sviðsstjóri felur viðkomandi

Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember 2021.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildigunnur Árnadóttir í síma 5258500 eða með því að senda tölvupóst á hildigunnur@gardabaer.is

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is



Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru eftirtaldar stöður lausar til umsóknar

- Sérkennari á elsta stigi 100% staða
- Kennari til að sinna forföllum 60-100% staða
- Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi 65% staða

Í Sunnulækjarskóla eru um 700 nemendur og þar er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma.


Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

Umsóknarfrestur er til 8. nóvember 2021.

Nánari upplýsingar um störfin eru á ráðningarvef sveitarfélagsins https://starf.arborg.is og hjá skólastjóra í síma 480-5400 og netfang birgir@sunnulaekjarskoli.is.

Sækja þarf um stöðurnar á vef sveitarfélagsins, https://starf.arborg.is

Skólastjóri



Viðskiptastjóri

Robert Bosch Power Tools leitar að starfsmanni í nýtt starf viðskiptastjóra á Íslandi. Viðskiptastjóri ber ábyrgð á sölu á rafmagnsverkfærum og tengdum vörum til fagmanna og einstaklinga í framkvæmdum.

Viðskiptastjóri mun starfa sem sérfræðingur í sölu og er í beinum samskiptum við fagaðila í byggingariðnaðinum og endursöluaðila Bosch á Íslandi. Helstu verkefni eru heimsóknir á byggingarsvæði, verkstæði og í verslanir þar sem tengiliðir eru innkaupafólk, verkstjórar, fagmenn, verkefnastjórar og verslunarstjórar.

Leitað er að árangursdrifnum starfsmanni sem er tilbúinn til að bæta stöðugt söluhæfileika og þekkingu sína á vörum Bosch. Viðskiptastjóri mun fá til umráða bíl, síma og tölvu. Í boði eru föst laun auk árangurstengingar.

Starfinu fylgja ferðalög, fyrst um sinn um Ísland en síðar bætast við söluferðir til Færeyja og Danmerkur. Starfsmaður þarf því að vera sveigjanlegur varðandi vinnustundir, þar sem gistinætur erlendis eru um 20 á ári.

Helstu verkefni:

- Að drífa áfram sölu með öflun nýrra viðskiptavina og að viðhalda núverandi viðskiptasamböndum
- Tilboðsgerð
- Undirbúningur og framkvæmd vörusýninga og annarra viðburða
- Að aðstoða samstarfsaðila í smásölu við vöruþjálfun, vörukynningar og aðstoð við viðburði
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun er mikill kostur eða reynsla úr byggingariðnaði
- Góð þekking á rafmagnsverkfærum og tengdum vörum
- Reynsla af sölustörfum
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulag og frumkvæði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Dönskukunnátta er mikill kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Kunnátta í Microsoft Office, einkum Excel og Power Point
- Hæfni í mannlegum samskiptum

BOSCH
Invented for life

Árið 1886 stofnaði Robert Bosch véla- og rafmagnsverkstæði í Stuttgart. Það var upphafið að alþjóðlega fyrirtækinu Bosch. Frá upphafi hefur nýsköpunarkraftur og samfélagsleg ábyrgð einkennt fyrirtækið. Í dag rekur Bosch Group 460 fyrirtæki um allan heim í 60 löndum og landsvæðum og er í samstarfi við þjónustuaðila á um 150 landsvæðum. Dönsk aðalskrifstofa Robert Bosch A/S er í Ballerup en í dag vinna um 700 starfsmenn hjá Bosch á fjórum viðskiptasviðum: Hreyfilausnir, iðnaðartækni, neysluvörur og orku- og byggingartækni.

Nánari upplýsingar er að finna á **bosch-pt.com**

Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Nánari upplýsingar veita:

Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir,
yrsa@hagvangur.is

Gyða Kristjánsdóttir,
gyda@hagvangur.is

hagvangur.is

HAGVANGUR

MENNINGARMIÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

FORSTÖÐUMAÐUR

Menningarmiðstöð Þingeyinga leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi í starf forstöðumanns.

Starfssvið:
Starfið felur í sér framkvæmdastjórn að því er varðar stefnumótun, þróun, rekstur og alla almenna starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar.

- Rekstur og fjármálastjórn.
- Starfsmannamál.
- Uppbygging sýninga og viðburðahald.
- Samstarf við stjórn og aðra hagaðila.
- Samstarf við innlend og erlend söfn og samtök tengd starfinu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám á menningarsögulegum grunni; safnfræði, sagnfræði, fornleifafræði eða skyldum greinum sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af safnastarfi og/eða öðru menningarstarfi.
- Stjórnunarreynsla og/eða menntun í stjórnun.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Gott frumkvæði og skipulagshæfni.
- Góð kunnátta í íslensku bæði í riti og framsögn. Færni í ensku og norðurlandamálum.
- Góð tölvukunnátta.

Menningarmiðstöð Þingeyinga er sjálfseignarstofnun á vegum þingeyskra sveitarfélaga. Undir Menningarmiðstöð Þingeyinga heyrir m.a. starfsemi byggðasafna, héraðskjalasafns og ljósmyndasafns Þingeyinga. Einnig rekstur bókasafns Norðurþings. Á vegum stofnunarinnar eru fjórir sýningarstaðir og skrifstofur og heilsársstarfsemi er í Safnahúsinu á Húsavík. Menningarmiðstöðin er viðurkennt safn sem hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2012. Stofnunin tekur þátt í samstarfi safna og safnamanna innanlands og á alþjóðavísu.

Launakjör eru í samræmi við kjarasamninga Launanefndar sveitarfélaga við aðildarfélög BHM.
Nýr forstöðumaður þarf að geta tekið til starfa sem fyrst.

MÖGNUM

Umsóknarfrestur er til og með **20. nóvember 2021 og sækja skal um á www.mognum.is.**
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.
Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ólafsdóttir hjá Mögnum, sigga@mognum.is.

Aðstoðarmenn þjóðgarðsvarða í Skaftafelli og Mývatnssveit

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður aðstoðarmanna þjóðgarðsvarða, annars vegar í Skaftafelli og hins vegar í Mývatnssveit. Leitað er að kraftmiklum einstaklingum með mikla samskiptahæfni, þekkingu og áhuga á náttúruvernd og umhverfismálum. Störfin eru fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg.


Sótt er um störfin á Starfatorg.is þar sem einnig er að finna nánari lýsingu á helstu verkefnum og hæfnikröfum. Umsóknum skal fylgja ítarlegt yfirlit um menntun og starfsferil ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.


VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR



Erum við
að leita **að þér?**

_ TERN SYSTEMS





_ DIRECTOR OF CUSTOMER SUCCESS

Tern Systems are looking for a highly-motivated and experienced leader to establish and head our new Customer Success Division

We are a well-established and trusted provider of Air Traffic Control solutions. Tern Systems is headquartered in the Reykjavík area and has a satellite office in Budapest. Together we serve customers across Europe, Asia and Africa.

Our product suites include Air Traffic Control systems, ATC training simulators and products for airport tower operations. These products are attracting new customers and expanding our international presence. Our new division will have a specific focus on the customer journey.

_APPLY WWW.TERN.SYSTEMS

JOBS@TERN.IS _ENQUIRIES



Kerecis er það fyrirtæki sem vex hraðast í heiminum á sviði meðferðar á vefjaskaða og byggir það tækni sína á hagnýtingu á roði og fitusýrum. Vörur Kerecis eru notaðar til að meðhöndla margskonar vefjaskaða, s.s. húðvandamál, skurðsár, þrálát sár, brunasár, munnholssár, heilabastsrof og til enduruppbyggingar brjósta og kviðveggs.

Kerecis hefur vakið athygli á heimsvísu og á félagið í samstarfi um þróun og notkun á tækni þess víða um heim m.a. við bandarískar varnarmálastofnanir. Yfir 200 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu á Ísafirði, í Reykjavík, í Sviss, í Þýskalandi og í Bandaríkjunum.

HEFUR ÞÚ ROÐ VIÐ OKKUR?

Sérfræðingur í gæðadeild

Starfsmaðurinn mun vinna náið með gæðastjóra við að stýra og þróa gæðakerfi Kerecis. Starfsmaðurinn mun vinna að innri úttektum, skráningum, skjalastjórnun og vinnslu úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerða, ásamt öðrum verkefnum.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð enskukunnátta
- Nákvæmni og gott auga fyrir smáatriðum
- Skipulagshæfileikar og drifkraftur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Staðsetning: **Ísafjörður**

Upplýsingar veitir Heiða Jónsdóttir,
hjo@kerecis.com

Sérfræðingur í skráningardeild

Starfsmaðurinn mun koma að uppfærslum á tækniskjölum og skráningu upplýsinga í alþjóðlega gagnagrunna er varða vöruöryggi, skráningum á ný markaðssvæði, ásamt ýmiskonar öðrum verkefnum.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Nákvæmni og gott auga fyrir smáatriðum
- Mjög góð enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Staðsetning: **Reykjavík**

Æskilegt:
- Reynsla af skráningarvinnu á lyfjum eða lækningartækjum

Upplýsingar veitir Hilmar Hilmarsson,
hh@kerecis.com

Sérfræðingur í rannsóknum og þróun

Starfsmaðurinn mun hafa yfirumsjón með prófunum og greiningum tengdum efnafræði og lífsamrýmanleika. Starfsmaðurinn mun vinna náið með öðrum deildum, ráðgjöfum og rannsóknarstofum víðsvegar um heiminn, vinna að áhættumati, prófunum og tilraunum með vörur Kerecis. Starfsmaðurinn mun vinna að vöruþróunarverkefnum frá hugmynd að framleiðslu.

- Háskólamenntun í efna- eða lífefnafræði
- Mjög góð enskukunnátta
- Áhugi á alþjóðlegri hópavinnu
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Staðsetning: **Ísafjörður eða Reykjavík**

Upplýsingar veitir Dóra Hlín Gísladóttir;
dkh@kerecis.com

Starfsmaður í framleiðsludeild

Starfsmaðurinn mun sjá um upplýsingagjöf, símsvörun og móttöku, yfirferð skjala, skjalagerð, yfirferð sölupantana og fylgiskjala auk utanumhald ýmissa skráninga í framleiðslu. Starfsmaðurinn mun einning taka þátt í ýmsum verkefnum í framleiðsludeild og öðrum deildum Kerecis.

- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Gott auga fyrir smáatriðum
- Áhugi og hæfni í textagerð
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Staðsetning: **Ísafjörður**

Upplýsingar veitir Guðbjörg Þrastardóttir,
gth@kerecis.com

Verkefnastjóri í vöruþróun

Starfsmaðurinn mun vinna að vöruþróunarverkefnum frá hugmynd að framleiðslu. Starfsmaður mun bera ábyrgð á kostnaðargreiningu, uppsetningu verkefnis og þeim prófunum sem þarf til að vara komist á markað.

- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði, raunvísindum eða heilbrigðisvísindum
- Góð enskukunnátta
- Áhugi á tækniþróun
- Skipulag, frumkvæði og drifkraftur
- Staðsetning: **Ísafjörður**

Æskilegt:
- Reynsla og þekking á þróun lækningartækja

Upplýsingar veitir Dóra Hlín Gísladóttir;
dkh@kerecis.com

Umsóknir sendist til **hr@kerecis.com**
fyrir **22. nóvember** n.k.

KERECIS.COM

KERECIS ÍSAFIRÐI
SUNDSTRÆTI 38
400 ÍSAFJÖRÐUR
+354 419 8000

KERECIS REYKJAVÍK
LAUGAVEGUR 77
101 REYKJAVÍK
+354 419 8000

KERECIS SWISS
WEBEREISTRASSE 61
8134 ADLISWIL
+354 499 1566

KERECIS USA
2200 CLARENDON BLVD
SUITE 1210
ARLINGTON
VIRGINIA 22201
(703) 287 8752

kerecis

VIÐSKIPTASTJÓRI Á LYFJASVIÐI (KEY ACCOUNT MANAGER)

ICEPHARMA LEITAR AÐ SÖLUDRIFNUM OG METNAÐARFULLUM LIÐSMANNI TIL AÐ SINNA FJÖLBREYTTU OG KREFJANDI STARFI

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Markaðssetning og sala lyfja með kynningum, fræðslu og eftirfylgni
- Myndun viðskiptatengsla og heimsóknir til heilbrigðisstarfsfólks
- Þátttaka í og skipulagning funda og ráðstefna hérlendis, erlendis og rafrænt
- Samskipti við erlenda birgja
- Markaðsgreiningar og áætlanagerð
- Gerð umsókna um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga
- Gerð lyfjaauglýsinga og markaðsefnis

HÆFNIKRÖFUR:


- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi, viðskiptastjórn og sölu heilbrigðisvara eða lyfja
- Mikill drifkraftur og frumkvæði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í tengslamyndun og mannlegum/rafrænum samskiptum
- Hæfileikar til og ánægja af að vinna faglega, sjálfstætt og skipulega að skýrum markmiðum
- Hæfileikar til að setja sig inn í flókið fræðilegt efni og miðla því áfram
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lilja Dögg Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs Icepharma, lilja.dogg@icepharma.is. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Við hvetjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um, óháð kyni. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

icepharma

Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember 2021. **Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna**



Stefnir leitar að sérfræðingi í sérhæfðar fjárfestingar

Leitað er að reynslumiklum einstaklingi með þekkingu á íslensku atvinnulífi og fjármálum fyrirtækja í starf hjá sérhæfðum fjárfestingum. Sérhæfðar fjárfestingar sjá um rekstur framtakssjóða auk annarra sérhæfðra sjóða sem fjárfesta í óskráðum verðbréfum.

Helstu verkefni

- Greiningar á mörkuðum og fjárfestingakostum
- Verðmat fyrirtækja og samningagerð
- Gerð kynningarefnis og samskipti við fjárfesta

Hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Þekking og brennandi áhugi á íslensku atvinnulífi
- Að minnsta kosti 2-3 ára starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Nákvæm og ögguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Arnar Ragnarsson**, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga, netfang: **arnar.ragnarsson@stefnir.is** eða **Jóhann Möller**, framkvæmdastjóri, netfang: **johann.moller@stefnir.is**

Umsóknarfrestur til og með 12. nóvember 2021 og skulu umsóknir sendar á starf@stefnir.is

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Stefnir leitar að sérfræðingi í sérhæfðar skuldabréfafjárfestingar

Leitað er að reynslumiklum einstaklingi í starf við sérhæfðar skuldabréfafjárfestingar s.s. veðlána- og lánasjóði.

Helstu verkefni

- Greiningar á mörkuðum og fjárfestingarkostum
- Greining á fyrirtækja- og veðlánum
- Gerð kynningarefnis og samskipti við fjárfesta

Hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Þekking og brennandi áhugi á íslensku atvinnulífi
- Reynsla af fyrirtækjagreiningum eða útlánum fyrirtækja
- Að minnsta kosti 2-3 ára starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Nákvæm og ögguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Anna Kristjánsdóttir** forstöðumaður skuldabréfateymis, **anna.kristjansdottir@stefnir.is** eða **Jóhann Möller**, framkvæmdastjóri, netfang: **johann.moller@stefnir.is**

Umsóknarfrestur til og með 12. nóvember 2021 og skulu umsóknir sendar á starf@stefnir.is

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

STEFNIR

444 7400 stefnir.is



SPENNANDI STÖRF
FYRIR METNAÐARFULLT FÓLK

VÖRUSTJÓRI

Creditinfo leitar að drífandi og framsýnum vöru-stjóra í teymi vöru- og verkefnastýringar félagsins. Við sérhæfum okkur í sjálfvirkum ákvarðanatökum, gagnaöflun og greiningum sem skapa virði fyrir yfir 1600 íslensk fyrirtæki. Við höfum brennandi áhuga á að vera með vöruþróun á heimsmælikvarða og hikum ekki við að prófa nýjar aðferðir eða hugmyndir. Vörustjóri mun vinna með úrvalsliði sérfræðinga og hafa áhrif á nánast allar hliðar fyrirtækisins.

ÁBYRGÐ Í STARFI

- Ábyrgð á vöruþróun Creditinfo, þ.m.t. framtíðarsýn, forgangsröðun og kröfugerð.
- Samskipti við viðskiptavini, þarfagreining og aðstoð við innleiðingar.
- Greiningar á notkun og markaðstækifærum.
- Skilgreining og eftirfylgni hugbúnaðarverkefna sem styðja við stefnu varanna.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða tölvunarfræði.
- Greiningarhæfni og góð færni í framsetningu gagna.
- Góðir samskiptahæfileikar og frumkvæði.
- Þekking á fjármála- eða tryggingastarfsemi er kostur.

Nánari upplýsingar veitir Lára Hannesdóttir, forstöðumaður vöru- og verkefnastýringar, **lara@creditinfo.is**. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið **atvinna@creditinfo.is** merkt „Vörustjóri".

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember 2021.

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Creditinfo óskar eftir að ráða öflugan einstakling í hóp þjónustu- og lögfræðiteymis félagsins. Við leggjum mikið upp úr framúrskarandi þjónustu en starfið er fyrst og fremst fólgið í vandaðri ráðgjöf, þjónustu og aðstoð til viðskiptavina.

ÁBYRGÐ Í STARFI

- Ráðgjöf, þjónusta og aðstoð til viðskiptavina.
- Afgreiðsla fyrirspurna og athugasemda.
- Önnur tilfallandi verkefni.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund.
- Sterkur liðsmaður í teymi.
- Sjálfstæð vinnubrögð og lausnamiðuð nálgun við úrlausn verkefna.
- Vandvirkni og nákvæmni.
- Mjög góð skrifleg og munnleg íslensku- og enskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Áhugi og/eða reynsla af persónuvernd æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri, **hrefna@creditinfo.is**. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið **atvinna@creditinfo.is** merkt „Þjónustufulltrúi".

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember 2021.

UM OKKUR

Creditinfo er ört vaxandi, alþjóðlegt fyrirtæki á sviði miðlunar fjárhags- og viðskiptaupplýsinga. Tilgangur Creditinfo er að auka virði upplýsinga í þágu einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila og stuðla þannig að réttri ákvarðanatöku og trausti í viðskiptum. Á Íslandi vinnum við í samhentu teymi í verkefnamiðaðari vinnuaðstöðu. Starfsemin er ISO 27001 vottuð, allar okkar greiningar eru unnar í vöruhúsi gagna og markmið okkar er bættur árangur á hverjum degi. Hjá félaginu starfa um 40 manns hérlendis og rúmlega 400 manns úti um allan heim.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Úttektarfulltrúi hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir úttektarfulltrúa til starfa hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík sér meðal annars um að sinna eftirliti með byggingarframkvæmdum innan borgarlandsins, frágangi þeirra og umhverfis til samræmis við samþykkt gögn, skilmála, byggingarreglugerð, lög og staðla sem því tengjast.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Öryggis- og lokaúttektir byggingarleyfa og gerð vottorða.
- Stöðuúttektir og eftirlit á framkvæmdastöðu.
- Yfirferð ýmissa gagna í tengslum við byggingarleyfi.
- Skráning efnisatriða og athugasemda í skráningarkerfi byggingarfulltrúa og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
- Eftirfylgni fyrirmæla um úrbætur mála með formlegum samskiptum við framkvæmda- og ábyrgðaraðila.
- Önnur störf sem viðkomandi kann að verða falið af byggingarfulltrúa.

Hæfniskröfur
- Menntun í byggingarverkfræði, byggingartæknifræði, byggingarfræði eða í sambærilegum tæknigreinum á háskólastigi.
- Reynsla af byggingariðnaði, s.s. hönnun, framkvæmdum og verkumsjón er kostur.
- Metnaður og vilji til að takast á við mismunandi og fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Skipulagshæfni, nákvæmni og öguð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Tölvufærni í notkun á algengum hugbúnaði Word, Excel og Outlook og geta til að tileinka sér notkun nýrra kerfa.
- Geta unnið vel undir álagi.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.

Frekari upplýsingar um starfið

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Starfshlutfall: 100%. Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember 2021. Sækja skal um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is*** undir „ **Laus störf**" – " **Úttektarfulltrúi hjá byggingarfulltrúa**". Nánari upplýsingar um starfið veitir Óskar Torfi Þorvaldsson, yfirverkfræðingur byggingarfulltrúa, ***oskar.torfi.thorvaldsson@reykjavik.is***.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum
og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR



Viltu starfa hjá stærsta bílaumboði landsins?

Sótt er um á **www.bl.is/atvinna**

Umsóknarfrestur er til og með
14. nóvember 2021

Nánari upplýsingar veitir
María Fjóla Björnsdóttir, deildarstjóri bókhalds:
maria@bl.is

Launafulltrúi

Við óskum eftir launafulltrúa á skrifstofu BL. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af launa- og kjaramálum auk þess að búa yfir framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileikum.

Hæfniskröfur:
- Góð þekking og reynsla af launa- og kjaramálum
- Þekking á H3 og Bakverði
- Sjálfstæð, skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Faglegur metnaður
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða margra ára starfsreynsla af sambærilegu starfi
- Framúrskarandi tölvukunnátta
- Gott vald á töluðu og ritaðu máli

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Launavinnsla
- Viðhald jafnlaunakerfis
- Viðhald og skráning upplýsinga í launa-, fræðslu- og mannauðskerfi
- H3, verkferlar, starfslýsingar, fræðsluskráningar
- Stuðningur og ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna

ENNEMM / SÍA / NM008200

Hjá BL vinnur fólk sem hefur metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur þekkingu og eflir starfsmenn í nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá vottaðar staðfestingar eða gráður, skv. stöðlum vörumerkjanna. Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2021 VR BL

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

ERT ÞÚ HRESS
BIFVÉLAVIRKI, VÉLVIRKI EÐA BIFREIÐASMIÐUR?

Þá erum við að leita að einstaklingi eins og þér fyrir skoðunarstöð okkar á höfuðborgarsvæðinu



HÆFNISKRÖFUR

- Sveinsbréf í bifvélavirkjun, vélvikirkjun eða bifreiðasmíði
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman í vinnunni

Nánari upplýsingar veitir
Birgir Hákonarson í síma **665-9900**

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á **birgir@tekkland.is**

Umsóknarfrestur til **20. nóvember 2021**

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Hátúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / sími: 414 9900

Spennandi starf fyrir markaðssnilling

HÍ

Markaðs- og samskiptastjóri Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Laust er til umsóknar fullt starf markaðs- og samskiptastjóra á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Starfið felur einkum í sér kynningu og markaðssetningu á námi á Menntavísindasviði, vísindamiðlun og textagerð.

Starfssvið

- Skipulagning markaðsherferða
- Ábyrgð á námskynningum
- Fréttaskrif, textagerð og uppfærsla á heimasíðu sviðsins
- Umsjón með gerð kynningarefnis, m.a. myndbanda og ljósmynda
- Samskipti við fjölmiðla og aðra hagsmunaaðila
- Umsjón samfélagsmiðla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla og þekking á markaðs- og samskiptamálum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli
- Reynsla af textagerð, fréttaskrifum og fjölbreyttri miðlun
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í samskiptum, sveigjanleiki og rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar 2022.
Sótt er um á **vef Háskóla Íslands** eða á **starfatorg.is**.
Nánari upplýsingar veitir: Lára Rún Sigurvinsdóttir, mannauðsstjóri, **lararun@hi.is**.

Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík
+354 525 4000, hi@hi.is, www.hi.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Sérfræðingur
í launa- og mannauðsmálum

Embætti ríkislögreglustjóra leitar að öflugum einstaklingi með reynslu af launaafgreiðslu og áhuga á að taka þátt í mótun mannauðsmála í síkviku umhverfi.

Embætti ríkislögreglustjóra er lifandi vinnustaður þar sem starfa tæplega 200 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum verkefnum. Við leggjum áherslu á opin og jákvæð samskipti, markvissa starfsþróun og vinnum í samræmi við stefnu embættisins um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Embætti ríkislögreglustjóra hefur hlotið jafnlaunavottun.

Helstu verkefni og ábyrgð

Launavinnsla
- Umsjón með launaafgreiðslu í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orri)
- Útreikningur á kjörum og réttindum starfsfólks skv. kjarasamningum
- Umsjón og eftirlit með skráningum í vaktaáætlunar- og viðverukerfi (Vinnustund)
- Túlkun kjara- og stofnanasamninga
- Tekur þátt í viðhaldi og þróun jafnlaunakerfis

Þróun mannauðs
- Tekur þátt í mótun mannauðsmála
- Tekur þátt í ráðningum, móttöku nýs starfsfólks og starfslokaferli
- Tekur þátt í kortlagningu þekkingar og mótun áherslna í starfsþróunarmálum
- Tekur þátt í gerð starfslýsinga og starfsþróunaráætlana
- Þátttakandi í þróun starfsumhverfis í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orri)
- Reynsla af skráningu í Vinnustund
- Góð kunnátta og færni í Excel
- Reynsla á sviði mannauðsmála
- Jákvæðni, þjónustulund og seigla
- Mjög góð samskipta- og samstarfshæfni
- Nákvæmni og góð skipulagshæfni
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og hluti af teymi
- Talnalæsi og reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu

Umsóknarfestur er til 19. nóvember nk.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist til að sinna starfinu í samræmi við þær hæfniskröfur sem fram koma í auglýsingu. Umsóknir skulu berast í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is) undir starfsauglýsingu embættisins (Sérfræðingur í launa- og mannauðsmálum). Öllum umsóknum verður svarað að loknum ráðningum. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar, eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Embætti ríkislögreglustjóra er ríkisstofnun sem heyrir undir dómsmálaráðuneytið. Ríkislögreglustjóri hefur með höndum samhæfingu og samræmingu í störfum lögreglu og annast ákveðna miðlæga þjónustu við lögregluembættin. Ríkislögreglustjóri hefur einnig með höndum sérstök verkefni samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996 og í samræmi við nánari ákvörðun ráðherra.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélags. Vakin er athygli á því að samkvæmt 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 má engan skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu.

Nánari upplýsingar veitir
Ágústa H. Gústafsdóttir, mannauðsstjóri, agustah@logreglan.is - sími 444 2500.



VIÐ HLUSTUM

VILTU VERA MEÐ?

LYFJAFRÆÐINGAR

ÓSKAST TIL STARFA

Upplýsingar um störfin veitir Guðbjörg Stefánsdóttir, rekstrar- og mannauðsstjóri, ***gudbjorg@lyfogheilsa.is***
Sendu umsókn merkta „lyfjafræðingur“, ásamt ferilskrá á starf@lyfogheilsa.is

www.lyfogheilsa.is

Starfssvið

Í starfinu felst fagleg ábyrgð á afgreiðslu lyfja samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu.

Hæfniskröfur

Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.

Lyf & heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigði og lífsgæða.

Lyf & heilsa

Kjötsmiðjan
KJÖTVINNSLA

Starfsmaður í kjötvinnslu óskast.

Umsækjandi þarf að vera kjötiðnaðarmaður eða vanur kjötskurði / meðhöndlun á kjöti.

Áhugasamir hafið samband við Bryndísi
bryndis@kjotsmidjan.is

Kjötsmiðjan ehf. / Fosshálsi 27-29 / 110 Reykjavík

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Starf sérfræðings í skólamálum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga hyggst ráða sérfræðing í skólamálum. Sérfræðingurinn mun starfa ásamt skólamálafulltrúa, öðrum sérfræðingum sambandsins og fræðslumálanefnd, að margþættum og síbreytilegum verkefnum, sem einkum varða leik-, grunn- og tónlistarskóla, og vinna að hagsmunagæslu fyrir hönd sveitarfélaga á þeim sviðum. Á meðal verkefna og áherslna eru umsýsla með endurmenntunarsjóðum kennara og málefni leikskóla.

Gerð er krafa um háskólapróf sem nýtist í starfi auk víðtækrar reynslu og þekkingar á fræðslumálum og áhuga á málefnum sveitarfélaga. Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg. Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði. Góð kunnátta í a.m.k. einu öðru Norðurlandamáli og ensku er æskileg. Góð tölvuþekking, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga er skilyrði.


Leitað er að hæfum einstaklingi sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, ríka þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika. Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Föst starfsaðstaða getur verið utan höfuðborgarsvæðisins, að þeirri forsendu uppfylltri að mögulegt verði að tryggja fullnægjandi starfsaðstöðu nærri heimili umsækjanda en einnig á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, netfang: gudjon.bragason@samband.is, eða Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, netfang: valur@samband.is eða í síma 515-4900.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og skapar starfsmönnum gott svigrúm til starfsþróunar. Samband íslenskra sveitarfélaga er heilsueflandi vinnustaður og leggur ríka áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn. Boðið er upp á góða vinnuaðstöðu og kost á fjarvinnu eftir því sem við á. Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga eru á heimasíðunni, www.samband.is. Þar er einnig að finna starfslýsingu fyrir starfið og mannauðsstefnu sambandsins.

Ferilskrá og kynningarbréf, merkt „Umsókn um starf sérfræðings á lögfræði- og velferðarsviði“, berist eigi síðar en mánudaginn 22. nóvember nk. til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, eða í tölvupósti til samband@samband.is.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun

STARFSFÓLK ÓSKAST

Vegna mikils álags óskar Prentmet Oddi eftir starfsmönnum í 100% starf.

Vinnutíminn er frá 8:00-16:00 og til 15:30 á föstudögum. Möguleiki er á aukavinnu.

Prentsmiðir/grafískir miðlarar í Reykjavík og á Akureyri

Helstu verkefni í Reykjavík:
Umbrot, hönnun og formhönnun.

Helstu verkefni á Akureyri:
Umbrot, hönnun og stafræn prentun.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í prentsmíði / grafískri miðlun
- Góða tölvu- og tækniþekkingu í faginu
- Sköpunargleði, hugmyndaríki og lausnamiðuð hugsun
- Góð skipulagshæfni, framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni
- Gott vald á íslensku og ensku

Prentari á fjöllita offsetprentvélar í Reykjavík

Helstu verkefni: Prentun á fjöllita prentvélar.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í prentun
- Góð skipulagshæfni, samskipta- og samstarfshæfni
- Brennandi áhugi á að skila góðu verki frá sér
- Nákvæmni í vinnubrögðum og hæfileiki til þess að meta gæði prentunar
- Mjög gott að viðkomandi tali íslensku, annars krafa um enskukunnáttu

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdarstjóri mannauðsmála í **isi@prentmetoddi.is**, s. **8 560 601** og **https://prentmetoddi.is/um-okkur/atvinnuumsokn/**.

Umsóknarfrestur er til 12. nóvember nk.

Prentmet Oddi er stærsta og framsæknasta prentsmiðja landsins sem býður upp á heildarlausnir og hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Fyrirtækið er Svansvottað og framleiðir pappírsumbúðir, bækur og allt almennt prentverk. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar

Prentmet Oddi er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálsi 1 í Reykjavík og útibú á Akureyri og Selfossi

Rekstrarstjóri

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi. Skólinn var endurnýjaður árið 2016 og er öll aðstaða og aðbúnaður til fyrirmyndar. Nýr leikskóli var tekin í notkun haustið 2019. Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Á staðnum er gott íþróttahús og innisundlaug og stendur Ungmennafélag Langaness fyrir öflugu íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og stang- og skotveiði.

Í Grunnskóla Þórshafnar eru 65 nemendur í hæfilega stórum bekkjardeildum. Starfsemi skólans einkennist af kraftmiklu og framsæknu skólastarfi. Samhliða skólanum er rekinn tónlistarskóli og hefð er fyrir öflugu íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa skólans.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.



Sveitarfélagið Langanesbyggð auglýsir eftir rekstrarstjóra til starfa.

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á verkefnum sem tengjast rekstri og bókhaldi skrifstofu, ráðgjöf til stjórnenda varðandi rekstur og eftirlit með nýtingu fjármagns sveitarfélagsins. Starfið felur í sér ábyrgð ásamt öðrum á tekju- og/eða útgjaldaliðum og fjárhagsramma, launum og launaútreikningum.
Rekstrarstjóri tekur virkan þátt í stefnumótun er varðar fjárhagslega hagsmuni sveitarfélagsins.

- Tekur þátt í gerð árlegrar rekstraráætlunar fyrir sveitarfélagið og hefur eftirlit með framkvæmd hennar.
- Eftirfylgni með rekstri, launakostnaði og innkaupum sveitarfélagsins og deilda.
- Veitir deildarstjórum reglulegar upplýsingar um stöðu rekstrar og upplýsir sveitastjóra ef deildir fara yfir rekstraráætlun.
- Hefur umsjón með og annast samþykkt reikninga.
- Ber ábyrgð á að launaútreikningar séu réttir.
- Veitir leiðbeiningar til deildarstjóra og samstarfsfólks um framkvæmd launaskráningar og viðverukerfis sem og frágang launagagna s.s. ráðningarsamninga.
- Ber ábyrgð á yfirferð rekstrarreikninga.
- Annast skjölun og skráningu samninga.
- Annast samantekt gagna og öflun upplýsinga um rekstur.
- Hefur umsjón með tölvukerfi skrifstofu, ráðgjöf og þjónustu við tæknilegan búnað.
- Hefur frumkvæði að því að leitað sé leiða til hagræðingar, um leið og veitt er sem best þjónusta.
- Tekur þátt í faglegri framkvæmd verkefna á grunni sérfræðiþekkingar sinnar.
- Annast móttöku gesta og símsvörun eins og við á.

Gerð er krafa um haldgóða menntun og góða þekkingu viðfangsefni starfsins.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 468-1220. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir með tölvupósti á netfangið: jonas@langanesbyggd.is.

Umsóknarfrestur er til og föstudagsins 25. nóvember 2021. Umsóknir sendist á netfangið: jonas@langanesbyggd.is

Við hlökkum til að heyra frá þér!

VÉLAVERKFRÆÐINGUR

CRI auglýsir eftir vélaverkfræðingi með sérfræðiþekkingu á hreyfanlegum og föstum vélahlutum, pípulögnum og lokum. Viðkomandi mun vinna í þverfaglegu teymi sem ber ábyrgð á hönnun grænna metanólverksmiðja byggðum á ETL-tækni CRI. Vinnan mun ná yfir hönnun og innkaup, ásamt eftirfylgni við smíði, prófanir, uppsetningu og gangsetningu einstakra vélahluta, ferla og verksmiðja.



Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í vélaverkfræði eða sambærileg menntun.
- Starfsreynsla við hönnun og innkaup á vélhlutum í efnaiðnaði, orkuiðnaði eða gas- og olíuiðnaði er æskileg.
- Góð þekking á notkun 3D teiknihugbúnaðar og annars hugbúnaðar við hönnun á vélahlutum og pípulögnum.
- Mjög góð kunnátta í ensku, bæði skriflegri og munnlegri.

Umsóknarfrestur er til 19. Nóvember. Sótt er um á heimasíðu CRI carbonrecycling.is/careers

CARBON RECYCLING INTERNATIONAL
w: carbonrecycling.is

Carbon Recycling International (CRI) hefur frá árinu 2006 þróað Emissions-to-Liquids (ETL) tæknina til framleiðslu á grænu eldsneyti og efnavöru úr koltvísýringi.

Á skrifstofu okkar í Kópavogi vinnur nú samheldinn hópur sérfræðinga að því að hrinda í framkvæmd framsæknum verkefnum víða um heim.

Vélfræðingur óskast í framtíðarstarf í Vestmannaeyjum

Æskilegt er að umsækjendur séu vélstjórar, vélfræðingar eða með sambærilega menntun.

Umsækjandi þarf að búa yfir reynslu af störfum við kælikerfi eða öðrum frystikerfum sem eru um borð í skipum og/eða í frystihúsum.

Í boði er fjölbreytt og áhugavert starf með spennandi tækifæri fyrir kraftmikinn einstakling.



Umsóknarfrestur er til og með 22. nóv.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á Sævald Hallgrímsson, framkvæmdastjóra á netfangið: saevald@kaelifelagid.is eða í síma 898 7567

Góð laun og möguleiki á eignarhluti í félaginu

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Almenn viðhaldsvinna kælikerfa
- Nýlagnir, uppsetning og þjónusta á kælikerfum
- Smíði á kælibúnaði á framleiðsluverkstæði
- Viðhald tækja og búnaðar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Vélfræðipróf er æskilegt
- Reynsla af NH3 (ammoníak) kæli og frystikerfum er kostur
- Reynsla af stýribúnaði og raflögnum er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.

Um Kælifélagið ehf
Kælifélagið sinnir allri almennri þjónustu á frysti- og kælitækjum bæði á verkstæði okkar og hjá viðskiptavinum. Eigendur Kælifélagsins eru KAPP ehf og Vélaverkstæðið Þór ehf.

KÆLI FÉLAGIÐ

Norðursund 9 • 900 Vestmannaeyjum • www.kaelifelagid.is



Leikskólakennarar óskast til starfa

Í leikskólann á Laugalandi vantar okkur leikskólakennara í tvær 100% stöður.

Leitað er eftir áhugasömum, metnaðarfullum starfsmönnum, körlum jafnt sem konum, sem hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og eru tilbúnir til að vinna eftir sérstökum áherslum skólans.

Einkunnarorð skólans eru **Viska - Virðing - Vinátta.** Helstu áherslur í starfi eru m.a. snemmtæk íhlutun í málþroska, leikur, útikennsla, slökun og fjölbreyttar vinnustundir.

Mikil og góð samvinna er við grunnskólann sem er undir sama þaki og leikskólinn.

Leikskólinn Laugalandi er tveggja deilda leikskóli og er staðsettur að Laugalandi í Holtum. Umhverfi skólans einkennist af fjölbreyttri íslenskri náttúru sem býður uppá endalausa möguleika fyrir leik og nám.

Ef ekki fæst leikskólakennari eða starfsmaður með aðra uppeldismenntun er heimilt að ráða annan hæfan í stöðuna.

Ef þú hefur áhuga þá endilega hafðu samband.

Upplýsingar um leikskólann má finna á https://leikskolinnlaugaland.ry.is en einnig má hafa samband við leikskólastjóra, Sigrún Björk Benediktsdóttir, í síma 488-7042 eða leikskolinn@laugaland.is

Umsóknir ásamt meðmælum skulu sendast á Leikskólann Laugalandi, 851 Hella fyrir **26. nóvember** eða á leikskolinn@laugaland.is.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Are you the next Menigan?

We are looking for passionate senior product managers who will play a key role in Meniga's product evolution,

A product manager at Meniga is a senior role that co-ordinates the activities of sales, marketing, engineering, delivery and support. We are looking for candidates focused on excellence, staying ahead of the competition and driving the whole organisation to win more customers.

Responsibilities

- Holistic ownership (roadmap, communication, promotion, business case, etc.) of part of Meniga's product portfolio with deep understanding of how all the products bring value and can be used by customers
- Focus on the quality of any product related communication
- Ownership of the product, actively engaging with customers, prospects and end-users
- Monitor overall execution and ensure quantitative and qualitative measurability
- Drive for quality and strong execution throughout the product lifecycle

Requirements

- Relevant University degree
- Good understanding of modern software applications
- Working understanding of technology, APIs, basic data patterns
- Great communication skills – from writing to presenting
- Experience and passion for continuous improvement in product management
- Understanding of fintech / digital banking / broadly defined sustainability
- Experience in strategy consulting, entrepreneurship or product management is a plus

For more info and application please visit: **meniga.com/jobs**







VERKEFNASTJÓRI Í FRAMKVÆMDADEILD

Verkefnastjóri með verk-, tækni- eða byggingarfræðimenntun óskast til starfa í framkvæmdadeild Olís.

Helstu verkefni

- Þátttaka í gerð verkáætlana og undirbúningi viðhaldsverka og nýbygginga
- Verkefnastjórnun í viðhaldi og nýframkvæmdum
- Eftirlit með hönnun vegna breytinga
- Eftirlit með framkvæmdum, úttektir og kostnaðareftirlit viðhalds- og breytingaverka
- Samskipti við opinbera aðila

Hæfniskröfur

- Verk-, tækni-, byggingarfræði eða önnur menntun sem tengist byggingariðnaði
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg

Umsóknir berist til mannauðsstjóra Olís, merktar „verkefnastjóri“ á rbg@olis.is fyrir 7. nóvember nk.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís
Vinur við veginn

RÁÐNINGAR

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



VILTU STARFA Í FAGTEYMI TR UM HEILSU- OG FÆRNIMAT?

Hefur þú brennandi áhuga á heilbrigðis- og velferðarmálum og langar að starfa í fagteymi á sviði heilsu- og færnimats einstaklinga? – þá ættu störfin hér að neðan að höfða til þín. Um er að ræða spennandi störf í þverfaglegu teymi heilbrigðisstarfsfólks og annarra sérfræðinga sem starfa í framúrskarandi starfsumhverfi á réttindasviði Tryggingastofnunar.

Við hjá TR leggjum áherslu á góðan starfsanda, sveigjanlegan vinnutíma, samvinnu og jafnræði.

Fagstjóri sérfræðilækna hjá Tryggingastofnun

Laus er til umsóknar starf fagstjóra sérfræðilækna hjá Tryggingastofnun. Leitað er eftir framsæknum einstaklingi sem þarf að búa yfir miklum áhuga á endurhæfingu og úrræðum tengd örorku. Starfið byggir á öflugri teymisvinnu þar sem fagstjóri mun verkstýra öflugum hópi sérfræðilækna.
Starfið veitist frá 1. janúar 2022 og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 50-80%.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Læknisfræðilegt mat á umsóknum um örorku lífeyristrygginga.
- Ráðgjafi við læknisfræðileg mál svo sem við mat á umsóknum um endurhæfingarlífeyri, bifreiðastyrk og umönnunarmat.
- Annað það er kemur að læknisfræðilegu mati varðandi almannatryggingar.
- Fagleg uppbygging, þróun og skipulag á læknisfræðilegri ráðgjöf.
- Stjórnun teymisvinnu.

Hæfnikröfur

- Leitað er að sérfræðilækni með víðtæka reynslu á sviði bæklunarlækninga, endurhæfingarlækninga, geðlækninga, heimilislækninga, lyflækninga eða öðrum sérfræðigreinum sem nýtast í starfi við mat á sviði bótaréttar og endurhæfingar.
- Víðtæk læknisfræðileg starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla og færni í verkefnastjórnun.
- Reynsla af stjórnsýslu er kostur.
- Þekking á flokkunarkerfum og matskvörðum í heilbrigðisþjónustu.
- Mjög góð hæfni í greiningu, túlkun og framsetningu gagna.
- Leiðtogahæfileikar, faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Íslenskt sérfræðileyfi sem nýtist í starf á sviði bótaréttar og endurhæfingar.

Sérfræðingur á sviði heilsu- og færnimats með áherslu á umönnun fatlaðra og langveikra barna

Um er að ræða spennandi og krefjandi sérfræðistarf í matshópi sem ber m.a. ábyrgð á úrvinnslu umsókna um foreldragreiðslur og greiðslur til umönnunaraðila fatlaðra og langveikra barna. Starfið byggir á frumkvæði og þéttu faglegu samstarfi í breiðum hópi sérfræðinga.
Starfið veitist frá 1. desember 2021 og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Mat, greining og úrvinnsla umsókna um umönnunar- og foreldragreiðslur vegna fatlaðra og langveikra barna.
- Samvinna í teymi fyrir mat endurhæfingar og örorkumála.
- Ráðgjöf, þjónusta og upplýsingamiðlun til viðskiptavina og samstarfsaðila.
- Þróun vinnuferla og rafrænnar þjónustu.
- Skráning og meðhöndlun tölfræðiupplýsinga.
- Önnur sérhæfð verkefni.

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. sálfræði, þroskaþjálfun, hjúkrunarfræði, iðjuþjálfun eða félagsráðgjafa.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Krafa um klíníska reynslu á sviði velferðar- eða heilbrigðisþjónustu.
- Þekking og reynsla af þjónustu við fötluð og langaveik börn og fjölskyldur þeirra.
- Þekking á flokkunarkerfum og matskvörðum í velferðar- og heilbrigðisþjónustu.
- Mjög góð hæfni í greiningu, túlkun og framsetningu gagna.
- Mjög gott vald á rituðu íslensku máli.
- Mjög góð samskiptahæfni, lausnamiðuð hugsun og frumkvæði.

Sérfræðingur á sviði heilsu- og færnimats með áherslu á endurhæfingu

Um er að ræða spennandi og krefjandi sérfræðistarf í matshópi á sviði endurhæfingar og lífeyrismála. Starfið byggir á frumkvæði og miklu og þéttu samstarfi í breiðum hópi sérfræðinga.
Starfið veitist frá 1. desember 2021 og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall 80-100%.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Mat, greining og úrvinnsla umsókna um endurhæfingarlífeyri.
- Samvinna í teymi fyrir mat á örorku, endurhæfingu og umönnunarþörf barna og aldraða.
- Ráðgjöf, þjónusta og upplýsingamiðlun til viðskiptavina og samstarfsaðila.
- Þróun vinnuferla og rafrænnar þjónustu.
- Skráning og meðhöndlun tölfræðiupplýsinga.
- Önnur sérhæfð verkefni.

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis eða félagsvísanda, s.s. hjúkrunarfræði, iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun eða félagsráðgjafa.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Krafa um klíníska reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu, t.d. á sviði endurhæfingar, geðverndar, heilsugæslu eða sjúkarahúsþjónustu.
- Þekking á flokkunarkerfum og matskvörðum í velferðar- og heilbrigðisþjónustu.
- Mjög góð hæfni í greiningu, túlkun og framsetningu gagna.
- Mjög gott vald á rituðu íslensku máli.
- Mjög góð samskiptahæfni, lausnamiðuð hugsun og frumkvæði.

Nánari upplýsingar um störfin veita: Herdís Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri réttindasviðs í síma 560 4400 og Hólmfríður Erla Finnsdóttir, mannauðsstjóri í síma 560 4400.

Umsóknarfrestur um störfin er til og með 8. nóvember 2021.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á **starfatorg.is**

TR

Tryggingastofnun
Hlíðasmára 11 | 201 Kópavogur
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

VIÐSKIPTASTJÓRI Á LYFJASVIÐI (KEY ACCOUNT MANAGER)

ICEPHARMA LEITAR AÐ SÖLUDRIFNUM OG METNAÐARFULLUM LIÐSMANNI TIL AÐ SINNA FJÖLBREYTTU OG KREFJANDI STARFI

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Markaðssetning og sala lyfja með kynningum, fræðslu og eftirfylgni
- Myndun viðskiptatengsla og heimsóknir til heilbrigðisstarfsfólks
- Þátttaka í og skipulagning funda og ráðstefna hérlendis, erlendis og rafrænt
- Samskipti við erlenda birgja
- Markaðsgreiningar og áætlanagerð
- Gerð umsókna um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga
- Gerð lyfjaauglýsinga og markaðsefnis

HÆFNIKRÖFUR:

- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi, viðskiptastjórn og sölu heilbrigðisvara eða lyfja
- Mikill drifkraftur og frumkvæði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í tengslamyndun og mannlegum/rafrænum samskiptum
- Hæfileikar til og ánægja af að vinna faglega, sjálfstætt og skipulega að skýrum markmiðum
- Hæfileikar til að setja sig inn í flókið fræðilegt efni og miðla því áfram
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lilja Dögg Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs Icepharma, lilja.dogg@icepharma.is. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Við hvetjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um, óháð kyni. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

icepharma

Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember 2021. **Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna**

HH RÁÐGJÖF

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUVEFUR MEÐ RÁÐNINGARKERFI *aðeins 24.500 kr.**

Á atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín nær til allt að 35.000 einstaklinga sem eru skráðir hjá HH Ráðgjöf í atvinnuleit.

RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Í ráðningarþjónustunni veitum við heildaraðstoð við ráðningarferlið. Sérfræðingar okkar sjá um alla úrvinnslu.

» Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna

» Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið

» Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði mannauðsmála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun


*Verð án virðisaukaskatts.

HH RÁÐGJÖF

www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

Sérfræðingar á sviði flugmála



Sérfræðingur í flugrekstrar- og skírteinadeild

Samgöngustofa óskar eftir að ráða sérfræðing í þjálfunar- og skírteinamálum flugs. Starfið felst einkum í að tryggja og hafa eftirlit með að umsækjendur um flugstarfaskírteini og tengd réttindi uppfylli reglugerðarkröfur ásamt því að leiðbeina viðskiptavinum og öðrum eftirlitsskyldum aðilum stofnunarinnar varðandi málaflokkinn. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og hæfni til að miðla upplýsingum í rituðu og töluðu máli.
- Flugtengd menntun eða reynsla æskileg.
- Áhugi á flugmálum nauðsynlegur.
- Hæfileiki til að túlka, útskýra og setja fram með skýrum hætti reglugerðarkröfur.
- Góð tölvuþekking og geta til að tileinka sér notkun tölvukerfa.
- Frumkvæði, háttvísi, sjálfstæði og fagmennska í starfi ásamt skipulagningu og ögun í verkum eru áskilin.
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.

Eftirlitsmaður í flugrekstrar- og skírteinadeild

Samgöngustofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu eftirlitsmanns í flugrekstrar- og skírteinadeild flugsviðs. Meðal helstu verkefna eru þróun verkferla, skipulag og þátttaka í framkvæmd úttekta og samstarf við eftirlitsmenn. Starfið felur í sér mikil samskipti við leyfishafa og einnig þátttöku í öðrum verkefnum deildarinnar. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Flugstjórareynsla með gild eða nýleg prófdómararéttindi á fjölstjórnarflugvélar með a.m.k. 5.000 klst. flugtíma reynslu.
- Að lágmarki 5 ára starfsreynsla í flugrekstri.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Þekking og reynsla tengd rekstrarstjórn flugrekenda.
- Þekking á gæða- og öryggisstjórnunarkerfum.
- Hæfni til að tjá sig í rituðu og mæltu máli skilyrði.
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði.
- Frumkvæði, háttvísi, sjálfstæði og fagmennska í starfi ásamt skipulagningu og ögun í verkum eru áskilin.
- Reynsla af framkvæmd úttekta.
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 8. nóv. 2021

Hægt er að sækja um störfin rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

Í boði eru spennandi störf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Við hvetjum öll kyn til að sækja um.

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa

Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1, 2, 3, Þinghólsbraut 77 og 79. Breytt deiliskipulag.

Skipulagsráð Kópavogs samþykkti þann 18. október 2021 að kynna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79. Svæði 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi, ÞR-1 samkv. Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og samþykktu Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Í vinnslutillögunni er gert ráð fyrir að núverandi atvinnuhúsnæði á lóðunum víki og íbúðarhús rísi í þess stað. Skipulagssvæðið afmarkast af Þinghólsbraut og lóðamörkum Þinghólsbrautar 73 og 75 í austri, fyrirhugaðri nýrri vegtengingu milli Borgarholtsbrautar og Bakkabrautar í norðri, fyrirhugaðs nýs hafnarkants til vesturs og suðurs. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi íbúða á reitnum verði að hámarki 160, á 2-5 hæðum þar sem 5. hæðin verður inndregin. Gert er ráð fyrir 0,75-1 bílastæði pr. íbúð og að u.þ.b. 90% þeirra verði í innbyggðum og niðurgröfnum bílageymslum. Fyrirhugað er að heildarbyggingarmagn á svæðinu verði 26.675 m² ofan- og neðanjarðar með nýtingarhlutfalli 1,9. A-rými ofanjarðar 18.700m². B-rými ofanjarðar 2.595m². A-rými neðanjarðar 2.180m². B-rými neðanjarðar - Bílakjallari - 3.800m².
Vinnslutillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:1000 og 1:500 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 15. október 2021. Vinnslutillögunni fylgir einnig minnisblað um samgöngur frá VSÓ ráðgjöf dags. 17. febrúar 2021.

Nánar er vísað til kynningargagna.

Ofangreind vinnslutillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is.
Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is.

Fimmtudaginn 18. nóvember 2021 milli kl. 17 og 18 verður starfsfólk skipulagsdeildar með opið hús í sal Kársnesskóla þar sem vinnslutillagan verður sérstaklega kynnt þeim sem þess óska. Áhugasamir eru beðnir að skrá komu sína með tölvupósti á netfangið skipulag@kopavogur.is fyrir 16. nóvember nk.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 13:00 föstudaginn 17. desember 2021.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.

Kópavogsbær

kopavogur.is

TANNLÆKNARÝMI TIL LEIGU Í VESTURBÆNUM

Tannlæknarými með stól og tækjum er laust til leigu. Á stofunni starfa þrír tannlæknar og pláss er fyrir þann fjórða. Fín aðstaða og góð staðsetning. Hagstæð leigukjör í boði.

Allar upplýsingar veitir Garðar í síma 863-0152 eða hbakki@simnet.is

Undirstöður - útboð

Öryggisfjarskipti ehf, óska eftir tilboðum í verkið: Flugskýli Landhelgisgæslan – Undirstöður

Verkið felst í steypu á undirstöðum og botnplötu vegna byggingar flugskýlis og aðstöðubyggingar fyrir Landhelgisgæslu Íslands við Nauthólsveg á jaðri Reykavíkurflugvallar.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

• Steypa	500 m3
• Bendistál	45.000 kg
• Mót	900 m2
• Fylling	2100 m3

Útboðsgögn verða afhent rafrænt af EFLU verkfræðistofu til þeirra bjóðenda sem þess óska frá og með **miðvikudeginum 10. nóvember 2021, kl. 10:00.**

Tilboð verða opnuð **fimmtudaginn 25. nóvember 2021 kl. 14:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem það vilja.

Bjóðendur óski eftir gögnum hjá EFLU verkfræðistofu með tölvupósti á **bjarni@efla.is**.



Erum við að leita **að þér?**

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

ÚTBOÐ

Vestmannaeyjabær ásamt
Vegagerðinni óska eftir tilboðum í

þjónustu og viðhald gatnalýsingar

Verkið felur í sér þjónustu og viðhald á allri gatnalýsingu í Vestmannaeyjum ásamt útskiptingu lampa og færslu á búnaði úr dreifistöðvum. Á svæðinu eru tveir eigendur á gatnalýsingarkerfinu þ.e. Vestmannaeyjabær og Vegagerðin og nær þessi samningur yfir kerfi þeirra beggja, bæði á veitusvæði HS Veitna. Gatnalýsingarkerfið samanstendur af dreifiskápum, jarðstrengjum, staurum og lömpum.

Samningur nær til þriggja ára með möguleika á framlengingu í tvö skipti, eitt ár í senn. Frávikstilboð verða ekki leyfð.

Útboðsgögn verða afhent í tölvupósti í gegnum ráðgjafa verkkaupa, gudjon@liska.is og verður hægt að nálgast gögn til og með
23. nóvember 2021.

Tilboðum ásamt umbeðnum gögnum skal skila rafrænt í tölvupósti til gudjon@liska.is. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og bjóðendur eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11.00, mánudaginn 29. nóvember 2021.

Upplýsingar má einnig finna á utbodsvefur.is

LISKA

Hugmyndasamkeppni

Reykjanesbraut og svæðiskjarni í Smára
Þverun, uppbygging og tengingar

Kópavogsbær (útbjóðandi) í samstarfi við Arkitektafélag Íslands efnir til opinnar hugmyndasamkeppni um þverun (lok/stokk), uppbyggingu við og/eða yfir Reykjanesbraut og tengingar fyrir vistvæna ferðamáta í svæðiskjarna í Smára (Smára-, Linda- og Glaðheimasvæði).
Tvö fyrirspurnartímabil eru í samkeppninni og lýkur því **fyrra 2. desember 2021 og því síðara 24. janúar 2022.** Vakin er athygli á því að þessi samkeppni er rafræn.
Skilafrestur tillagna er 7. febrúar 2022 fyrir kl. 13.00 að íslenskum tíma.

Lykildagsetningar eru:

Hugmyndasamkeppni auglýst	lau. 6. nóvember 2021
Keppnislýsing aðgengileg	lau. 6. nóvember 2021
Samkeppnisgögn afhent	mið. 10. nóvember 2021 í útboðskerfi Kópavogs
Skilafrestur fyrri fyrirspurnartíma	fim. 2. des. 2021.
Svör við fyrri fyrirspurnum	fim. 9. desember 2021.
Skilafrestur seinni fyrirspurnartíma	mán. 24. janúar 2022.
Svör við seinni fyrirspurnum	fös. 28. janúar 2022.
Skilafrestur tillagna	mán. 7. febrúar 2022 kl. 13:00
Niðurstaða dómnefndar	áætluð um miðjan mars 2022

Samkeppnin er almenn hugmyndasamkeppni samkvæmt skilgreiningu Arkitektafélags Íslands og opin öllum þeim sem uppfylla skilyrði keppnislýsingar sbr. gr. 3.1.
Kallað er eftir hugmyndum sem gætu haft áhrif á þróun og uppbyggingu svæðiskjarnans í Smára svo og tengst heildarendurskoðun Reykjanesbrautar og umhverfis hennar. Samkeppnin beinist að því að fá fram hugmyndir sem gera svæðið að öflugri samhangandi einingu.

Í dómnefnd sitja:
Tilnefndir af Kópavogsbæ:
1. Hrafnkell Ásólfur Proppé skipulagsfræðingur, formaður dómnefndar, fulltrúi Kópavogsbæjar.
2. Bergljót Kristinsdóttir bæjarfulltrúi, fulltrúi Kópavogsbæjar.
3. Hjördís Ýr Johnson bæjarfulltrúi, fulltrúi Kópavogsbæjar.

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands
4. Birkir Einarsson landslagsarkitekt FÍLA.
5. Hans-Olav Andersen arkitekt FAÍ, MNAL.

Áfengið hafði mjög eyðileggjandi áhrif á líf hans á þessum tíma og var hann orðinn mjög veikur upp úr þrítugu. „Ég kvæntist árið 1960 og eignuðumst við fyrri kona mín fjögur börn saman. Leiðir okkar skildi árið 1973 vegna minnar drykkju."

Hann fór í sína síðustu afeitrun 8. maí 1978, þá í Reykjadal sem rekinn var af SÁÁ – Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

„Þar breyttist lífið, þetta var allt annað umhverfi en Kleppur. Allt öðruvísi starfsfólk, allt annað viðmót, ég varð alveg hugfanginn," segir hann.

„Valið á þessum tíma stóð milli þess að lifa eða deyja. Þetta var lokastöðin. Ég vakna uppi í Reykjadal og það var eins og það hefði ekkert gerst áður. Þrátt fyrir allt sem á undan hafði gengið var ég fram að því með mikinn mótþróa fyrir því að hætta að drekka. Ég ætlaði að breyta þessu en það kom aldrei til greina að hætta alveg."

Þetta varð ævistarfið

Sigurður starfaði sem málari á þeim tíma en fékk þá hugmynd í Reykjadal að starfa fyrir SÁÁ, þá sem iðnaðarmaður. Ekkert slíkt var í boði en hann var ráðinn sem kokkur austur á Sogn. Sigurður tekur fram að hann sé ekki sá besti í eldhúsinu en hafi verið tilbúinn að læra. „Fljótlega eftir áramót var ég byrjaður sem leiðbeinandi," segir hann og hlær.

Starfið tók mjög á og Sigurður var hreint ekki viss um hvort hann gæti þetta yfirleitt. Þá sá hann auglýstan sumarskóla í áfengis- og vímuefnaráðgjöf í Minnesota í Bandaríkjunum. „Þetta var bara stutt, mánuður sem ég var úti með alls konar fólki. Þá tók ég ákvörðun um að gera þetta að ævistarfi mínu."

Hófst þá nokkurra ára tímabil þar sem Sigurður sótti um öll slík námskeið sem hann fann. „Ég fór í öllum fríum, ég var að hringja út og spyrja hvort ég mætti koma og fylgjast með. Á sama tíma var ég að vinna á Sogni, þar kom nýr læknir, Þórarinn Tyrfingsson, og þá byrjuðum við að innleiða alls konar nýja hugsun." SÁÁ var ekki hátt skrifað á þessum tíma. „Það var talað um að þetta myndi endast í eitt, kannski tvö ár."

Sigurður hélt áfram að leita vestur og 1982 fór hann að starfa á afeitrunardeild á ríkisspítala í Atlanta í Georgíu. „Ég sá það versta af öllu slæmu. Þetta var fátækt fólk, mest svart fólk, sem hafði fundist á götunni. Mikil vinna fór í að bera kennsl á það. Ég man sérstaklega eftir ungum manni frá Texas sem ég var að hjálpa í átta daga. Hann var kominn með áætlun fyrir framtíðina, svo komu allt í einu tvær löggur að sækja hann, þá var hann eftirlýstur."

Kvaddi vinnuna sjötugur

„Til að verða ráðgjafi þarf þrjú ár af klínísku starfi, þrjú ströng próf. Við erum þannig að tryggja að þegar veikur alkóhólisti leitar til viðkomandi þá fær hann og fjölskylda hans faglega nálgun undir stífum siðareglum." Íslenskir ráðgjafar hafa það fram yfir aðra að þeir geta bæði beitt mismunandi nálgun eftir efni en einnig aðstæðum. „Danir, Bretar og allir hinir í Evrópu eru miklu aftarlegar á merinni. Það er sennilega ekkert land í Evrópu sem getur státað sig af því að yfirvöld viðurkenni þetta starf, áfengis- og vímuefnaráðgjafi," segir hann.

Sigurður hætti formlega að vinna fyrir áratug. „Það var búið að ákveða að ég myndi hætta sjötugur. Það var haldin veisla. Ég kvaddi alla. Rosa mikið jibbí. Ég fór í frí til Bandaríkjanna og var að ferðast með vini mínum í Nýja-Mexíkó. Eina sem ég talaði um voru indjánarnir sem drukku svo mikið og áttu engar meðferðarstöðvar. Ég kom heim og fór að hlaupa, á endanum fór ég og hitti Þórarinn og mætti í vinnuna daginn eftir. Ég ætlaði að taka eitt ár í að afeitra mig úr þessari vinnu, þau urðu níu."

Hann hætti störfum í gær, líklega endanlega í þetta skiptið.

> Ég ætlaði að taka eitt ár í að afeitra mig úr þessari vinnu, þau urðu níu.

Byrjaði fimmtugur að hlaupa

Helsta áhugamálið eru hlaupin. Sigurður hljóp síðast hálfmaraþon í sumar. „Þegar það rann af mér fór ég í líkamsrækt," segir hann. „Ég byrjaði að hlaupa um fimmtugt og fannst það gaman. Eins og sönnum alkóhólista sæmir þá þurfti ég að taka það með trompi." Hann var staddur í Boston árið 1994 og fylgdist með marklínunni í stóra maraþoninu. „Ég varð fyrir rosalegum áhrifum af stemningunni." Tveimur árum síðar hljóp hann sjálfur í Boston-maraþoninu. „Það var á 100 ára afmæli hlaupsins. Ég, Óttar Guðmundsson geðlæknir og þrjátíu þúsund aðrir hlupum. Ég var með gapandi kjaftinn allan tímann, það var svo mikil stemning."

Hann hefur nú hlaupið 53 maraþon um allan heim. „Ég hljóp maraþon í London, Berlín, München og aftur í Boston. Svo hljóp ég í Graceland og málaði skóna mína blåa eins og lagið með Elvis. Ég og vinur minn Ágúst Kvaran fórum upp í 50 kílómetra, hlupum frá Þingvöllum niður á Austurvöll, hlupum svo í Vesturbæjarlaugina til að ná 50. Ég reimaði ekki á mig skó nema fyrir 20 kílómetra."

Ágúst sá svo auglýsingu fyrir 100 kílómetra fjallahlaup á Ítalíu. „Það var 35 stiga hiti, við hlupum líka á nóttunni." Tók þá við hlaup frá Big Ben í London til Brighton. Þá fékk Ágúst þá hugmynd að taka þátt í heimsmeistaramótinu í 100 kílómetra hlaupi í Frakklandi. „Við þurftum að fara til ÍSÍ, urðum okkur úti um landsliðsbúninga og þeir tóku fram að við værum fulltrúar Íslands og ættum því ekki að reykja og drekka. Við lofuðum að gera það ekki," segir Sigurður. Hann náði 100 kílómetrunum á 11,5 tímum.

„Þetta hefur stuðlað að því að ég hef haldið góðri geðheilsu í vinnunni. Það er rosalega mikil heilun sem fylgir þessu," segir hann. „Þegar ég fór inn á Klepp þá var spurningin sem brann á mönnum: „Er líf eftir afeitrun?" Það er óhætt að segja það, glæsilegt líf." ■


Sigurður og eiginkona hans, Munda, eiga stóran hóp af börnum, hér má sjá hópinn í lok áttunda áratugarins.


Sigurður og Ágúst Kvaran kepptu fyrir Íslands hönd á HM í 100 kílómetra hlaupi í Frakklandi 2001.

Nánar á frettabladid.is

100% RAFMÖGNUÐ ÍTÖLSK HÖNNUN

ÍSBAND FRUMSÝNIR FYRSTA FALLEGA RAFMAGNSSMÁBÍLINN FIAT 500e

6. NÓVEMBER KL. 12-16



TÍMALAUS ÍTÖLSK HÖNNUN MEÐ ALLT AÐ 460 KM DRÆGNI

ALLT AÐ 460 KM DRÆGNI

Drægnin er 320 km skv. WLTP í blönduðum akstri

LÍTILL LEIÐSÖGUMAÐUR

Kemur þér á áfangastað

INNBYGGÐ HRAÐHLEÐSLA

Daghleðsla á aðeins 5 mínútum (50 km)

GLÆNÝTT 10.25" UPPLÝSINGAKERFI

Tengist snjallsímanum auðveldlega

Rafhlaðan er 42KW og er 8 ára ábyrgð á rafhlöðu og 5 ára ábyrgð á bílnum. 500e er sjálfskiptur og framdrifinn. Með 85KW hraðhleðslu er hægt að hlaða 50 km drægni á 5 mínútum.


ISBAND

UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • FIAT.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

FIAT

Merkisatburðir

1796 Dómkirkjan í Reykjavík vígð. Hún var 8 ár í byggingu og var endurbyggð 1848 og endurbætur gerðar 1879.
1796 Katrín mikla Rússakeisaraynja deyr og Páll I., sonur hennar, verður keisari.
1860 Abraham Lincoln kjörinn Bandaríkjaforseti.
1864 Bókasafn Akraness stofnað.
1975 Þrjú hundruð þúsund sjálfboðaliðar ganga frá Marokkó til Vestur-Sahara til stuðnings við tilkall Marokkó til þessarar fyrrverandi nýlendu Spánar.
1984 Ronald Reagan sigrar Walter Mondale með yfirburðum í forsetakosningunum í Bandaríkjunum.
1989 Fyrsti fundur í Efnahagssamstarfi Asíu- og Kyrrahafsríkjanna haldinn í Ástralíu.
1994 Tugir farast í flóðum í Piemonte á Ítalíu.



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Árna Marinóssonar

Lundi 3, 200 Kópavogi.

Sérstakar þakkir til Elínar Önnu, Guðmundar Rúnarssonar og starfsfólks 11G, einnig starfsfólks HERU og líknardeildar Landspítalans fyrir einstaka ljúfmennsku og stuðning.

Halla Valdís Friðbertsdóttir
Berglind Árnadóttir **Kristján Kristjánsson**
Magnea Árnadóttir **Ásgeir Örn Ásgeirsson**
Marinó Einar Árnason **Iwona Posiadala**
og barnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi
Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Nærgætni, hlýja og virðing
Við andlát ástvinar
ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Þjónusta allan sólarhringinn

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



Meðlimir í Kayakklúbbnum eru um 350 í dag. MYND/AÐSEND

Kayakklúbburinn á stórafmæli

Kayakklúbburinn er fertugur í dag. Formaður félagsins vonast eftir skjótum bata fyrir hátíðarhöldin.

arnartomas@frettabladid.is

Kajak-menning á Íslandi hefur hert róðurinn á undanförnum árum og í dag fagnar Kayakklúbburinn fertugsafmæli sínu. Guðni Páll Viktorsson formaður klúbbsins sá sér fært að svara spurningum Fréttablaðsins, þrátt fyrir að vera hundveikur.

„Við erum í rauninni orðin fjörutíu ára en höfum verið að fresta þessu endurtekið í samræmi við takmarkanir í samfélaginu," segir hann. „Vonandi náum við að láta þetta ganga núna."

Frá því að klúbburinn var stofnaður hefur hann stækkað jafnt og þétt, en Guðni Páll segir að það hafi þó ekki orðið gríðarleg sprenging eins og í sambærilegu útivistarsporti. „Í dag telur klúbburinn um 350 meðlimi, sem gerir okkur að einu stærsta félagi innan Siglingasambands Íslands," segir hann. „Svo er auðvitað misjafnt hve virkir meðlimirnir eru."

Þótt vinsældir sportsins fari vaxandi segir Guðni Páll ólíklegt að kajakinn leysi einkabílinn af hólmi í bráð. „Ég held við þurfum ekkert að hafa áhyggjur af því í bili."

Ólík sjónarhorn

Að kaupa nýjan kajak getur verið fjárfesting sem hleypur á nokkur hundruð þúsundum en Guðni Páll segir langbest fyrir áhugasama að kíkja á byrjendanámskeið. „Það er best að taka fyrstu skrefin undir handleiðslu og spyrja nóg af spurningum," segir hann. „Það er alltaf hægt að byrja á kajak, en það þarf auðvitað ákveðinn stofnpakka til að gera hlutina vel."

Sjálfur segir Guðni Páll að náttúran frá nýjum vinklum sé eitt það helsta sem heilli sig við sportið.

„Fyrir mig er þetta fyrst og fremst ferðamennskan, að geta ferðast um landið og séð staði sem aðrir hafa kannski ekki tækifæri til að sjá," segir hann.

> Það er allt annað að sjá landið frá sjó heldur en að labba um það eða keyra.

„Það er allt annað að sjá landið frá sjó heldur en að labba um það eða keyra."

Í kvöld munu meðlimir klúbbsins fagna tímamótunum með tilheyrandi róðri, afmælisköku og hraðprófum. Guðni Páll er vongóður um að hann nái bata fyrir veisluhöldin.

„Það er allt reynt," segir hann, spurður hvort hann sé ekki ábyggilega duglegur að taka Frískamín til að ná bata. „Sem formaður vona ég auðvitað að ég verði orðinn góður, en ef ekki þá er það bara þannig. Maður tekur enga sénsa." ■

Fornnorræna og HBO

Norræna húsið býður í dag upp á erindi þar sem fornmál eru skoðuð í samhengi við vinsælt sjónvarpsefni.

Norsku HBO þættirnir Beforeigners fengu góðar viðtökur áhorfenda og er önnur sería þáttanna í bígerð, sem er væntanleg um næstu jól. Leikararnir í þáttunum eru flestir frá Norðurlöndunum og meðal þeirra eru Jóhannes Haukur Jóhannesson og Ágústa Eva Erlendsdóttir.

Í þáttunum er fólk úr fortíðinni skyndilega fært inn í nútímann og þarf að takast á við nýjan veruleika. Til þess að fanga tungumál fólks fyrr á öldum á sem nákvæmastan hátt var kallað eftir vinnu málvísindamanna, enda mikil fræði þar á bak við.

Málvísindamaðurinn Alexander Lykke hefur unnið við endursköpun talmáls frá steinöld, víkingaöld og 19. öld og mun flytja stutt erindi um verkefnið. Þá mun Ellert Þór Jóhannesson rannsóknarlektor koma á vegum Árnastofnunar, en viðfangsefni rannsókna hans eru helst á sviði orðabókarfræða með áherslu á íslenska málsögu.

Viðburðurinn hefst klukkan 16 í dag og er aðgangur ókeypis.



Önnur sería af Beforeigners er væntanleg um næstu jól.

JS WATCH CO. REYKJAVÍK

Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi





HJÁ GILBERT ÚRSMIÐ SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLU ÚRA. ÁRATUGA REYNSLA, METNAÐUR OG FAGMENNSKA.

ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á WWW.GILBERT.IS

ARC-TIC ICELAND





ARC-TIC ÚR MEÐ LEÐURÓL

29.900.-





ARC-TIC ÚR MEÐ STÁLÓL

34.900.-

GILBERT ÚRSMIÐUR

GILBERT ÚRSMIÐUR
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.GILBERT.IS
SÍMI: 551 4100



Hugfanginn er önnur skáldsaga Önnu Rögnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ást, þroski og hugsjónir

Anna Ragna Fossberg hlaut verðlaun Sparibollans fyrir handritið Hugfanginn.

arnartomas@frettabladid.is

Bókmenntaverðlaun Sparibollans, verðlaun fyrir fallegustu ástarjátninguna, voru veitt í þriðja skipti fyrr í vikunni. Verðlaunahandritið í ár var Hugfanginn eftir Önnu Rögnu Fossberg, sem gefin er út á vegum Króníku.

„Bókin hefur í raun þrjú þemu, en hún er í senn ástar-, þroska- og hugsjónasaga," segir Anna Ragna.

Sagan gerist á einum sólarhring og segir frá Smára, miðaldra verkfræðingi, í kjölfar þess að hann greinist með hjartagalla og flettir upp gamalli frétt um andlát foreldra sinna, sem hann kynntist aldrei. Hann þarf síðan að takast á hendur gönguferð um æskuslóðir sínar þar sem ýmislegt gott og slæmt rifjast upp.

„Á þessum sólarhring gerir hann upp við æskuástina, höfnunina, ástarsorgina og hvernig hann lokaði sig af í kjölfarið. Hann áttar sig á því hvað hann hefur rammað líf sitt inn í þröngan kassa," útskýrir Anna Ragna. „Hann hefur til dæmis aldrei eignast fjölskyldu."

Það fer að kvarnast úr þessum ramma þegar Smári skoðar kynhneigð sína, kynvitund og tengsl við eigin líkama.

> Ég tók sjálf þátt í friðarbaráttu á sínum tíma og er auk þess frekar mikið fyrir reglur og ramma, ef ég á að segja eins og er.

„Það breytist ansi margt hjá honum á þessum sólarhring," segir Anna Ragna.

Ýkt útgáfa

Níundi áratugurinn er í brennidepli í bókinni en Smári, eins og Anna Ragna sjálf, ólst upp á þeim tíma. Smári gengur í gegnum mikið þunglyndi en finnur tilgang með því að hella sér út í friðarbaráttu. „Þetta er á þeim tíma sem kalda stríðið var í algleymingi, en í dag er ungt fólk líka kvíðið fyrir framtíðinni út af loftslagsmálum," segir Anna Ragna.

Persónan Smári á margt sameiginlegt með Önnu Rögnu sjálfri. „Ég tók sjálf þátt í friðarbaráttu á sínum tíma og er auk þess frekar mikið fyrir reglur og ramma, ef ég á að segja eins og er," segir hún. „En ég á fjölskyldu, svo Smári er mjög ýkt útgáfa af mér."

Árið 2018 gaf Anna Ragna út bókina Auðnu sem hlaut mikið lof lesenda. Þar



segir frá þremur systrum sem alast upp í Reykjavík á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar, en bókin er saga móðurættar Önnu Rögnu skrifuð með skáldaleyfi.

„Ég hafði ekki nægar heimildir til að skrifa hana sem sanna sögu, þótt hún hafi verið sannsöguleg," segir Anna Ragna. „Hugfanginn er aftur á móti skáldsaga, þótt ég byggi hana að einhverju leyti á mínu eigin lífi." ■



†

Okkar ástkæri

Skúli H. Flosason

lést 1. nóvember 2021.
Útförin fer fram í kyrrþey.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Þóra Björk Sveinsdóttir,
Kristín Heiða, Eyrún og Nanna Hlín,
makar, barnabörn og langafabarn.**



†


Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og virðingu við fráfall okkar elskaða eiginmanns og ættföður,

Árna Vals Viggóssonar

rafvirkja- og símsmíðameistara,
Víðilundi 24, Akureyri.

Starfsfólk Lyfjadeildar SAk og Grenihlíðar fær sérstakar þakkir fyrir hjartahlýju og kærleik.

**Fyrir hönd stórfjölskyldunnar,
Unnur Þorsteinsdóttir**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Ragna Valdimarsdóttir
(Stella)

lést á hjúkrunarheimilinu Sléttunni þriðjudaginn 2. nóvember. Útför fer fram í Háteigskirkju fimmtudaginn 11. nóvember klukkan 13.

Björn Kr. Gunnarsson **Arndís Ármann**
Ásta Gunnarsdóttir
Margrét Ármann **Halldór Jensson**
Gunnar Óðinn Einarsson
Valdimar Ármann **Gunnar Friðrik Eðvarðsson**
Stella María Ármann **Sigurður Stefánsson**
og barnabarnabörn.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Karl Bjarnason

múrari,
Klettabergi 34, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu 3. nóvember.

Hildur Þorsteinsdóttir
Auður Baldursdóttir **Erling Pétur Erlingsson**
Þorsteinn Sveinn Karlsson **Úlfhildur Jónasdóttir**
Svanhildur Karlsdóttir **Anton Magnússon**
Lilja Guðríður Karlsdóttir **Jónas Þór Oddsson**



†

Elsku faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og langafi,

Jón Fr. Sigvaldason

bifreiðasmiður,
Faxatúni 32, Garðabæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 30. október. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, fimmtudaginn 11. nóvember kl. 13.

Ragnheiður Edda Jónsdóttir **Guðmundur Þ. Kristjánsson**
Líney Rut Guðmundsdóttir
Jón Grétar Guðmundsson
og langafastrákarnir.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ómar Örn Þorbjörnsson

húsasmíðameistari,
Efstasundi 31,

lést þann 30. október á Landspítalanum. Hann verður jarðsunginn frá Áskirkju miðvikudaginn 10. nóvember kl. 11.

Sigríður Elísabet Sturlaugsdóttir
Auður Berglind Ómarsdóttir **Guðmundur Ingi Jónsson**
Sturlaugur Aron Ómarsson **Auðbjörg Njálsdóttir**
Hákon Örn Ómarsson
Elísa Karen, Helena Bríet, Eydís Klara, Diljá og Freyr



†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Ragnarsdóttir

frá Stykkishólmi,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, Grafarvogi, 3. nóvember.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 9. nóvember kl. 15.
Aðstandendur þakka starfsfólkinu á hjúkrunarheimilinu Eir Grafarvogi fyrir einstaka umönnun og væntumþykju.

Eyþór Sigurbergsson **Turid Lismoen**
Ómar Sigurbergsson **Sif Gunnarsdóttir**
Ívar Sigurbergsson **Auður Ögmundsdóttir**
Edda Sigurbergsdóttir
Ester Sigurbergsdóttir
börn og barnabörn.



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elín Jóhanna Ágústsdóttir
(Ellý)

frá Aðalbóli, Vestmannaeyjum,
áður til heimilis að Kleppsvegi 62,

andaðist á Hrafnistu 13. október.
Jarðarförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 9. nóvember kl. 13.

Bjarni Sighvatsson **Auróra Friðriksdóttir**
Viktor Sighvatsson **Jóna Margrét Jónsdóttir**
Ásgeir Sighvatsson **Hilda Torres**
Elín Sighvatsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

Þórðar Sveinssonar

Kórsölum 1.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Kríulundar Hrafnistu Boðaþingi.

Hafdís Baldvinsdóttir
Sigurður Pálmar Þórðarson **Erna Sigurðardóttir**
Jóhanna Guðrún Þórðard. **Bjarni Viggósson**
Ása Kristveig Þórðard. **Jens Magnússon**
Svanhvít Þórðardóttir Eikland
Erla Rúna Þórðardóttir **Haukur Hrafnsson**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Már Bjarnason

Bjarkarheiði 37, Hveragerði,


lést á dvalarheimilinu Ási 26. október síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Lára Kolbrún Þorsteinsdóttir
Brynhildur Pálína Másdóttir **Richard Moltzau**
Guðrún S. Másdóttir Forsberg **Páll Forsberg**
Anna Jónína Másdóttir **Sveinn Sigmundsson**
Holberg Másson **Guðlaug Björnsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

NATURE VALLEY™

NJÓTTU NÁTTÚRUNNAR





LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í grænu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem hefur farið illa með fjölda fjöldahreyfinga (13) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „6. nóvember “.



Sudoku

	1	7	2				6	
		4			6	7		5
	9			3				
		9						
4	6					3	8	
2			4			9		
7	5		1	9	2	8		
	3	8				1		
1			8	7				

				1		6		
	3	6			8			2
		9						5
						8		
3	1	8			2	9		
		7	3				6	
4			7		5		1	
	9	5		4				
	8							

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Vond en góð lega

Sveit SFG (Sölufélag garðyrkjumanna) vann sigur í sveitakeppni BR að hausti sem endaði 25. október eftir fjögurra kvölda spilamennsku. Sveitir SFG og Gauksa börðust allan tímann um efsta sætið, en sveit SFG vann sveit Gauksa í innbyrðis viðureign 17,76-2,24 í þriðju síðustu umferð. Sá sigur skipti miklu máli því endastaðan varð SFG – 163,81 og Gauksi - 161,77. Þetta spil í innbyrðis viðureign þeirra skipti miklu máli. Suður var gjafari og AV á hættu:

Norður
♠ G5
♥ 102
♦ 654
♣ K108542

Vestur
♠ 1063
♥ D8
♦ 973
♣ G9763

Austur
♠ K9872
♥ KG976
♦ D108
♣ -

Suður
♠ ÁD4
♥ Á543
♦ ÁKG2
♣ ÁD

Gauksa-menn spiluðu þrjú grönd á NS hendurnar og fóru einn niður á öðru borðanna. Gunnlaugur Karlsson sat með suðurspilin á hinu borðinu og opnaði á alkröfusögninni 2 laufum til að sýna 24-25 jafnskipta hönd. Kjartan Ingvarsson sat í norður og sagði tvo spaða sem var yfirfærsla í lauf og lofaði 6+ spilum. Gunnlaugur sagði tvö grönd til að sýna að hann átti stuðning í litnum og Kjartan veðjaði á þrjú grönd. Gunnlaugur sagði fjögur lauf, sem var ásaspurning og Kjartan sagði fjóra tígla sem sýndi einn eða fjóra ása (trompkóngur talinn sem ás). Gunnlaugur sagði 5 grönd til að sýna að fyrsta fyrirstaða væri til staðar í öllum litum og spurði hvort sex eða sjö yrði lokasögnin. Kjartan hafði eðlilega ekki áhuga á sjö og sagði sex lauf sem enduðu sagnir. Fimm lauf er miklu betri samningur en þrjú grönd en sex lauf var metnaðarfullt. Vestur valdi tígulútspil því hann vissi ekki að hjartaútspil hefði eyðilagt vonir sagnhafa. Gunnlaugur drap drottningu austurs og lagði niður trompásinn. Hann fékk slæmu fréttirnar um trompleguna en það var lán í óláni að trompið lá á undan sexlitnum. Hagstæð lega í tígli og spaða gerði spilið að handavinnu. Laufdrottning var tekin og tíglunum öllum spilað ofan frá. Vestur trompaði fjórða tígulinn, en þá var spaðagosa spilað og kóngur drepinn á ás. Spaði var trompaður, hjarta á ás og K10 í laufi voru 11 og 12 slagurinn. ■

Lausnarorð síðustu viku var
HALLORMSSTAÐUR

K	R	E	M	B	A	U	K	A	■	L	■	V	■	L	O	K	K	A	R
O	■	F	■	I	■	■	■	F	R	Í	R	Í	K	I	■	O	■	U	■
L	A	N	D	S	Á	T	A	K	■	K	■	Đ	■	S	Þ	R	A	K	A
K	■	A	■	K	■	R	■	Ö	L	Þ	Y	R	S	T	■	N	■	A	■
R	Æ	K	J	U	L	A	U	S	■	R	■	E	■	A	Đ	H	A	L	D
A	■	O	■	P	■	U	■	T	J	Á	N	I	N	G	■	Æ	■	O	■
B	Ó	N	D	A	N	S	■	U	■	I	■	S	■	I	N	N	S	T	I
B	■	U	■	Đ	■	T	Í	M	A	R	I	T	■	L	■	U	■	U	■
A	K	R	E	I	N	A	R	■	L	■	N	■	V	I	K	M	Ö	R	K
■	A	■	R	■	E	■	L	O	F	A	N	F	I	■	E	■	R	■	O
K	R	Ó	K	Ó	T	T	A	■	A	■	L	■	N	Í	R	Æ	Đ	U	M
■	L	■	I	■	F	■	N	Æ	R	G	E	N	G	■	S	■	U	■	M
N	Æ	R	F	E	L	L	D	■	I	■	N	■	U	■	K	O	G	G	A
■	G	■	Ó	■	I	■	I	N	N	S	T	I	L	L	I	■	A	■	N
R	I	Đ	L	A	X	A	■	Æ	■	Ö	■	L	■	Á	N	A	N	N	A
I	■	■	■	■	Đ	■	M	■	T	Ú	N	F	L	Ö	T	■	Đ	■	Ý
M	Ý	R	A	K	Ö	L	Đ	U	■	G	■	S	■	I	■	F	■	M	■
P	■	A	■	O	■	Ó	■	R	■	L	Í	K	I	N	D	A	M	Á	L
A	U	S	T	M	A	Đ	U	R	■	A	■	A	■	N	■	L	■	L	■
R	■	A	■	A	■	I	■	Ó	L	G	A	N	D	I	■	L	■	A	■

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Tengd tákn varða pars drátt (9)
11 Hér hvíla ólæknandi menn sem engu skila (10)
12 Virði að hann lét hörð fjúka því þau skildu ekki undirstöðusystemið (11)
13 Hörfuðu ekki langt með margra daga nesti (10)
14 Sé sel synda í norður. Hvaða skepna er það? (9)
15 Urðu fúl því sá forherti reisti enga veggi (9)
16 Afskipt þrátt fyrir prikin sem marka slóðana (9)
17 Nóta án radda nýtist engum (4)
20 Tel næturmessu kalla á gott grímuljóð (8)
23 Ó ekki – það er eldunaráhald milli þessara ákveðnu greipa (8)
27 Lausnin byggist á suddalegum ástæðum (5)
28 Leikin lið hafa hundinn í huga (7)
31 Veldur ölvun því að við þusum um það sem við höfum eyðilagt? (8)
33 Brot kallar á hlekki og hlekkir á kúbein? (7)
34 Að elska það sem áður var/eða vilja vera þar? (7)
35 Atli er ringlaður fíll og frúin aum eftir því (8)
36 Kropp ránfugls minnir á blikkklippur (7)
40 Bannar að raftar rugli kerfið (6)
41 Hér rís stjarna Lúðvíks XIV (10)
45 Réðir gátu um langhölu sem lét þræla sér út (6)
46 Fleygi öllum á dyr sem básúna sínar skoðanir (7)
49 Gullbakki í Kópavogi? Þar eru víst Krossgátur.is til húsa (9)
50 Þau ku hafa víxlað hinum meintu stöfum (6)
51 Þjóð hins suðræna eyríkis setur þarlenda snáka úr jafnvægi (7)
52 Murtuloðna er sjaldséð áttfætla (9)
53 Þar hvíldi hún, frí við fjör og fisk (6)
54 Fýludraugur kitlar nefið (7)

LÓÐRÉTT

1 Í senn slegnir og þéttir á velli (11)
2 Hví gramsar þessi krakki í þessu, rengla sem hann er? (9)
3 Íþróttafélag para gerir vel við þungaða (9)
4 Erfið staðan tefur seinan (9)
5 Lokka dauðan inn á slóða úr alfaraleið (8)
6 Höfum villt í ráðum með rugluðum (10)
7 Skríll þessarar skemmu er engu líkur (8)
8 Bróðir Grétu veit hvernig maður notar skjólflikina (8)
9 Valtari flytur snyrtivöru (7)
10 Þú gæddir þér á viöhöldum, segirðu? (7)
18 Lesa í draum um þá sem ekki komst í kirkjubækur (7)
19 Geri líkneski sem líkist flestu öðru en fyrirmyndinni (7)
21 Hveitiblóm og korn heilla kjána við sögufrægt fljótið (7)
22 Vil að þú gerir holur og færir þær á kaf (6)
24 Heimsókn á Hlemm kallar á viðeigandi höfuðfat (7)
25 Vantar enn stað fyrir þann sem sem stendur undir öllu hinu ruglinu (7)
26 Raddirnar eru farnar en tímamótin ekki (7)
29 Skil til að mynda þau sem ruglast og raupa (7)
30 Hugsa um hroka og íhuga breytingar (7)
32 Burt með blómplöntu sem er svo einföld og geislandi að hún sést ekki berum augum? (10)
37 Leita að blaðsíðunúmeri í skipaskrá (8)
38 Þetta spil er helsta aðdráttarafl storma (8)
39 Djöflumst við loft sem við skemmdum (8)
42 Sá sem á meira en hann ræður við sætir auðvitað kúgun (6)
43 Skipti um verslun (6)
44 Hafgola segir Askur þá, fullur af skít (6)
47 Hér segir af körlum í sængurfötum (5)
48 Blómið boðar hægð fyrir hrók (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Stúlka, kona, annað, eftir Bernardine Evaristo** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Elísa Björg Þorsteinsdóttir, Reykjavík.**



Heill geimur af ævintýrum

Íslenskir höfundar, erlendir kaffihúsagestir, alþjóðlegar ofurhetjur og yfirnáttúrulegar skáldsagnaverur.


Hvern langar þig að hitta í dag?



penninn.is

Penninn Eymundsson

STÓRVIRKI



Glæstar vonir eftir meistara **Dickens** er tímalaus snilld og af mögum talin hans besta skáldsaga.


Jón St. Kristjánsson þýddi og ritaði eftirmála.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**

Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17

Veðurspá Laugardagur



VEÐUR: SIGGI STORMUR

Það eru gular viðvaranir í gildi á suðurhluta landsins. Suðvestan til vegna mikillar snjókomu í fyrstu og suðaustan til vegna vinds. Á hálendinu vegna snjókomu og vinds. Það verður víða allhvöss eða hvöss A og NA átt. Snjókoma sunnan til með morgninum en síðan rigning. Norðanlands verður slydda eða snjókoma þegar líður á morguninn með skafrenningi á heiðum. Hiti 1-6 stig.

Gigtin og veðrið




Sigurður Þ. Ragnarsson
vedur
@frettabladid.is

Fyrir skömmu ræddi ég gagnsemi þess að eiga loftvog. Nú ætla ég að nálgast loftvogina út frá stoðkerfisverkjum. Margir kannast við stirðleika eftir nætursvefn. Ein ástæða þess er að þegar við sofum þá lengjumst við. Það gerist þar sem þunginn á liðunum minnkar og þeir „þenjast út“. Þegar við svo vöknum leggjum við þunga líkamans á liðina á ný sem við það færast í „venjulegt horf“ og stirðleikinn minnkar. Skilgreiningu á loftþrýstingi má orða svo: „þungi þess lofts sem hvílir á öxlum þér“. Í háum loftþrýstingi (þ.e. hæð yfir landinu) hvílir þyngra loft á öxlum þér heldur en þegar loftþrýstingur er lágur. Þegar óveður er í aðsigi er loftþrýstingur fallandi og þá minnkar þunginn á öxlunum að sama skapi og þú lengist lítils háttar. Það er algengt að slíkt kalli fram stoðkerfisverki. Eftir að hafa starfað í 18 ár sem veðurfréttamaður og síðar veðurfræðingur hef ég heyrt margar sögur. Niðurstaða þeirra er að fólk finnur helst fyrir verkjum þegar loftþrýstingur fellur. Þegar loftþrýstingur er hins vegar stöðugur, þó hann sé lágur, virðist líðanin skaplegri. Góða helgi. ■

	Sunnudagur	Mánudagur
Reykjavík	1 °C | 2 °C	6 °C | 9 °C
Ísafjörður	-1 °C | 7 °C	3 °C | 5 °C
Akureyri	0 °C | 2 °C	1 °C | 0 °C
Egilsstaðir	1 °C | 1 °C	4 °C | 4 °C
Kirkjubæjarklaustur	2 °C | 2 °C	6 °C | 11 °C


Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



NÝTT

MagicBAR

0% PLAST*

Skannaðu mig fyrir nánari upplýsingar

ANDLITSHREINSUN Í FÖSTU FORMI

- Vottuð náttúruleg snyrtivara
- Plastlaus, sjálfbær formúla
- Mild hreinsun án þess að þurrka húðina

ECO CERT COSMOS NATURAL · ÁN PLASTS · JAFNVÆGI · 99% NÁTTÚRULEGT





*Formúlan er laus við örplast m.v. skilgreiningu UNEP



Öll helstu mál eru þau sömu en þakið er meira kúpulaga og loftmótstaðan minni, eða 0,26 Cd.

Volkswagen ID.5 kemur í vor

njall@frettabladid.is

Volkswagen frumsýndi um miðja vikuna nýjustu rafrænu afurð sína, VW ID.5 sem er kúpulaga jepplingur. Bíllinn er byggður á sama MEB undirvagni og ID.4 en það þýðir að flestar stærðartölur eru þær sömu, en sportlegri áherslur eru í hönnun hans sem gerir honum kleift að keppa við bíla eins og Kia EV6, sem dæmi.

Bíllinn verður smíðaður í Zwickau í Þýskalandi en þar eru ID.3 og ID.4 einnig smíðaðir. „Við fáum fyrsta bílinn vonandi ef allt gengur upp í janúar, síðan til afhendingar mánaðamótin febrúar-mars," segir Jóhann Ingi Magnússon, vörumerkjastjóri hjá Heklu. „Verðlistinn er í vinnslu og fljótlega förum við að taka við pöntunum," sagði Jóhann og bætti við að verð bílsins yrði klárt á næstu vikum.

Þar sem ID.5 er með minni loftmótstöðu en ID.4 er drægi hans ívið meiri, eða 520 km, en aðeins munar örlitlu. Hægt verður að velja um þrjá rafmótora, grunngerðin verður með 172 hestafla mótor fyrir afturhjól, en einnig er hægt að fá 201 hestafla mótor við afturdrifið líka. GTX útgáfan fær rafmótor við framdrifið líka svo að aflið fer í 295 hestöfl, en drægið fer líka niður í 490 km. Viðbragðið er þó mun betra eða 6,3 sekúndur í hundraðið.

Bílarnir verða með sömu innréttingu og ID.4 sem er sex tommu skjár í mælaborði ásamt 12 tommu skjá í miðjustokki. Farangursrými er líka sex lítrum meira en í ID.4 og fer í 549 lítra. Að lokum kemur hann með nýrri uppfærslu hugbúnaðar sem meðal annars leyfir hraðhleðslu allt að 135 kW í stað 120 kW áður í ID.4. Verður þá hægt að hlaða bílinn í 80% hleðslu á 26 mínútum. ■



Aygo X er stærri bíll en Aygo smábíllinn og með meiri veghæð, enda kemur hann á 17 tommu felgum.

Toyota Aygo X frumsýndur

Toyota frumsýndi á fimmtudaginn nýja gerð Aygo sem kallast einfaldlega X og tekur við af Aygo smábílnum. X-ið er borið fram sem Cross og er það tilvísun í Cross útfærslur Toyota eins og gert hefur verið í Yaris og Corolla.

njall@frettabladid.is

Aygo var bíll sem áður var hannaður í samstarfi við Citroen og Peugeot, en nú er það samstarf fyrir bí. Kemur Aygo X því á smækkaðri útgáfu af TNGA-B undirvagninum sem er undir Yaris. Með því næst fram 125 mm breiðari bíll en áður en hjólhaf hans hefur einnig aukist um 90 mm. Nokkuð augljóst er að veghæðin hefur aukist en bíllinn mun nú einnig koma á 17 tommu felgum sem staðalbúnaði. Aygo X er 3.700 mm langur sem er 235 mm lengra en Aygo var. Það hjálpar til dæmis við að stækka farangursrýmið sem nú er orðið 231 lítri.

Vélin í Aygo X verður eins lítra bensínvél sem skilar 71 hestafli og 93 Nm togi. Sex gíra beinskipting verður staðalbúnaður en einnig verður hægt að fá hann með CVT sjálfskiptingu. Engar áætlanir eru um að koma með tvinnútgáfu af Aygo eins og er, þrátt fyrir að TNGA-B undirvagninn leyfi það í Yaris. Sá búnaður tekur pláss sem ekki er auðvelt að finna í smábíl sem þessum. Innan í bílnum verður 7 til 9 tommu upplýsingaskjár eftir hvaða útgáfa er í boði. Allar útgáfur verða með Apple CarPlay og Android Auto. Einnig verður Toyota Safety Sense árekstravörnin staðalbúnaður. Toyota Aygo X verður aðeins seldur í Evrópu og verður því framleiddur í Tékklandi þar sem Aygo, C1 og 108 bílarnir voru framleiddir. Áætlað er að bíllinn fari í sölu næsta vor og verð hans mun að öllum líkindum hækka eitthvað frá fyrri gerðum. ■



Allt að níu tommu upplýsingaskjár er í miðjustokki sem getur tengst öllum gerðum snjallsíma. MYNDIR/TOYOTA



Toyota Aygo X er 50 mm hærri en áður sem hækkar stöðu farþega um 55 mm ásamt því að farangursrýmið fer í 231 lítra.

Nýr Aygo X er bæði 125 mm breiðari og með 90 mm lengri hjólhafi en áður en bíllinn sjálfur er 235 mm lengri.

Gott úrval notaðra bíla



SsangYong Rexton Hlx '18, sjálfskiptur, ekinn 94 þús.km. **Verð:** 5.290.000 kr.



Opel Ampera-e Premium '19, sjálfskiptur, ekinn 19 þús. km. **Verð:** 4.490.000 kr.



SsangYong Tivoli Dlx '18, sjálfskiptur, ekinn 64 þús. km. **Verð:** 2.850.000 kr.



SsangYong Tivoli Xlv Hlx '18, sjálfskiptur, ekinn 60 þús. km. **Verð:** 3.490.000 kr.

Meira úrval á **notadir.benni.is**



Bílabúð Benna | Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna Notaðir bílar

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Krakkar um víða VERÖLD



UPPLIFÐU HEIMINN Í SKEMMTILEGU SPILI

Við erum öll jöfn en þó oft á tíðum mjög ólík hvert öðru. Í þessu spili gefst börnum kostur á að læra um framandi heimshluta og mismunandi menningu ólíkra þjóða. Þetta skemmtilega og fræðandi spil er vel til þess fallið að svala meðfæddri forvitni barnanna.



Lærdómsrík skemmtun

Trönuhraun 1 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 534 0400 • www.myndform.is

MYNDFORM



Söguefnið réð ferðalaginu

Sigurverkið er nýjasta skáldsaga Arnaldar Indriðasonar, söguleg skáldsaga sem gerist á Vestfjörðum og í Kaupmannahöfn á 18. öld.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Arnaldur er gríðarlega vinsæll glæpasagnahöfundur, með dyggan aðdáendahóp, og hefur sent frá sér eina glæpasögu á ári í fjöldamörg ár. Hann er spurður hvort hann sé ekki að taka vissa áhættu með þessari nýju bók.

„Sjálfsagt er maður að taka einhverja áhættu, ég hef bara ekki mikið pælt í því," segir hann. „Þetta söguefni kom til mín mjög skyndilega og ég afréð að láta reyna á að skrifa upp úr því sögulega skáldsögu. Þótt tímabilið sem ég skrifa um og söguefnið sé frábrugðið öðrum bókum mínum hef ég alltaf reynt að senda frá mér sæmilegar bókmenntir og ég hef tekist á við margt af því sem Sigurverkið fjallar um í mínum glæpasögum. Þannig að stökkið fyrir mig var ekki svo stórt. Það eru margir aðrir en ég sjálfur hissa á þessum vendingum."

Sagnfræði og skáldskapur

Aðalpersóna bókarinnar er Jón Sívertsen úrsmiður sem segir Dankonungi, Kristjáni VII, dapurlega örlagasögu föður síns, Sigurðar, og ráðskonu hans, Guðrúnar, sem voru tekin af lífi. Þess má geta að minnisvarði um Guðrúnu er við Mikladalsá við Patreksfjörð þar sem henni var drekkt.

„Ég rakst á nafn Jóns Sívertsens úrsmiðs í Kaupmannahöfn í Árbók Ferðafélags Íslands síðasta sumar og þekkti það frá Birni Th. Björnssyni þar sem hann skrifaði um Íslendinga í Kaupmannahöfn. Í Árbókinni sá ég að Jón tengdist ákveðnu dómsmáli frá miðri átjándu öld vestur við Breiðafjörð þannig að það var fyrst og fremst söguefnið sem réð þessu ferðalagi. Hann hefur að líkindum gert við þessa glæsiklukku sem er í forgrunni sögunnar þótt hann hafi sennilega aldrei stigið fæti inn í Kristjánsborgarhöll."

Arnaldur segist hafa þurft að leggja í töluverða rannsóknarvinnu vegna bókarinnar. „Ég er ekki óvanur henni í mínum störfum sem rithöfundur auk þess sem ég er með próf í sagnfræði svo að það er bara mjög skemmtilegur hluti af vinnunni. Það er heilmikil sagnfræði í Sigurverkinu en fyrst og fremst er bókin auðvitað skáldskapur og fyrir galdur skáldskaparins var sérstaklega gaman að geta hoppað frá glæsihöllum og strætum Kaupmannahafnar og vestur í Breiðafjörð og svæðið þar í kring með bókstaflega einu pennastriki."

> Fyrir galdur skáldskaparins var sérstaklega gaman að geta hoppað frá glæsihöllum og strætum Kaupmannahafnar og vestur í Breiðafjörð og svæðið þar í kring með bókstaflega einu pennastriki.

Læsilegur texti

Í Sigurverkinu stíga fram sögulegar persónur, eins og konungurinn og Eggert Ólafsson, skáld og náttúrufræðingur. „Þegar maður skrifar um slíkar sögulegar persónur fer maður á stúfana og kynnir sér hverjar þær voru og hvernig þær lifðu og hugsuðu og reynir að nýta sér það en það má ekki vera þvingað eða ofhlaðið í textanum. Einhver mikil þekkingaratriði mega ekki skyggja á dramatíska byggingu. Maður notar ekki nema lítinn hluta af sögu þeirra í svona skáldverki og auðvitað aðeins það sem hentar ramma sögunnar. Í tilviki kóngsins fannst mér áhugavert samband hans og líflæknis hans, Johanns Struensee. Í tilfelli Eggerts vildi ég laða fram upplýsingamanninn sem var langt á undan öðrum hér í allri veraldlegri hugsun," segir Arnaldur.

Bókin er afar læsileg og þar fyrnir Arnaldur málið ekki svo mjög, eins og kannski hefði verið freistandi. „Ég leitast við að fyrna málið upp að vissu marki en forðast í leiðinni að hafa það of stirðbusalegt eða tilgerðarlegt. Ég vildi búa til læsilegan texta sem hefði skírskotun í fortíðina og næði því andrúmslofti sem við kannski teljum að eigi við um þessa tíma og gera það með þeim hætti að textinn rynni vel og væri auðskilinn."

Ofbeldi vandmeðfarið

Sigurverkið er saga um skelfilega atburði og þar er frásögn af aftöku sem hlýtur að taka á lesendur. Arnaldur er spurður hvort einhverjir kaflar hafi tekið á hann þegar hann var að skrifa þá.

„Vissulega, en ég reyni líka að létta andrúmsloftið, sérstaklega með lýsingu á samskiptum úrsmiðsins og kóngsins í Kristjánsborgarhöll," segir hann. „Suma kafla var erfitt að skrifa og þeir þurftu mikla yfirlegu vegna þess að ofbeldi er vandmeðfarið í skáldskap. Þetta átti sérstaklega við um aftöku Guðrúnar Valdadóttur. Það voru tveir kaflar sem var mjög erfitt að setja frá sér en ég vildi vera trúr munnmælunum og því sem haldið var að gerst hefði þann dag og þá er engrar undankomu auðið. Að öðru leytinu var gaman að skrifa margt í þessari sögu og sérstaklega sumt af því sem gerist í Kaupmannahöfn."

Í glæpasögum Arnaldar hefur alltaf mátt greina sterka samúð með einstaklingum sem eru beittir ofbeldi og andúð á þeim sem taka sér vald yfir öðrum. Spurður hvort þetta sé ekki einnig afar áberandi í þessari sögu segir Arnaldur: „Bækur mínar snúast oft um valdaleysi þolandans og langtímaáhrifin sem gerandinn hefur á hann. Ég vona að í þeim sé víða að finna samúð með þeim sem brotið er á og eiga um sárt að binda og fá ef til vill ekki réttlætinu fullnægt en þurfa að búa við afleiðingar ofbeldis og kúgunar og óréttlætis. Ég vona að Sigurverkið varpi ljósi á óréttlætið í sinni verstu mynd."


Áfram með Konráð

Á hann von á því að eiga eftir að skrifa fleiri skáldsögur sem eru ekki glæpasögur? „Ég er ekki með neinar slíkar bækur í undirbúningi," segir hann. „Núna held ég áfram að segja sögu Konráðs, lögreglumannsins í síðustu bókum mínum. Ég á enn eftir að gera nákvæmari grein fyrir þeim málum sem hann hefur haft í sigtinu að undanförnu og ég á enn eftir að átta mig á persónunni til fulls, svo það er næst á dagskrá. Það er þó aldrei að vita hvað gerist ef reka á fjörur manns karakterar í líkingu við úrsmiðinn og kónginn." ■


Það eru margir aðrir en ég sjálfur hissa á þessum vendingum, segir Arnaldur.


FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


VINSÆLUSTU BÆKURNAR


















Bækur af öllum stærðum og gerðum

Kynntu þér úrvalið á forlagid.is

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | **www.forlagid.is**

Heillandi heimur að vinna úr



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is


Sextíu kíló af kjaftshöggum, ný skáldsaga Hallgríms Helgasonar, er framhald af bók hans Sextíu kíló af sólskini sem fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin á sínum tíma.

Þessi nýja bók spannar árin 1903 til 1918. Aðalpersónan, Gestur Eilífsson, er átján ára í byrjun bókar og þrítugur í lokin. „Þessi ár voru ævintýralegur tími í sögu landsins, allt var hægt og allt að gerast, og ekkert þurfti að fara í gegnum Reykjavík," segir Hallgrímur. „Þetta er áfram saga af fátæku fólki sem er að berjast fyrir sig og sína. Gestur er orðinn fyrirvinna fimm manna heimilis. Hann eygir hins vegar tækifæri þegar hinir glæsilegu Eviger-bræður vilja kaupa gömlu jörðina þeirra, þá sem eyddist í snjóflóði. Fósturfaðir Gests, Lási gamli, vill hins vegar alls ekki selja. „Maður selur ekki ógæfu sína." Þarna takast á fortíðin og framtíðin.

Í þessari bók er líka nokkuð um ástir og kynlíf, því nú er Gestur kominn á sokkabandsaldurinn, og líka slagsmál, eins og titillinn gefur til kynna, því á þessum árum, hinum svokallaða Norðmannatíma, ríkti sannkallað villtavestursástand á Siglufirði. Bærinn byggðist með hraða gullgrafarabæjanna í Kaliforníu og sumrin voru nánast ein samfelld útihátíð. Þótt bærinn teldi aðeins 50 hús voru þarna 23 leyniknæpur, jafnvel á sjálfum bannárunum. Og einn löggæslumaður átti að halda aga á 3.000 norskum sjómönnum og jafnmörgum innlendum piltum og stúlkum. Mér fannst þetta heillandi heimur að vinna úr og niðurstaðan varð sú að fyrir Norðmönnum var Segulfjörður eins konar suðurhafseyja í norðurhöfum, slarkaraparadís. Aloha Seglo!"

Kynni við dauðann

Vinnsla bókarinnar kostaði mikla heimildavinnu. Hallgrímur er spurður á hvaða hátt heimildavinnan skili sér í verkinu. „Hún skilar sér alltaf. Í stóru og smáu. Ein örsmá klausa í dagblaði frá 1911 getur gefið 3-4 kafla. Ég verð hins vegar alltaf að passa mig að grúska ekki um of, bara passlega mikið, því mér hættir til að setja allt sem ég kem augum yfir inn í textann með einhverjum hætti. Í Seoul 2010 hitti ég Min Jin Lee sem skrifaði síðar Pachinko, hún sagðist hafa verið í strangri heimildavinnu í sex ár og það með einni aðstoðarmanneskju! Þetta gæti ég sjálfsagt aldrei."



Hver skrifuð lína á að mynda möskva í þá síldarnót sem sagan skal vera, segir Hallgrímur. MYND/SAGA SIG

Dauðinn er nánast eins og leiðarstef í byrjun bókar og í raunveruleikanum hefur Hallgrímur komist í kynni við dauðann. „Það er rétt, dauðinn hefur danglað í okkur undanfarið. Haustið 2015 fæddi dóttir mín andvana barn, þá dó faðir minn fyrir ári síðan og amma barnanna minna bara fyrir nokkrum dögum. Ég er með heila sýningu í Safnaðarheimili Neskirkju núna sem fjallar öll um dauðann. Svo rekst maður á eina setningu í gamalli frásögn, um barnaveikina í Ólafsfirði, sem geisaði akkúrat árið sem Gestur fer þar um, og þá er maður allt í einu farinn að skrifa um sóttkví, sóttvarnir og barnslík, og það áður en Covid skall á. En þá gat ég gripið til reynslu minnar; ég hafði séð kornabarn með svartar varir. Þú sérð ekkert verra en það."

Skepna með beisli

Blaðamaður hefur orð á að texti Hallgríms virðist ótaminn. „Ég vil nú meina að skepnan sé með beisli," segir hann og bætir við: „En það verður að vera líf í textanum, maður verður að hleypa gandinum á skeið, en gæta þess þó að girða gandreiðina af, sérhver kafli má aldrei verða of langur og skal lúta heildinni. Hver skrifuð lína á að mynda möskva í þá síldarnót sem sagan skal vera."



Úr jólaljóðabók Hallgríms og Ránar Flygenring.

Sextíu kíló af kjaftshöggum er ekki eina bók Hallgríms fyrir þessi jól. Hann sendir einnig frá sér jólaljóðabókina Koma jól? þar sem hann kveðst á við fræga bók Jóhannesar úr Kötlum, Jólin koma. Rán Flygenring gerir myndir bókarinnar.

Af hverju að kveðast á við jól Jóhannesar úr Kötlum? „Þetta kom yfir mig þegar ég var veðurtepptur með honum Dodda trommara á Sigló fyrir síðustu jól. Að kvengera jólasveinana og enduryrkja Jólaköttinn. Grýlukvæði átti ég svo til.

Ég er ekki einn um að hafa fengið þessa hugmynd en hún greip mig algerum heljartökum og þetta var skemmtileg áskorun, að búa til 13 nýja jólasveina sem allir eru kvenkyns, jólasystur og Grýludætur. Þær þurftu að vera nýstárlegar og fordildarlegar í senn, með dassi af femínisma. Verkefnið var að prjóna frjálst við þjóðtrúna, uppfæra hana til nýrra tíma. Úr varð þetta persónugallerí: Bjalla, Grýlurós, Litla ljós, Fantasía, Stelpustoð, Töskubuska, Bokka, Tertuglöð, Fiturönd, Augasteinastara, Áttavillt, Svangatöng og Kortasnákja sem Rán Flygenring gerir svo skil í sínum geggjuðu dúkristum.

Síðan bætti ég við nokkrum strang-einlægum jólakvæðum þar sem ég lá þarna í heita pottinum við Hótel Sigló eins og hver annar Jóhannes í sínum Kötlum."■

> En það verður að vera líf í textanum, maður verður að hleypa gandinum á skeið, en gæta þess þó að girða gandreiðina af.

Organisti/Tónlistarstjóri óskast

Söknarnefndir Brautarholts – og Reynivallasókna Kjalarnessprófastsdæmi auglýsa eftir organista/tónlistarstjóra í 30% fasta stöðu við Reynivallaprestakall frá 1. janúar 2022.

Leitað er eftir einstaklingi sem:
- Hefur metnað fyrir tónlistaþætti helgihaldsins.
- Hefur áhuga á að viðhalda og efla enn frekar öflugan kirkjukór.
- Er tilbúinn í gott samstarf við söknarprest prestakallsins.

Laun samkv. kjarasamningi organista hjá FÍH og launanefndar Þjóðkirkjunnar.

Umsóknir skulu sendar rafrænt til bjorn@brautarholt.is
Umsóknarfrestur er til 1. desember n.k.

Allar upplýsingar um starfið gefa:
